


skoðun 18

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Lífið








Útgáfuteiti aldarinn
Fögnum Sögu dægurtónlistar á Íslandi eftir Dr. Gunna.
Bókabúð Máls & menningar, Laug
Föstudaginn 2. nóv. kl. 18:00.
Veitingar! Stuðrantur á tilboð
7 landsþekktir leynigestir!
www.sogurutgafa.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
2. nóvember 2012
258. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




**Þéttskipaðir staðir**
*Fyrsta Airwaves-kvöldið fór vel af stað í vonda veðrinu.*
**airwaves** 38 og 40

**Heldur einbeitingu**
*Leiðangur Vilborgar Örnu Gissurardóttur á suðurpólinn hefst í dag.*
**tímamót** 26



**Stólum á Íslendingana**
*KR-ingar hafa ekki áhyggjur af slæmri byrjun á tímabilinu.*
**sport** 42

**veðrið í dag**




**STORMUR** eða hvassviðri víða um land. Snjókoma norðan- og austanlands en úrkomulítið suðvestan til. Hiti um frostmark eða vægt frost.
VEÐUR 4

# Tilraunir til sjálfsvígs skráðar fjórfalt fleiri

**Um 500 manns komu á Landspítalann árið 2010 eftir tilraun til sjálfsvígs. Fyrri tölur gætu mögulega verið vanmetnar, segir framkvæmdastjóri geðsviðs.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Árlega koma um fimm hundruð einstaklingar inn á Landspítala eftir að hafa reynt að fremja sjálfsvíg. Þar af enda um 30 einstaklingar á gjörgæslu spítalans eftir sjálfsvígstilraun.

Meirihluti fólksins er konur, um 65 prósent. Árið 2010 komu 320 konur á spítalann eftir að hafa reynt sjálfsvíg og 180 karlar. Þetta er mikil fjölgun síðan árið 2007, þegar tilraunir voru alls um 120; 70 konur og 50 karlar. Taka skal fram að þessar tölur eiga einungis við fjölda fólks sem fer til Landspítalans eftir að hafa reynt sjálfsvíg. Allar tölur vantar fyrir fólk sem leitar til annarra heilbrigðisstofnana eða fær enga hjálp.

„Þetta er mikil fjölgun,“ segir Páll Matthíasson, framkvæmdastjóri geðsviðs LSH. Hann bendir þó á að líklegast hafi verið um að ræða vanmat á fyrri tölum, þar sem eiginlegum sjálfsvígum hafi ekki fjölgað að sama skapi.

Talið er að meðalfjöldi sjálfsvíga hér á landi á ársgrundvelli sé á bilinu 30 til 35, en sú tala hefur haldist nokkuð stöðug undanfarinn áratug.

Farið var í að skoða þessi atriði sérstaklega eftir efnahagshrunið til að greina hvort einhver breyting yrði á. Páll segir fjölgun hafa orðið á ýmsum sviðum, en þó ekki öllum.

„Þegar við förum að skoða þetta sérstaklega sáum við fjölgun á komum á bráðamóttöku geðsviðs vegna sjálfsvígstilrauna, en einnig örlitla aukningu á almennri bráðaþjónustu fyrstu vikuna eftir hrun,“ segir hann. „En það hefur engin breyting orðið á hamingjumælikvarða og engin breyting á sjálfsvígstíðni.“

Páll segir það benda til þess að fyrri tölur hafi mögulega verið vanmetnar, þar sem tilraunir til sjálfsvíga takist alltaf í einhverjum tilvikum.

„Ef þeim fjölgar ætti sjálfsvígum að fjölga. En það varð þó engin breyting þar á, sem þýðir sennilega skekkju í tölum þar sem við byrjuðum að beina sjónum okkar sérstaklega að þessu atriði.“ - sv



**NEYÐARKALL** Forsetahjónin Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff lögðu Slysavarnarfélaginu Landsbjörg lið í Smáralind í gær og seldu Neyðarkallinn ásamt sjálfboðaliðum Landsbjargar. Neyðarkallinn er seldur á fjölförnum stöðum um allt land um helgina til styrktar björgunarsveitum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Útboð Eimskips rannsakað:

## Greindi VR frá niðurfellingu kauprétta

**VIÐSKIPTI** **Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips, sagði Stefáni Einari Stefánssyni, formanni VR, að til stæði að falla frá kaupréttum stjórnenda félagsins áður en fagfjárfestaútboði lauk á fimmtudag í síðustu viku. Stefán Einar sagði Helga Magnússyni, stjórnarformanni Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, frá málinu í kjölfarið.**



GYLFI SIGFÚSSON

**Fjármálaeftirlitið rannsakar hvort allir hafi setið við sama borð í lokuðu hlutafjárútboði til fagfjárfesta á 20 prósenta hlut í Eimskip sem lauk klukkan tvö síðastliðinn fimmtudag.**

**Umfangsmiklir kaupréttir stjórnenda Eimskips urðu til þess að nokkrir af stærstu lífeyrissjóðum landsins ákváðu að taka ekki þátt í útboðinu.** - þsj / sjá síðu 10

Milljarðavelta stórmynda:

## Keyptu 25 þúsund gistinætur

**VIÐSKIPTI** Heildarvelta vegna fjögurra stórra kvikmyndaverkefna sem tekin voru upp á Íslandi í sumar nam ríflega fjórum milljörðum króna.

Launatekjur íslenskra starfsmanna námu ríflega milljarði króna. Gistinætur á hótelum landsins vegna verkefnanna voru um 25 þúsund talsins. Það er til marks um umfang verkefnanna að 75 til 120 bílaleigubílar voru leigðir fyrir hvert þeirra og 25 til 45 trukkar.

Verkefnin eru talin hafa ýmis önnur jákvæð áhrif; þau laði hingað ferðamenn auk þess sem verkefni utan háannatímans í ferðaþjónustu stuðli að betri nýtingu hjá fyrirtækjum. - mþl / sjá síðu 6

Öryrkjabandalagið segir „Pinnið á minnið“ brjóta á réttindum fatlaðra:

## Fatlaðir gagnrýna „Pinnið á minnið“

**SAMFÉLAGSMÁL** „Við erum mjög gagnrýnin á breytingarnar. Þær eru fyrir neðan allar hellur,“ segir Guðmundur Magnússon, formaður Öryrkjabandalags Íslands, um komandi greiðslufyrirkomulag í verslunum landsins, sem er betur þekkt sem „Pinnið á minnið“.

„Það er svo margt sem getur komið í veg fyrir að fólk geti munað pinnin og stimplað þau inn. Það er verið að brjóta á rétti fatlaðra þar sem ekki er verið að gera ráð fyrir fjölbreyttu mannlífi.“

> Við erum mjög gagnrýnin á breytingarnar. Þær eru fyrir neðan allar hellur.
>
> GUÐMUNDUR MAGNÚSSON
> FORMAÐUR ÖRYRKJABANDALAGSINS

Stjórn verkefnisins Pinnið á minnið segir fyrirtæki þurfa að tryggja aðgengi fatlaðra að posunum, til dæmis með þeim hætti að manneskja í hjólastól geti fengið posann til sín og staðfest greiðslu.

Þá hafi sú leið verið farin í Bretlandi fyrir þann hóp sem ekki getur lagt tölurnar á minnið að fólk geti sótt um kort þar sem örgjörvinn er lesinn en korthafi fær áfram að staðfesta með undirskrift. - sv / sjá síðu 4


Vistum 8mm filmur, myndbönd, slides og ljósmyndir á netinu



Ókeypis vistun í 1 mánuði!
Yfirfærslur á minnislykil eða DVD með 20% afsl.
Tilboðin gilda til 8. nóvember



GAGNVIRKNI
www.gagnvirkni.is - 5174511
Hamraborg 1, Kópavogi

Við kaupum gull og silfur.
Radisson Blu 1919 Hotel
Posthusstraeti 2, Reykjavik
Þri. 30/10 kl 11-18
mið. 31/10 kl 11-18
fim. 1/11 kl 11-18
föst. 2/11 kl 11-18
komdu á GullAdam og þú færð ókeypis mat á gömlu skartgripunum þínum. Einungis þarf að koma með skilríki til að geta fengið borgað í reiðufé.
GullAdam
Við kaupum allar gerðir af gulli og silfur!





HREINGERNINGAR
- Iðnaðarþrif
- Bónvinna
- Parkethreinsun
- Steinteppaþrif

Sími: 5 800 600
www.iss.is
ISS

## SPURNING DAGSINS



*Örn, ætlarðu að fá svansbúninginn hennar Bjarkar lánaðan fyrir giggið?*

„Já, pottþétt. Svo höldum við kannski aukatónleika á Álftanesi.“

Örn Elías Guðmundsson, Mugison, hljóp í skarðið fyrir hljómsveitina Swans á Iceland Airwaves í gær.

Rannsóknafyrirtækið Laxfiskar nýtir byltingarkennda tækni til að rannsaka lífsferil þorska við Ísland:

# Nota gervitunglamerki til þorskrannsókna

**RANNSÓKNIR** Rannsóknafyrirtækið Laxfiskar og samstarfsaðilar hafa tekið í notkun nýja tækni sem gerir kleift að fylgjast með ferðum þorska við Ísland. Tæknin byggir á fiskmerkjum sem senda upplýsingar um ferðir fiskanna um gervitungl. Þannig fást gögn um hegðun og umhverfi fiskanna án þess að endurveiða fiskana, sem er nýjung í þorskrannsóknum. Slík gögn gefa meðal annars nýjar hagnýtar upplýsingar um þorskinn þegar hann dvelur utan veiðislóðar.

Jóhannes Sturlaugsson hjá Laxfiskum segir að merkin séu á ýmsan hátt sambærileg þeim sem notuð hafa verið til hvalarannsókna, en gögnin frá gervitunglafiskmerkjunum skila sér hins vegar á þann hátt að merkin losa sig af fiskunum á fyrir fram ákveðnum tíma og fljóta upp í yfirborð þar sem þau geta fyrst náð sambandi við gervitungl ARGOS-gervitunglakerfisins. Um gervitungl berast þannig mæligögn yfir fiskdýpi á farleiðinni hverju sinni, sem og sjávarhita og birtumagn.

Fyrstu niðurstöður rannsókna sem hófust í vor lofa góðu. „Vænir hrygningarfiskar sem merktir voru í Faxaflóa hafa meðal annars komið fram bæði sunnan við land og norðan, allt að 600 kílómetrum frá merkingarstaðnum,“ segir Jóhannes.

Laxfiskar kynna rannsóknina á þorskinum, ásamt öðrum rannsóknum, á opnum fundi á þriðjudaginn kemur í Víkinni – Sjóminjasafninu, Grandagarði. - shá



**GOLÞORSKUR Í MERKINGU** Jóhannes og Erlendur Geirdal við merkingar á þorski sem hafa skilað áhugaverðum niðurstöðum. MYND/LAXFISKAR

# Hnetum úthýst úr skólum Reykjavíkur

**Fimm grunnskólar í Reykjavík eru hnetufríir vegna bráðaofnæmis skólabarna. Nemendur í skólunum eiga ekki að koma með nesti í skólann sem inniheldur hnetur eða er unnið úr hnetum. Bráðaofnæmi fyrir hnetum verður æ algengara.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Í Fossvogsskóla eru fimm börn með bráðaofnæmi fyrir hnetum. Þar hefur sú stefna verið innleidd að foreldrar barna í skólanum sendi þau ekki í skólann með nesti sem inniheldur hnetur.

„Börnin eru voða dugleg að koma með ávexti í nesti. Það var hins vegar eitt og eitt barn sem kom með eitthvað sem innihélt hnetur og því sendum við út ábendingu um að því ætti helst að sleppa,“ segir María Skaftadóttir, hjúkrunarfræðingur. Hún er verkefnisstjóri yfir heilsugæslu í Réttarholtsskóla, Breiðagerðisskóla, Hvassaleitisskóla og Fossvogsskóla.

„Við byrjuðum á þessu í fyrra því það eru óvenju mörg börn með hnetuofnæmi í skólanum núna og þeim fer alltaf fjölgandi,“ segir María.

„Þetta hefur ekki verið vandamál en það þarf að passa vel upp á þetta. Hnetur leynast í mjög mörgu þótt það sé ekki uppgefið á umbúðum,“ segir María. „Við vinnum náttúrlega að forvörnum og fræðslu líka. Við bíðum ekki bara eftir að einhver slasist.“

Markmiðið með því að gera skólana hnetufría er að skapa öruggt umhverfi fyrir alla nemendur. María segir foreldra barna í skólunum hafa tekið vel í þetta verkefni og segir þá skilningsríka.

„Við Björg Cortes erum tveir hjúkrunarfræðingar með þessa fjóra skóla og höfum verið að vinna að þessum hnetufríu skólum. Þetta er mikið rætt meðal okkar skólahjúkrunarfræðinga en ég held að flestir skólar taki þessa stefnu upp,“ segir María. Ísaksskóli er einnig „hnetufrír“ skóli.

birgirh@frettabladid.is



**HNETUSMJÖR** Allar þær matvörur sem innihalda hnetur geta verið hættulegar þeim sem hafa bráðaofnæmi fyrir hnetum.

### Fyrst af öllu hringt í Neyðarlínuna

Þeir sem hafa bráðaofnæmi fyrir hnetum mega helst ekki komast í tæri við hnetur eða nokkur matvæli sem innihalda hnetur. Hnetusmjör, hnetujógúrt og ýmsar brauðtegundir innihalda til dæmis hnetur. „Þeir sem eru með bráðaofnæmi fyrir hnetum eru svo viðkvæmir fyrir þeim að það eitt að borða matvæli frá einhverjum sem er nýbúinn að handleika hnetur getur kallað fram einkenni,“ segir María.

Um viðbrögð við bráðaofnæmiseinkennum segir María það einfaldlega mjög gott að vita hvort einhver sé með bráðaofnæmi. Þá sé maður fljótari að átta sig á einkennunum. „Óþægindi í öndunarvegi eru það sem maður er hræddur við. Fyrstu einkennin sem krakkarnir segja sjálfir frá eru pirringur í öndunarveginum, í tungunni eða í vörunum.“

Einkenni bráðaofnæmisins eru að einstaklingurinn bólgnar upp og bólgan getur lokað öndunarveginum.

„Fólk er hvatt til að nota adrenalínsprautuna fyrr en seinna. Ég hef verið að hvetja starfsfólkið í skólunum til að nota sprautuna frekar en að sleppa því.“

Í hvert skipti sem svona tilfelli kemur upp er hringt í Neyðarlínuna, 112. „Það fyrsta sem maður gerir er náttúrlega að hringja í 112,“ segir María.

Fólk gæti tapað ævisparnaði:

# Eir skuldar átta milljarða króna

**FÉLAGSMÁL Hjúkrunarheimilið Eir er í miklum rekstrarvanda en unnið er hörðum höndum að því að leysa vanda félagsins. Félagið skuldar um átta milljarða en laust fé er nánast uppurið. Af átta milljörðum skuldar Eir sex milljarða til lánardrottna, Íbúðalánasjóðs og lífeyrissjóða en um tvo milljarða til eldri borgaranna sem búa í öryggisíbúðunum sem félagið rekur. Ævisparnaður margra íbúa gæti glatast, færi félagið í þrot.**

**Eir er sjálfseignarstofnun en meðal stofnaðila Reykjavíkurborg, Seltjarnarnes, stéttarfélög og lífeyrissjóðir.**

**Eir rekur meðal annars 173 hjúkrunarrými og 206 öryggisíbúðir fyrir aldraða. - aó**



**NÝR IPAD** Minni útgáfan er 5 sentímetrum minni en iPad af venjulegri stærð. NORDICPHOTOS/AFP

Sala hefst um heim allan:

# Apple hefur sölu á iPad mini

**TÆKNI** Bandaríski tölvurisinn Apple hefur sölu á nýjum útgáfum af iPad-spjaldtölvunum um heim allan í dag. Íslenskar verslanir hefja einnig sölu á tölvunum í dag.

Tim Cook, forstjóri Apple, kynnti nýju spjaldtölvurnar á þriðjudag í síðustu viku. Bæði er um uppfærslu á þriðju kynslóð af iPad að ræða og minni útgáfu af tölvunni.

Áhrifa Steve Jobs á vörur fyrirtækisins gætir í æ minni mæli. Ný framleiðslutæki eru notuð í vörur Apple og breytingar á yfirstjórn hönnunardeilda á miðvikudag gætu haft mikil áhrif á notendaviðmót Apple-tækja framtíðarinnar. - bþh

Varaforsætisráðherra Íraks:

# Dæmdur öðru sinni til dauða

**ÍRAKS, AP Dómstóll í Írak hefur kveðið upp dauðadóm yfir Tarik al Hashemi, varaforseta landsins, fyrir að hafa reynt að fá lífverði til að myrða háttsettan embættismann.**

**Þetta er í annað sinn á tæpum tveimur mánuðum sem dauðadómur er kveðinn upp yfir Hashemi, en hann flúði til Tyrklands í lok síðasta árs.**

**Hann segist saklaus af ákærunum. - gb**

Ekkert ferðaveður á landinu:

# Varað við stormi víða um land

**VEÐUR** Veðurstofa Íslands varar við norðanstormi víða um land í dag. Vindhraði gæti mælst meiri en 20 metrar á sekúndu og sums staðar, sérstaklega á sunnanverðu landinu, gætu vindhviður náð 55 metrum á sekúndu.

Þá má búast við nokkurri úrkomu um land allt í formi snjóa og hiti fer víðast undir frostmark. Fólki er ráðið frá miklum ferðalögum enda færð á vegum afar léleg. Í gærkvöldi voru hálkublettir og þæfingsfærð víða á vegum. Ófært er á hálendinu. Ekki er gert ráð fyrir að veðrið gangi niður fyrr en á morgun eða á sunnudag. - bþh

## SAMFÉLAGSMÁL

### Dagur gegn einelti

Baráttudagur gegn einelti hér á landi verður haldinn 8. nóvember. Í tilkynningu frá menntamálaráðuneytinu er þjóðin hvött til að standa saman gegn einelti, ekki síst í skólum og á vinnustöðum. Allir eru hvattir til að leggja sitt af mörkum til að einelti fái ekki þrifist.

**Félagar í Geðhjálp athugið:**
Geðhjálp auglýsir félagsfund
þann 3. nóvember kl. 14–16.

Efni fundarins er:

- Kynning á nýjum framkvæmdastjóra félagsins.
- Kynning á verkefnum félagsins á árinu og þeim verkefnum sem liggja fyrir.
- Kynning á framkvæmdum og afkomu.
- Opnar umræður og skoðanaskipti.

GEÐHJÁLP

Fréttablaðið efnir til verðlaunasamkeppni um bestu frumsömdu jólasöguna:

# Jólasagan birtist á aðfangadag

**SAMKEPPNI** Fréttablaðið efnir til verðlaunasamkeppni um bestu frumsömdu jólasöguna í ár. Verðlaunasagan birtist í Fréttablaðinu á aðfangadag, myndskreytt af Halldóri Baldurssyni teiknara.

Samkeppnin er öllum opin. Einu skilyrðin eru þau að sagan fjalli um jólin eða fangi anda jólanna með einum eða öðrum hætti. Lengdarmörk eru 1.000 til 1.300 orð (um það bil 5.500 til 7.000 slög með bilum) en að öðru leyti eru efnistök frjáls.

Verðlaun verða veitt fyrir þrjár bestu sögurnar að mati dómnefndar, sem Fréttablaðið skipar. Í fyrstu verðlaun eru Intel Pentium-fartölva frá Toshiba, auk þess sem sagan birtist í blaðinu. Verðlaun fyrir annað og þriðja sæti eru spjaldtölvur af gerðinni United. Sigurlaunin eru frá Tölvulistanum.

„Þetta er hugmynd sem okkur langaði til að prófa og ef vel tekst til gæti hún orðið að árlegri hefð,“ segir Steinunn Stefánsdóttir, aðstoðarritstjóri Fréttablaðsins. Hún hvetur áhugasama höfunda, reynda sem óreynda, til að senda inn sögur og gefa hugmyndafluginu lausan tauminn. „Andi jólanna er víðfeðmt hugtak. Skemmtilegustu sögurnar eru oft þær sem koma manni svolítið á óvart.“



**JÓLIN NÁLGAST** Auk þess að fá sögu sína birta í Fréttablaðinu á aðfangadag, myndskreytta af Halldóri Baldurssyni teiknara, hlýtur sigurvegari jólasögukeppninnar fartölvu í verðlaun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Texta skal senda í Word-skjali (eða á sambærilegu formi) á netfangið jolasaga@frettabladid.is ásamt nafni höfundar, netfangi og símanúmeri. Starfsmaður Fréttablaðsins tekur á móti sögunum og sendir þær nafnlausar áfram til dómnefndar. Skilafrestur er til 5. desember. - bs

# FRÁBÆR TILBOÐ
## Í RÚMFATALAGERNUM!

GILDIR 02.11 - 04.11



SPARIÐ 50.000

TUNGUSÓFI

FULLT VERÐ: 189.950

**139.950**

**BILLUND TUNGUSÓFI**
Efni: PELLISIMA leður.
Litur: Svartur.
Stærð: B300 x D85 x H86 sm. Tunga 175 sm.

VALITOR KORTALÁN VISA
ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR



40 SM. STRÝTA 25% AFSLÁTTUR

**LJÓSASTRÝTUR**
Frábær verð!
3 stærðir:
Hæð: 40 sm. **1.995**
nú 1.495
Hæð: 60 sm. **2.495**
Hæð: 90 sm. **4.495**

40 SM. FULLT VERÐ: 1.995

**1.495**

**WELLPUR HEILSUKODDI**
Frábær heilsukoddi með sérhönnuðum svampi sem hefur þrýstijafnandi eiginleika. Koddinn styður vel við háls og hnakka og stuðlar að þægilegum og góðum nætursvefni. Þessi útgáfa af WELLPUR heilsukodda er afrakstur margra ára þróunar.



SPARIÐ 2.000

WellPur

FULLT VERÐ: 4.995

**2.995**

Price Star



SÆNG + KODDI

SÆNG + KODDI

**5.995**

**BERGEN SÆNG OG KODDI**
Góð sæng fyllt með 1000 gr. af polyesterholtrefjum. Sængin er sikksakksaumuð. Stærð: 135 x 200 sm.

## FULLAR BÚÐIR AF JÓLAVÖRU!



**WIN HANSKAR, LÚFFUR OG HÚFUR**
Flottar húfur og hanskar / lúffur í stíl.
Stærðir: 3-10 ára.

HÚFA / HANSKAR / LÚFFUR

**995**



2 STK. SPARIÐ 995

2 STK.

NÚ 2 STK.

**4.995**

**RIVALDI OG SHERMANN SKYRTUR**
Nokkrir mismunandi litir fáanlegir.
**SHERMANN** flannelskyrtur.
Stærðir M-XXXL.
**RIVALDI** stutt- og síðermaskyrtur.
Stærðir: M-XXL. 1 stk. 2.995



HAKKAVÉL MEÐ MÓTUM

**4.995**

**HAKKAVÉL**
Handsnúin hakkavél með mótum á frábæru verði!



25% AFSLÁTTUR

**NIKKA SÆNGURVERASETT**
Efni: 100% poly-estermíkrófíber.
Lokað að neðan með rennilás.
Stærð: 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm.

FULLT VERÐ: 1.995

**1.495**

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

## GENGIÐ 01.11.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,81 | 126,41 |
| Sterlingspund | 203,49 | 204,47 |
| Evra | 162,84 | 163,76 |
| Dönsk króna | 21,825 | 21,953 |
| Norsk króna | 22,095 | 22,225 |
| Sænsk króna | 18,905 | 19,015 |
| Japanskt jen | 1,5717 | 1,5809 |
| SDR | 193,44 | 194,60 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

225,3397

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Verjendur sakborninga í Al Thani-málinu rökstuddu frávísunarkröfu sína:

# Kvörtuðu yfir sérstökum saksóknara

**DÓMSMÁL** Verjendur sakborninga í svonefndu Al Thani-máli sérstaks saksóknara héldu því fram fyrir dómi í gær að starfsaðferðir sérstaks saksóknara hefðu verið ólögmætar og því bæri að vísa málinu frá. Tekist var á um frávísunarkröfur þeirra í málflutningi í allan gærdag.

Meðal umkvörtunarefna Sigurðar Einarssonar, fyrrverandi stjórnarformanns Kaupþings, er alþjóðleg handtökuskipun sem saksóknari gaf út á hendur honum þegar hann hafði neitað að verða við kalli um að koma til Íslands í yfirheyrslu vegna málsins. Gestur Jónsson, verjandi hans, sagði í gær að hún hefði verið allt of harkaleg aðgerð og eyðilagt möguleika Sigurðar á að finna sér vinnu.

Fram kom í máli Karls Axelssonar, verjanda Magnúsar Guðmundssonar, sem var bankastjóri Kaupþings í Lúxemborg, að saksóknari rannsakaði nú átta mál þar sem Magnús væri sakborningur. Þau snerust mörg hver um svipuð brot og eðlilegt væri að ákæra í þeim öllum í senn.

Frávísunarástæðurnar sem verjendurnir tína til eru tíu. „Það hlýtur að vera met,“ sagði saksóknarinn Björn Þorvaldsson áður en hann hóf að flytja mál sitt og mótmælti öllum ástæðunum kröftuglega. **- sh**



**MÆTTU** Sigurður Einarsson og Ólafur Ólafsson mættu fyrir dóminn í gær.

Rannsókn á umferðarlögum:

# Ríkir brjóta frekar lögin

**DANMÖRK** Ríkt fólk er líklegra til þess að brjóta umferðarlög en fátækir. Þetta eru niðurstöður rannsóknar sem gerð var í Danmörku.

Rannsóknin byggði á gögnum frá árinu 1985 og fram til nútímans og voru hinir brotlegu flokkaðir eftir tekjum. Samkvæmt henni höfðu 3,6 prósent efri stéttar fengið dóm fyrir umferðarlagabrot. Tvö prósent millistéttarfólks höfðu fengið slíkan dóm og 1,8 prósent lágstéttarfólks. **- þeb**

Pútín lítið sést opinberlega:

# Rússar spá í heilsu Pútíns

**RÚSSLAND, AP** Undanfarnar vikur hefur Vladimír Pútín Rússlandsforseti lítið sést opinberlega utan forsetabústaðar síns.



**VLADIMÍR PÚTÍN**

Töluverðar vangaveltur hafa því verið um heilsu hans, og Rússar spyrja sig hvort hann hafi slasast þegar hann gerði í september síðastliðnum tilraun til að fljúga með trönum í von um að geta hjálpað þeim til að rata.

Dmitrí Peskov, talsmaður Pútíns, segir ekkert hæft í þessum vangaveltum. Ástæðan fyrir því að hann fari sjaldan til skrifstofu sinnar í Kreml sé sú að hann vilji ekki að bílalest forsetans valdi enn frekari truflunum á þungri umferðinni í Moskvu. **- gb**

# „Pinnið á minnið“ brýtur á réttindum

**Öryrkjabandalag Íslands segir fyrirkomulagið Pinnið á minnið brjóta á réttindum fatlaðra. Margir hafi ekki getu til að muna eða slá inn lykilnúmer. Undantekningar vegna þessa hafa verið gerðar erlendis segja stjórnendur verkefnisins.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Öryrkjabandalag Íslands gagnrýnir verkefnið „Pinnið á minnið“ harðlega og segir fyrirkomulagið brjóta á réttindum fatlaðra einstaklinga. Ekki hafi allir líkamlega getu til að slá inn tölur á posa, eða andlega getu til að muna fjögurra stafa talnarunu.

Guðmundur Magnússon, formaður Öryrkjabandalagsins, segir enga jafnræðisreglu vera í fyrirkomulaginu.

„Það er svo margt sem getur komið í veg fyrir að fólk geti munað pinnin og stimplað þau inn. Það er verið að brjóta á rétti fatlaðra þar sem ekki er verið að gera ráð fyrir fjölbreyttu mannlífi.“

Enn er hægt að nota posa í verslunum upp á gamla móðinn, það er með því að nota segulrönd eða sleppa því að stimpla inn lykilnúmer, en sá möguleiki er einungis leyfilegur tímabundið. Fljótlega verða allir beðnir um að staðfesta viðskiptin með pinni í stað undirskriftar.

Freyja Haraldsdóttir, fyrrverandi stjórnlagaráðskona, segir það gefa augaleið að fyrirkomulagið verði ekki aðgengilegt fyrir mjög stóran hóp.

„Ef ég væri ekki með aðstoðarfólk gæti ég ekki stundað svona viðskipti,“ segir Freyja. Hún bendir einnig á að hreyfing meðal aðstoðarfólks fatlaðra sé töluverð og ef fyrirkomulagið verði þannig að starfsfólk þurfi að vita leyninúmer vinnuveitanda þyrfti ekki að líða langur tími þar til tölurnar væru komnar út um víðan völl.

Hún segir málið verulega umhugsunarvert. „Þetta getur orðið verulega stórt vandamál og er gott dæmi um hvernig samfélagið er hannað fyrir ákveðinn hóp,“ segir hún.



**PINNIÐ Á MINNIÐ** Ísland er með síðustu ríkjum Evrópu sem innleiða hinar nýju kröfur, en markmið þeirra er að gera kortagreiðslur öruggari og draga úr kortasvikum.



**FREYJA HARALDSDÓTTIR**



**GUÐMUNDUR MAGNÚSSON**

Samkvæmt upplýsingum frá stjórn verkefnisins Pinnið á minnið þurfa fyrirtæki að tryggja aðgengi fatlaðra að posunum, til dæmis með þeim hætti að manneskja í hjólastól geti fengið posann til sín og staðfest greiðslu. Þá hafi sú leið verið farin í Bretlandi fyrir þann hóp sem ekki geti lagt tölurnar á minnið að fólk geti sótt um kort þar sem örgjörvinn sé lesinn en korthafi fái áfram að staðfesta með undirskrift. Þar í landi eru innan við 0,35% korta af þeirri gerð.

„Við væntum þess að útgefendur greiðslukorta muni á næstunni kynna sínar lausnir sem henta þessum hópum korthafa sérstaklega,“ segir í svari verkefnastjórnar.

**sunna@frettabladid.is**

230 milljónir í brúargerð:

# Brýr úr landi að odda Geirsnefs

**SKIPULAGSMÁL Borgarráð samþykkti í gær að ný hjóla- og gönguleið yfir Elliðaárósa yrði opnuð 3. maí á næsta ári. Með þessu styttist vegalengd hjólandi og gangandi milli Grafarvogs og miðborgar um 700 metra.**

**„Byggðar verða tvær göngu- og hjólabrýr yfir Elliðaárósa, þær tengdar við stígakerfið og lagður göngu- og hjólastígur milli þeirra yfir norðurenda Geirsnefs,“ segir í tilkynningu Reykjavíkurborgar. Fram kemur að brýrnar tvær verði um 36 metra langar og breidd brúargólfs þeirra um 4,5 metrar. Þá segir að nýja hjóla- og gönguleiðin verði aðskilin frá hundasvæðinu með girðingu þvert yfir Geirsnefið.**

**Verkið á að kosta um 230 milljónir króna sem skiptast milli Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar.** **- gar**

Innanlandsflug Ernis:

# Flýgur áfram á ríkisstyrkjum

**SAMGÖNGUR** Flugfélagið Ernir mun áfram starfrækja innanlandsflug sitt næstu vikur, að minnsta kosti til áramóta.

Flugfélaginu er gert kleift að halda fluginu áfram eftir að fulltrúar innanríkisráðuneytisins, Vegagerðarinnar og flugmálastjórnar ákváðu að styrkja áætlunarferðir Ernis.

Félagið flýgur til Vestmannaeyja, Hafnar í Hornafirði, Húsavíkur, á Bíldudal og Gjögur.

Samningur flugfélagsins um flug á þessum ríkisstyrktu flugleiðum rennur út í lok næsta árs en stefnt er að því að semja um framhald verkefnisins á næstu vikum. **- bþh**

## PRÓFKJÖR

### Elsa Lára býður sig fram

Elsa Lára Arnardóttir býður sig fram í þriðja sæti á lista Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi. Elsa Lára er kennari í Brekkubæjarskóla á Akranesi. Hún hefur verið varabæjarfulltrúi fyrir flokkinn frá 2010.

### Sigríður Andersen fram

Sigríður Á. Andersen gefur kost á sér í þriðja til fjórða sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Sigríður er varaþingmaður fyrir flokkinn og héraðsdómslögmaður.

### Teitur vill 4. til 5. sæti

Teitur Atlason sækist eftir fjórða til fimmta sæti á framboðslista Samfylkingarinnar í Reykjavík í prófkjörinu 16. og 17. nóvember. Teitur hefur búið í Svíþjóð undanfarin ár og hefur skrifað mikið um þjóðfélagsmál hérlendis.






## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**ÓVEÐUR** verður á mestöllu landinu í dag. Hvassviðri eða stormur verður mjög víða en hvassast verður sunnan Vatnajökuls þar sem búast má við vindhviðum yfir 40 m/s. Talsverð eða mikil snjókoma verður á Norður- og Norðausturlandi.




**Á MORGUN** Hvasst V-lands, stormur allra syðst en dregur úr vindi um kvöldið.

**SUNNUDAGUR** Hvasst allra syðst og með A-strönd, annars fremur hægur vindur.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Basel | 14° |
| Berlín | 9° |
| Billund | 9° |
| Frankfurt | 10° |
| Friedrichshafen | 12° |
| Gautaborg | 8° |
| Kaupmannahöfn | 8° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 8° |
| Mallorca | 22° |
| New York | 12° |
| Orlando | 25° |
| Ósló | 3° |
| París | 11° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 9° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Einar Davíðsson einar.davidsson@365.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is, Elsa Jensdóttir elsaj@365.is, Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

DIDRIKSONS1913 Grundsund SWEDEN · SKOGSTAD · Columbia Sportswear Company · VIKING · DEVOLD · MOUNTAIN HARD WEAR · SOREL



# KLÆDDU AF ÞÉR KULDANN

**Ellingsen** býður upp á mikið úrval af vönduðum úlpum og öðrum hlífðarfatnaði frá þekktum framleiðendum á borð við Didriksons, Mountain Hardwear og Columbia. Í Ellingsen færðu hlífðarfatnað frá toppi til táar.

20% afsláttur af húfum, vettlingum og sokkum

20% afsláttur af Nike barnaúlpum

Frá 15% afsláttur af öllum úlpum

PIPAR\TBWA • SÍA • 122637/0210



**ANIK PEAK GÖNGUSKÓR OMNI-HEAT**
Stærðir 41–48. Herraskó.
Svartir.
**18.990 KR.**
FULLT VERÐ 24.990 KR.



**VIKING POLAR THERMO STÍGVÉL**
Stærðir 21–41. Svört og fjólublá.
**5.990 KR.**
FULLT VERÐ 7.990 KR.



**CONWAY KULDASKÓR**
Stærðir 25–35. Rauðir og svartir.
**4.990 KR.**
FULLT VERÐ 6.799 KR.



**SKOGSTAD TOBY ÚLPA**
Stærðir 80–116.
Bláar og mosagrænar.
**12.990 KR.**
FULLT VERÐ 16.990 KR.



**DIDRIKSONS VERONICA**
Stærðir 36–48. Hvítar.
**15.990 KR.**
FULLT 24.990 KR.



**SKOGSTAD KIRA ÚLPA**
Stærðir 116–164.
Svartar og grænar.
**14.990 KR.**
FULLT VERÐ 18.990 KR.



**SKOGSTAD LOOP ÚLPA**
Stærðir 116–164.
Svartar og bláar.
**15.990 KR.**
FULLT VERÐ 19.990 KR.



**DIDRIKSONS LESTER**
Stærðir S–XXL.
Grænar og svartar.
**19.990 KR.**
FULLT VERÐ 24.990 KR.



**DIDRIKSONS LINDSEY PARKA**
Stærð 36–44. Dömuúlpur.
Svartar, grænar og bláar
**19.990 KR.**
FULLT VERÐ 26.990 KR.

DEVOLD
10% afsláttur af Devold settum





**DIDRIKSONS VONZO AMA PEYSA**
Stærðir 130–170.
Svört, blá og rúbínrauð.
**3.990 KR.**
FULLT VERÐ 4.990 KR.



**SKOGSTAD MILLE DÚNÚLPA**
Stærðir 80–116.
Bleikar og brúnar.
**12.990 KR.**
FULLT VERÐ 16.990 KR.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvenær eiga Norðurlöndin að vera orðin reyklaus, samkvæmt tillögu þings Norðurlandaráðs?
2. Hvað heitir mannauðs- og fjárhagskerfi ríkisins sem Ríkisendurskoðun tók til umfjöllunar?
3. Hversu mörg börn hafa verið ættleidd til einstæðra mæðra á árinu?

SVÖR:

1. Árið 2040 2. Oracle, kallað Orri 3. Þrjú

Vísindamenn spá því að hamfarir verði tíðari á austurströnd Bandaríkjanna næstu áratugina:

# Lestarkerfið í New York mjakast í gang

**BANDARÍKIN, AP** „Næstu fimmtíu eða hundrað árin verða mjög frábrugðin því sem við höfum kynnst undanfarin 50 ár,“ segir S. Jeffress Williams, vísindamaður við jarðvísindastofnun Bandaríkjanna í Massachusetts.

Hann segir yfirborð sjávar hækka hratt og ofsaveður á borð við fellibylinn Sandy verða æ tíðari.

Íbúar í New York og New Jersey eru rétt að byrja að takast á við afleiðingarnar af Sandy, sem reið þar yfir seint á þriðjudagskvöld.

Hundruð þúsunda manna á Manhattan í New York búa enn við rafmagnsleysi og enn sitja þúsundir íbúa fastar í húsum sínum í borginni Hoboken í New Jersey, handan við Hudsonfljótið, þar sem flóðavatnið er ekki enn gengið niður. Stjórnvöld í New York hafa áhyggjur af eldri borgurum og fátæku fólki, sem býr á efri hæðum háhýsa neðst á Manhattan, þar sem allt er enn rafmagnslaust og svartamyrkur þegar skyggja fer.

Lestarsamgöngur eru að hluta komnar í gang aftur í New York, en langar biðraðir fólks mynduðust við strætisvagnastöðvar auk þess sem langar bílaraðir mynduðust við bensínstöðvar. Tala látinna í Bandaríkjunum var komin yfir 70 en fellibylurinn hafði áður kostað 69 manns lífið á eyjum Karíbahafsins. **- gb**



**BIÐRAÐIR VIÐ BENSÍNSTÖÐVAR** Umferðin í New York hefur verið mjög hæg meðan lestarsamgöngur hafa legið niðri. NORDICPHOTOS/AFP



**KAUPMANNAHÖFN** Höfuðborg Danmerkur er vinsælasti áfangastaður Íslendinga. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Áfangastaðir ferðalanga:

## Kaupmannahöfn vinsælust

**FERÐAÞJÓNUSTA** Kaupmannahöfn er langvinsælasti áfangastaður farþega á Keflavíkurflugvelli. London kemur þar á eftir.

Samkvæmt talningu Isavia, sem greint er frá á vef Túrista, fóru meira en fimmtíu þúsundum fleiri farþegar til og frá Kaupmannahöfn en London á síðasta ári, eða rúmlega 375.200 manns. Alls flugu tæplega 323.500 manns til London. New York er í þriðja sæti á listanum yfir vinsælustu áfangastaðina, með rúmlega 228.500 farþega í fyrra. Gran Canaria og Vín eru í neðstu sætunum, með um 8.500 farþega hvor. Aðrar vinsælar borgir á lista Isavia eru meðal annars Ósló, París, Berlín og Gautaborg. **- sv**

Geirfinns-starfshópurinn:

## Lokaskýrslu skilað í febrúar

**DÓMSMÁL Starfshópurinn sem fer yfir Guðmundar- og Geirfinnsmálið hefur fengið frest fram í miðjan febrúar til að skila skýrslu um málið.**

**Hópurinn átti að skila áfangaskýrslu í gær, en þess í stað heimilaði Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra þeim að skila lokaskýrslu í febrúar. Á vef ráðuneytisins segir að vinna hópsins sé vel á veg komin. Í október 2011 var hópnum falið að fara yfir málið í heild sinni.** **- þj**

# Stórmyndaverkefnin keyptu 25.000 gistinætur á hótelum

**Fjórar stórar Hollywood-kvikmyndir voru teknar að hluta á Íslandi á árinu 2012. Umfang þessara verkefna var mjög mikið og voru 150 til 350 Íslendingar ráðnir til starfa í hvert stóru verkefnanna.**

**VIÐSKIPTI** Heildarvelta vegna hinna fjögurra stóru kvikmyndaverkefna sem tekin voru upp á Íslandi í sumar nam ríflega fjórum milljörðum króna. Gríðarlegt umstang fylgdi verkefnunum og voru sem dæmi leigðir 75 til 120 bílaleigubílar fyrir hvert verkefni og 25 til 45 trukkar.

Leifur B. Dagfinnsson, forstjóri True North, var meðal ræðumanna á hádegisverðarfundi Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga, undir yfirskriftinni Kvikmyndagerð á Ísland – ört vaxandi atvinnugrein, á Icelandair Hótel Reykjavík Natura í gær. True North þjónustar og framleiðir myndefni fyrir erlend kvikmyndafyrirtæki og stóð meðal annars fyrir upptökunum á Hollywood-kvikmyndunum Oblivion, Noah, The Secret Life of Walter Mitty og Thor II á þessu ári.

Í erindi sínu fjallaði Leifur um mikilvægi erlendra kvikmyndaverkefna á Íslandi. Umfang þeirra hefur aukist mikið á síðustu misserum og hefur True North vaxið samhliða en fastir starfsmenn fyrirtækisins eru tólf í dag.

Fram kom í máli Leifs að fyrirtækið hefði ráðið á bilinu 150 til 350 Íslendinga til starfa í hvert stóru kvikmyndaverkefna sinna á þessu ári. Launatekjur þessara starfsmanna námu ríflega milljarði króna. Því fylgja verkefnunum ýmist annað umstang. Má nefna að gistinætur á hótelum landsins vegna þeirra voru um 25 þúsund, 75 til 120 bílaleigubílar voru leigðir fyrir hvert verkefni og 25 til 45 trukkar.

### Margvíslegur gróði

Ýmiss konar ábati varð af töku kvikmyndanna Oblivion, Noah, The Secret Life of Walter Mitty og Thor II hér á landi í sumar. Bílaleigur og hótelhaldarar nutu góðs af umstanginu sem og þeir sem ráðnir voru í vinnu.

**75-120** BÍLALEIGUBÍLAR

**25-45** TRUKKAR

**50-350** STARFSMENN

Fjöldi á hverja mynd

**25.000** GISTINÆTUR

Bókaðar í ár



Leifur segir kvikmyndaverkefnin einnig hafa ýmis önnur jákvæð áhrif fyrir land og þjóð. Sem dæmi nefnir hann að þau laði hingað ferðamenn auk þess sem verkefni utan háannatímans í ferðaþjónustu stuðli að betri nýtingu hjá fyrirtækjum í greininni.

„Sumir ferðamenn sækja í staði sem hafa verið notaðir sem kvikmyndatökustaðir. Enn er fólk að heimsækja Ísland og Jökulsárlón bara vegna þess að James Bondmynd var kvikmynduð þar. Þá var sérstaklega mikil aukning af ferðamönnum við Dettifoss í sumar sem menn tengja beint við Prometheus þar sem Dettifoss var í ákveðnu lykilhlutverki,“ sagði Leifur, en stórmyndin Prometheus var að hluta tekin upp hér á landi í fyrra.

Loks segir Leifur einróma ánægju meðal erlendra kvikmyndafyrirtækja með þá sérþekkingu sem hér er til staðar á kvikmyndagerð. Þá styrki verkefnin einnig kvikmyndaiðnaðinn á Íslandi þar sem íslenskir kvikmyndargerðarmenn öðlist reynslu og kynnist stórfum leikstjóra sem eru meðal þeirra fremstu í heiminum. Auk þess verður vinnuumhverfið stöðugra eftir því sem verkefnum fjölga.

magnusl@frettabladid.is


60 þús. virðisauki
Aukagangur af vetrardekkjum fylgir hverjum bíl

Chevrolet Aveo - Bílalegubíll í ábyrgð
árgerð 2011 - söluverð: 1.590 þús.
Tilboð: 1.390 þús.



Afborgun á mánuði aðeins:
22.756 kr.*

Miðað við bílasamning til 72 mánaða á hagstæðum kjörum hjá bílafjármögnun Landsbankans. Reiknaðu dæmið á landsbankinn.is

Chevrolet Aveo

| | |
|---|---|
| Söluverð: | 1.590.000 kr. |
| Bílafjármögnun: | 1.190.000 kr. |
| Okkar hlutur: | 200.000 kr. |
| Þín útborgun: | 200.000 kr. |
| **Heildarverð til þín:** | **1.390.000 kr.** |
| **Afborgun:** | **22.876 kr.** |

*Hlutfallskostnaður 12.36%

Bílabúð Benna - Notaðir bílar
Bildshöfða 10 • Sími: 590 2000
www.benni.is • notadir@benni.is

Opið alla virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga frá kl. 12-16

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

# Toys "R" Us

## IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!




THE AMAZING SPIDER-MAN

**KYNNINGARVERÐ**
**9.999**
**SPARIÐ 3.000**

FLEXI-TRAX

063531
**FLEXI-TRAX SPIDER-MAN SETT**
Með 250 brautarstykkjum, Spider-Man bíl með logandi framljósum, hasarbrú Eðlumannsins, köngulóarboga, gegnsærri vefbrú, skrifstofubyggingu dagblaðsins Daily Bugle, vefgildru og borgarlandslaginu á Manhattan.
Þarf eina C-rafhlöðu.
Venjulegt verð 12.999



**12.999**
**SPARIÐ 4.000**

Milky

090064
**MILKY**
Ef þú leikur ekki nógu mikið við Milky kallar hann á þig. Með eðlilegum hreyfingum og hljóðum. Gulrót fylgir með. 32 cm.
Þarf 4 C-rafhlöður.
Venjulegt verð 16.999

- Kanínuhljóð
- Eyru sem sperrast
- Fætur sem hreyfast
- Augu sem hreyfast

093636
**TOFFEE**
Gulrót og greiða fylgja með til að gleðja smáhestinn þinn. 48 cm.
Þarf 4 C-rafhlöður.
Venjulegt verð 16.999

- Hestahljóð
- Eyru sem sperrast
- Augu sem hreyfast
- Höfuð sem hreyfist

**12.999**
**SPARIÐ 4.000**

Toffee

Tilboðin gilda til og með 31.12.2012. VSK er innifalinn í verði.
Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.

**AKUREYRI:** Glerártorg, sími 461 4500 ★ **GRAFARVOGUR:** Blikastaðavegur, sími 585 0600
**KÓPAVOGUR:** Smáratorg, sími 550 0800



**GAMAN Á HREKKJAVÖKU** Hvítabjörninn Tatqiq skemmti sér hið besta við að reyna að sökkva Frankensteinbrúðu á hrekkjavöku nú í vikunni í dýragarði í San Diego í Bandaríkjunum. NORDICPHOTOS/AFP

Utanríkisráðherrar Svíþjóðar og Finnlands um loftrýmisgæslu við Ísland:

# Engin breyting á afstöðu til NATO

**VARNARMÁL** Utanríkisráðherrar Finnlands og Svíþjóðar segja viljayfirlýsinguna um þátttöku í loftrýmisgæslu Íslands í samstarfi við Noreg ekki fela í sér breytingu á afstöðu til eða samstarfi við NATO. Ríkin eru ekki meðlimir í bandalaginu og hafa ekki tekið þátt í viðlíka verkefnum áður.

„Við höfum gert það ljóst að loftrýmisgæsla Finnlands við Ísland er ekki til marks um breytt viðhorf eða samstarf við NATO. Það er algerlega útilokað,“ hefur Hufvudstadsbladet í Finnlandi eftir Erkki Tuomioja, utanríkisráðherra Finnlands.

Carl Bildt, utanríkisráðherra Svíþjóðar, tekur í sama streng og segir verkefnið í líkingu við eftirlit sem flugherir ríkjanna sinna nú þegar í sameiningu yfir Lapplandi, Finnmörku og Norður-Svíþjóð. Það eina sem breytist sé staðsetningin.

„Svíar og Finnar geta ekki og munu ekki taka yfir verkefni NATO á Íslandi,“ sagði Bildt.

Sænskar og finnskar flugvélar munu taka þátt í loftrýmisgæslunni þegar hún er á höndum Norðmanna, en slíkt ber næst upp á vorið 2014.

Komi til þess að óboðinn gestur stefni til Íslands mega Svíar og Finnar einungis ljósmynda og reyna að bera kennsl á viðkomandi flugvél. Gerist frekari aðgerða þörf verður það á könnu Norðmanna að bregðast við.

Nánari útfærsla á verkefnum liggur ekki enn fyrir, enda á NATO eftir að taka málið fyrir og þjóðþing ríkjanna munu svo samþykkja verkefnið að lokum. - þj



**LOFTRÝMISGÆSLA** Þátttaka Finnlands og Svíþjóðar í loftrýmisgæslu Íslands heyrir til tíðinda, enda eru þau ekki í NATO. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

655 sýni reyndust hrein:

## Finnst aðeins á tveimur bæjum

**LANDBÚNAÐUR** Sýnatökur vegna smitandi barkabólgu benda til að sjúkdómurinn sé bundinn við tvö bú á Austurlandi.

Matvælastofnun hafa borist niðurstöður úr öllum mjólkurtanksýnum, alls 655 sýnum, frá Tilraunastöðinni á Keldum og voru þau öll neikvæð fyrir mótefnum gegn herpesveirunni sem veldur sjúkdómnum.

Sýnin voru tekin á öllum þeim búum sem hafa lagt inn mjólk í mjólkurstöð á undanförnum dögum.

Enn er beðið niðurstaðna úr sýnum sem voru send til rannsóknar í lok síðustu viku. Fyrirhugaðar eru frekari sýnatökur, meðal annars á búunum tveimur, til að kanna nánar útbreiðslu innan þeirra. - shá

Fjölmargir miðar á Iceland Airwaves-hátíðina eru í endursölu á netinu:

# Brask með hátíðarmiða vandamál

**MENNING** Mikið magn Iceland Airwaves-tónleikamiða er í boði á svörtum markaði fyrir hátíðina í ár. Tugir miða eru í boði á vefsölutorginu Bland.is og kosta þeir frá 12 þúsund krónum upp í 30 þúsund.

Hátíðin hófst á miðvikudag og stendur alla helgina. Miðar á hátíðina seldust upp um miðjan ágúst, fyrr en nokkru sinni.

„Það er alltaf fólk sem kaupir miða og fer í einhverja ævintýraleit með þá,“ segir Grímur Atlason, framkvæmdastjóri Iceland Airwaves. Hann viðurkennir að svartamarkaðsbrask sé vandamál. „Fólk getur ekki vitað hvort það er að kaupa ósvikna vöru.“

Hátíðarhaldarar Iceland Airwaves heimila ekki endursölu á miðunum en Grímur segir erfitt að koma í veg fyrir það. Hann spyr sig hvers vegna fólk kaupi ekki miða í forsölu mun ódýrar en miðinn býðst í endursölu þegar hátíðin er hafin.

„Það eru ekki mörg armbönd sem á eftir að ná í, við erum með það allt á skrá. En það er alls konar fólk sem langar að fara að skemmta sér núna,“ segir Grímur.

Miðarnir sem verið er að selja á vefnum og í endursölu eru ávísanir á armböndin sem hátíðargestir verða að bera til að komast inn á tónleikastaði. - bþh



**GRÍÐARLEG EFTIRSPURN** Hátíðin er mjög eftirsótt ár hvert og fólk er tilbúið að borga tugi þúsunda fyrir miða á hátíðina eftir að þeir seljast upp. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**3/4** gesta á Iceland Airwaves í ár eru erlendir. Það er metfjöldi erlendra gesta.

**5.000 MIÐAR** voru í boði fyrir hátíðina í ár og seldust upp 10. ágúst.

**223 NÖFN** troða upp á hátíðinni ár auk fjölmargra sem eru utan dagskrár.



Tilboðin gilda **1. - 4.** nóvember

# netto

*Kræsingar & kostakjör*

Hryggurinn er skorin lengra niður
á mjöðmina og þannig næst meira
kjöt af lundunum með hryggnum



# LAMBAHRYGGUR

## LANGSKORINN M/MJÖÐM

# 1.398 KR/KG

FRYSTIVARA

**www.netto.is** | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

**FRÉTTASKÝRING:** Fjármálaeftirlitið rannsakar hlutafjárútboð Eimskips

# Sagði frá niðurfellingu kauprétta

**Forstjóri Eimskips greindi formanni VR frá því að til stæði að fella niður kauprétti stjórnenda fyrirtækisins áður en hlutafjárútboði lauk. Fjármálaeftirlitið rannsakar hvort allir bjóðendur hafi setið við sama borð.**



**EIMSKIP** Fjármálaeftirlitið fór í vettvangsferðir til umsjónaraðila útboðsins, Íslandsbanka og Straums, fyrr í vikunni. Þar fékk það meðal annars afrit af samskiptum starfsmanna þeirra við utanaðkomandi aðila. Gylfi Sigfússon er forstjóri Eimskips. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips, sagði Stefáni Einari Stefánssyni, formanni VR, að til stæði að falla frá kaupréttum stjórnenda félagsins áður en fagfjárfestaútboði lauk á fimmtudag í síðustu viku. Stefán Einar sagði Helga Magnússyni, stjórnarformanni Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, frá málinu í kjölfarið.

Fjármálaeftirlitið rannsakar hvort allir hafi setið við sama borð í lokuðu útboði til fagfjárfesta á 20 prósenta hlut í Eimskip sem lauk klukkan 14 síðastliðinn fimmtudag. Á meðal þess sem það rannsakar er hvort forsvarsmenn Eimskips hafi upplýst einhverja um að til stæði að fella niður kaupréttina áður en útboðinu lauk og hvort að umsjónaraðilar útboðsins hafi boðið völdum þátttakendum að gera fyrirvara um kaupréttina við tilboð sín.

Umfangsmiklir kaupréttir stjórnenda Eimskips urðu til þess að nokkrir af stærstu lífeyrissjóðum landsins ákváðu að taka ekki þátt í útboðinu. Stjórnendurnir féllu síðar frá kaupréttunum og var tilkynnt um það til kauphallar að kvöldi síðastliðins fimmtudags. Lífeyrissjóðurinn Festa óskaði í kjölfarið eftir því að FME myndi taka útboðið til rannsóknar. Sjóðurinn vill meðal annars meina að starfsmenn umsjónaraðila útboðsins, Íslandsbanka og Straums fjárfestingabanka, hafi boðið sumum þátttakendum í útboðinu að gera tilboð í hlutabréf Eimskips með fyrirvara um að kaupréttarsamningar stjórnenda yrðu felldir niður. Festa taldi ótækt að valdir fjárfestar hefðu fengið meiri upplýsingar en komu fram í útboðslýsingu og stóðu öðrum fjárfestum til boða. Auk þessa rannsakar FME auk þess hvort einhverjir hafi haft upplýsingar um að til stæði að fella niður kaupréttina á meðan að útboðinu stóð.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fór eftirlitið meðal annars fram á það við Lífeyrissjóð verzlunarmanna á mánudag að hann upplýsti um hvenær forsvarsmenn sjóðsins hefðu fengið upplýsingar um að fallið yrði frá kaupréttunum. Það hefur auk þess farið í vettvangsferðir til umsjónaraðila útboðsins og fengið afrit af samskiptum starfsmanna þeirra sem áttu sér stað á meðan á útboðinu stóð.

Stefán Einar sendi forstjóra Eimskips tölvupóst klukkan 13.30 síðastliðinn fimmtudag þar sem hann gerði grein fyrir áhyggjum sínum vegna kaupréttanna, enda starfaði fjöldi félagsmanna VR hjá Eimskip og að hans mati væri málið farið að skaða fyrirtækið. Í póstinum lagði Stefán Einar síðan til að kaupréttirnir yrðu látnir niður falla. „Gylfi hringdi síðan í mig klukkan 13.45. Þar gerir hann mér grein fyrir því að hann sé að kalla saman stjórnarfund þar sem hann muni leggja til að þetta yrði fellt niður. Hann bað mig fyrir þessu í trúnaði sem ég geri ráð fyrir að geri mig að tímabundnum innherja. Ég lofaði því, nema ég spyr hvort ég eigi að hafa samband við lífeyrissjóðinn vegna þess að ég vissi að þeir voru á stjórnarfundi og að þeir væru að vinna að yfirlýsingu um málið.“

Stefán Einar kallaði í kjölfarið Helga Magnússon, stjórnarformann Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, út af stjórnarfundi í sjóðnum. Hann telur að klukkan hafi þá verið um fimm mínútur í tvö. „Ég hef það hins vegar staðfest úr tölvukerfinu hér að ég sendi tölvupóst á Gylfa Sigfússon klukkan 13.30. Hann hringdi í mig klukkan 13.45 og ég var kominn upp á skrifstofu hjá lífeyrissjóðnum klukkan fimm mínútur í tvö“.

Samkvæmt upplýsingum frá Lífeyrissjóði verzlunarmanna bárust upplýsingarnar inn á stjórnarfundinn stuttu eftir að útboðinu lauk.

**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@fréttabladid.is



## Gylfi gat ekki tekið ákvörðunina einn

Ólafur William Hand, upplýsingafulltrúi Eimskips, segir að Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips, hafi fengið skilaboð klukkan korter yfir eitt þennan fimmtudag um að Stefán Einar væri að reyna að ná tali af honum. „Gylfi náði ekki að svara honum vegna þess að hann var á fundi. Um hálf tvöleytið fékk hann tölvupóst frá Stefáni þar sem hann lýsir áhyggjum sínum og starfsmanna fyrirtækisins yfir þessu máli. Rétt fyrir klukkan tvö þá hringjast þeir á þar sem að Gylfi fer yfir þennan tölvupóst og segist skilja þessar áhyggjur hans. Þeir sammælast um að Gylfi haldi áfram að skoða þessi mál. Þegar útboðinu er lokið klukkan korter yfir tvö koma þessir miklu fyrirvarar í ljós, sem menn höfðu verið að setja á tilboðin. Gylfi hringir síðan aftur í Stefán um klukkan korter í þrjú og tilkynnir honum um fyrirvarana og að hann ætli sér að vera í sambandi við framkvæmdastjóra fyrirtækisins til að sjá hvað sé hægt að gera varðandi kaupréttina.

Á þessum tímapunkti voru tveir framkvæmdastjórar erlendis, og annar þeirra meira að segja í flugi. Þetta var ekki Gylfa ákvörðun ein og sér að taka, heldur þurftu sex menn að taka þessa ákvörðun um að falla frá kaupréttunum. Það næst ekki fyrr en um sexleytið, líkt og komið hefur fram áður.“

www.volkswagen.is




Volkswagen Golf BlueMotion

Sparnaðarráð frá Þýskalandi

Meðaleyðsla aðeins
3,8 lítrar á hverja 100 km**

** Miðað við blandaðan akstur á beinskiptum Volkswagen Golf BlueMotion 1.6

Das Auto.

* Volkswagen Golf var sigurvegari í árlegri sparaksturskeppni Atlantsolíu 2012, í flokki dísilbíla 1.4-1.6 cc.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Golf

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA




OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
**109.900**
SPARAÐU 35.000

# AEG
**L-60660FL Þvottavél**

- A++/A/A **toppeinkunn** fyrir orkunýtni & þvottagæði og þeytivindu

# Electrolux
**EWF-146310W Þvottavél**
**Mest selda** þvottavélin okkar. Ótrúlega **lág bilanatíðni**. Vélin er hlaðin þægindum og nýrri tækni. Býður uppá sveigjanlegan þvottatíma.
- **Hraðval** 30-55% tímasparnaður á algengum kerfum
- **1400 sn.** stillanlegur vinduhraði
- Mörg sérkerfi þ.á.m. Woolmark ullarkerfi og **handþvottakerfi** og ofnæmisskolun
- **Seinkun** á gangsetningu 0-23 klst.
- **Tímaskjár**
- **Mishleðsluskynjun**
- Einföld í allri notkun
- **A+/A/B einkunn** fyrir orkunýtni þvott og vindu



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
**89.900**
ÓTRÚLEGT VERÐ

# AEG
**HK-654200XB Spansuðuhelluborð**




BEIN-
VAL

BARNA-
LÆSING

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
**119.900**
SPARAÐU 30.000



# AEG
**BE-3002420M ofn**
AEG ofn með ekta heitum þrívíddarblæstri sem tryggir bestan mögulegan árangur
- **Tölvuklukka** + **kjöthitamælir**
- Pizzakerfi og **heitur blástur** + stórt grill
- IsoFront kæld ofnhurð með fjórföldu gleri
- Innfellanlegir stjórnhnappar
- Kæld ofnhurð - lágur yfirborðshiti
- Verð áður kr. **109.900**

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
**84.900**
SPARAÐU 25.000

EKTA HEITUR BLÁSTUR

# Electrolux
**ESF-63020X Uppþvottavél**
Hljóðlát uppþvottavél í fallegu burstuðu fingrafarafríu stáli
- **5 þvottakerfi** þ.á.m. pottakerfi, almennt kerfi og 30 mín. hraðkerfi
- Framstillt ræsing möguleg
- Hækkanleg/lækkanleg efri þvottakarfa
- **A/A/A einkunn** fyrir orkunýtni, þvottagæði og þurrkun
- Verð áður kr. **109.900**



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
**79.900**
SPARAÐU 30.000

AAA EINKUNN | HRAÐ-VAL | 70° KERFI



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
**64.900**
ÓDÝRUST Á ÍSLANDI

# Electrolux
**ESF-63012 Uppþvottavél**
Vönduð uppþvottavél með **5 þvottakerfum** og góðri innréttingu
- 30 mín. hraðkerfi og öflugt pottakerfi
- Framstillt ræsing möguleg
- **A/A/A einkunn** fyrir orkunýtni, þvottagæði og þurrkun

AAA EINKUNN | HRAÐ-VAL | 70° KERFI

# HELGAR SPRENGJA
## OPIÐ ALLA HELGINA!

FÖSTUDAG - LAUGARDAG - SUNNUDAG



# TAX FREE

**AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT AF ÖLLUM SMÁTÆKJUM FRÁ ELECTROLUX, DOMO & TRISTAR**

Rafha stendur að sjálfsögðu skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Rafha og jafngildir 20,32% afslætti

tvarpsvekjaraklukkur ... þúðar rafmagnstannburstaar hárklippisett
krullujárn útvarpsvekjaraklukkur sléttujárn safapressur

# Electrolux







OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
**199.900**
SPARAÐU 100.000

# Electrolux
**EMS-21400W Örbylgjuofn**
Flottur 800W 21 lítra örbylgjuofn með 6 stillingum
- 27 cm snúningsdiskur
- Afþíðing
- Verð áður kr. **29.990**

21 LÍTRAR | 1000W GRILL



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
**19.990**
SPARAÐU 10.000



# exquisit
**KB-45 kæliskápur**
Lítill og nettur skápur með litlu frystihólfi
- Verð áður kr **29.990**

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
**19.990**
SPARAÐU 10.000

# Rafha ehf

**Opið**
virka daga 9-18
laugardag 11-17
sunnudag 13-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
**www.rafha.is**

www.dacia.is

DACIA

**Dacia Duster**

Nýr sportjeppi á hrikalega góðu verði

**Kr. 3.990 þús.**

Dísil 5,3L/100 km



DACIA

BL ehf / Sævarhöfða 2
110 Reykjavík / Sími 525 8000






BBC ENTERTAINMENT ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS


# Grískt samfélag að komast á ystu nöf

**Langvarandi niðurskurður hefur haft mikil áhrif á daglegt líf í Grikklandi. Á hverjum degi missa þúsundir manna vinnuna og þeir sem fá laun greidd á réttum tíma telja sig heppna. Mótmæli eru nánast daglegur viðburður.**



**STUND MILLI STRÍÐA** Tveir mótmælendur tylltu sér stundarkorn meðan lögreglan beið átekta. NORDICPHOTOS/AFP

**GRIKKLAND, AP** Á sjúkrahúsi einu í Aþenu hefur verið sett upp skilti á vegg þar sem sjúklingar og ættingjar þeirra eru beðnir um að haga sér sómasamlega: „Læknar á vakt hafa ekki fengið greidd laun síðan í maí,“ stendur á skiltinu. „Vinsamlega sýnið störfum þeirra virðingu.“

Skilti af þessu tagi sjást orðið víða í Grikklandi, enda missa um þúsund manns vinnuna þar í landi daglega og þeir sem fá greidd laun sín á réttum tíma telja sig vera heppna.

Við fyrstu sýn virðist lífið ganga sinn vanagang í Aþenu. Mótmæli stór eða smá eru samt nánast daglegur viðburður og reglulega má sjá hópa þjóðernisöfgamanna berja á útlendingum, en hópar stjórnleysingja sjást líka berja þjóðernisöfgamenn.

„Þjóðfélagið okkar er á heljarþröm,“ sagði Nikos Dendias, ráðherra í grísku stjórninni, stuttu eftir að skipasmíðamenn í verkfalli réðust inn á lóð varnarmálaráðuneytisins. „Ef okkur tekst ekki að halda okkur í skefjum, ef okkur tekst ekki að halda í samstöðuna, ef okkur tekst ekki að halda okkur innan ramma laganna, þá óttast ég að við endum í frumskóginum.“

Þrjú ár eru liðin síðan gríska stjórnin upplýsti hin evruríkin um að fjárlagahalli Grikklands væri mun hærri en áður hefði verið fullyrt. Þetta varð upphafið að kreppu evrusvæðisins, sem enn íþyngir nokkrum ríkjum þess verulega. Ótal fundir hafa verið haldnir, þar sem bæði Evrópusambandið og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafa reynt að finna leiðir til að halda vandanum í skefjum.

Grikkland hefur þurft að skera harkalega niður í ríkisfjármálum, meðal annars með því að lækka laun og hækka skatta, í skiptum fyrir lán úr neyðarsjóði ESB og frá AGS upp á samtals 240 milljarða evra, eða nærri 40.000 milljarða króna.

Niðurskurðurinn hefur komið harkalega niður á almenningi í Grikklandi, sem sér ekki fram á annað en djúpa kreppu næstu árin. Þúsundir fyrirtækja hafa farið á hausinn, atvinnuleysi er komið yfir 25 prósent og meira en helmingur yngri kynslóðarinnar er atvinnulaus.

Stjórnvöld hafa síðustu vikurnar þurft að lofa enn frekari niðurskurði til að uppfylla þau skilyrði sem ESB og AGS setja fyrir næstu innborgun úr neyðarsjóðnum. Á leiðtogafundi ESB síðar í þessum mánuði ræðst hvort nýjustu loforð grísku stjórnarinnar verða látin duga.

gudsteinn@frettabladid.is




# Byrjaðu jólin í BAUHAUS®

Jólalandið okkar er ævintýri líkast, mörg hundruð fermetrar af vönduðum jólaseríum og jólavörum.
Við bjóðum m.a. eitt mesta úrval landsins af umhverfisvænum LED úti- og inniseríum á góðu verði.
Komið og upplifið jólastemninguna og leyfið okkur að koma ykkur á óvart með ótrúlegu jólaúrvali á lægra verði.



## Sken

**LED LÁGVÖRUVERÐSSERÍUR**

24 volt með straumbreyti. Það er ekki hægt að tengja seríurnar saman. Viðurkennt til notkunar utanhúss.

MARK SLÖJD SWEDEN

**LED ÚTISERÍA**
40 LED perur.

**1.095,-!**

| | |
|---|---|
| Með 80 LED perum. | 1.995,- |
| Með 120 LED perum. | 3.995,- |
| Með 160 LED perum. | 4.995,- |
| **NETSERÍA** 2 x 3 metrar, með 240 LED perum. | 9.995,- |
| **GRÝLUKERTI** Með 100 LED perum. | 4.995,- |

## Price Line

**LED GÆÐASERÍUR**

Gæða útiseríur 230 volta kerfi án straumbreytis Hægt að tengja saman við aðrar keðjur úr seríunni. Viðurkenndar til notkunar utanhúss.

MARK SLÖJD SWEDEN

**LED ÚTISERÍA START**
Samtengjanlegar með 80 LED perum.

**7.995,-!**

| | |
|---|---|
| **SAMTENGJANLEGAR AUKASERÍUR** Með 40 LED perum. | 4.495,- |
| Með 80 LED perum. | 6.995,- |
| **LED NETSERÍA** 1 x 1 m, með 40 LED perum. | 5.995,- |
| 1,7 x 2 m, með 80 LED perum | 7.995,- |
| **LED GRÝLUKERTI** Hæð 40 cm, lengd 2 m, með 67 LED perum. | 7.995,- |
| **SAMTENGJANLEG AUKASERÍA** Hæð 40 cm, lengd 2 m, með 67 LED perum. | 7.495,- |

VELI LINE

**LED JÓLATRÉ 70 CM**
3 stk. 70 cm á hæð með 24 LED perum hvert. Viðurkennt til notkunar utanhúss. IP44 vottað.

**3.495,-**

VELI LINE

**LED SKRAUT-TRÉ 120 CM**
Hæð 120 cm, með 100 LED perum. Viðurkennt til notkunar utanhúss. IP44 vottað Fæst í brúnu eða silfur.

**5.495,-**

KONST SMIDE

**MÖRGÆS**
Hæð 45 cm. Með 96 LED perum. IP44 vottað.



**9.995,-**

KONST SMIDE

**JÓLASVEINN**
Hæð 60 cm. Með 200 LED perum. IP44 vottað.



**19.995,-**

Auglýst verð gildir frá föstudeginum 2. nóvember til og með sunnudagsins 4. nóvember 2012. Gildir á meðan birgðir endast.

BAUHAUS®

**BAUHAUS REYKJAVIK** - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavik - www.bauhaus.is

# iPad mini

Haltu á hinum stafræna heimi í einu undratæki sem smellpassar í lófann.

## tryggðu þér eintak
## opnum kl. 10 í dag

epli.is

**Laugavegi 182**
Opnunartímar
**Virka daga** 10-18 | **Laugardaga** 11 - 16
**Sími** 512 1300 | www.epli.is

**Smáralind**
Opnunartímar
**Virka daga** 11-19 | **Fimmtudaga** 11 - 21 | **Laugardaga** 11 - 18
**Sunnudaga** 13 - 18 | **Sími** 512 1300 | www.epli.is




(Raunstærð)

# Verð frá: **59.990.-**

www.epli.is/ipad

# í dag




epli.is

**Laugavegi 182**
Opnunartímar
**Virka daga** 10-18 | **Laugardaga** 11 - 16
**Sími** 512 1300 | www.epli.is

**Smáralind**
Opnunartímar
**Virka daga** 11-19 | **Fimmtudaga** 11 - 21 | **Laugardaga** 11 - 18
**Sunnudaga** 13 - 18 | **Sími** 512 1300 | www.epli.is

Nýr og öflugri

# iPad 4

með Retina skjá




**Verð frá: 89.990.-**

www.epli.is/ipad

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Svíþjóð og Finnland taka þátt í loftrýmisgæzlu:

## Lítið skref, stór ákvörðun

Fyrir ekki svo löngu, á tíma kalda stríðsins, voru varnar- og öryggismál bannorð á þingum Norðurlandaráðs. Þess vegna eru yfirlýsingar stjórnvalda í Svíþjóð og Finnlandi um að ríkin muni taka þátt í loftrýmisgæzlu Atlantshafsbandalagsins (NATO) við Ísland stórmerkileg tíðindi.

Þögnin um varnar- og öryggismálin á sínum tíma helgaðist af ólíkri afstöðu norrænu ríkjanna til vestræns varnarsamstarfs.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Þótt kalda stríðið sé búið og öryggismálin löngu orðin eitt af umræðuefnum norræns samstarfs hefur það ekki breytzt að Svíþjóð og Finnland standa utan NATO og ekki er neinn pólitískur meirihluti í ríkjunum fyrir því að breyta því. Hins vegar hafa bæði Svíar og Finnar starfað mjög náið með bandalaginu í ýmsum verkefnum, til dæmis að friðargæzlu, og stundum er því haldið fram að starfsemi herafla þeirra sé orðin betur aðlöguð NATO en sum aðildarríkin geta státað af.

Nefnd undir forystu Thorvalds Stoltenberg, fyrrverandi utanríkisráðherra Noregs, lagði á sínum tíma til að norrænu ríkin tækju að sér það verkefni að líta eftir loftrými Íslands. Sú framtíðarsýn er ekki uppfyllt með þessari ákvörðun. Finnland og Svíþjóð hafa í raun ekki skuldbundið sig til að gera meira en að taka þátt í loftrýmisgæzlunni í nokkrar vikur í ársbyrjun 2014, þegar Noregur á að sjá um hana. Gera verður ráð fyrir að önnur NATO-ríki haldi áfram að skiptast á að sinna þessu eftirliti, að minnsta kosti enn um sinn.

Engu að síður er þetta stór ákvörðun. Þótt utanríkisráðherrar Svíþjóðar og Finnlands segi hana ekki til marks um breytingu á afstöðu þeirra til NATO þýðir hún að sjálfsögðu að ríkin tvö stíga skrefinu lengra inn í kjarna vestræns varnarmálasamstarfs.

Fyrir Norðurlandasamstarfið er þetta líka merkilegur áfangi. Það er á mörgum sviðum eitthvert nánasta milliríkjasamstarf sem þekkist. Með því að fikra sig lengra inn á svið varnarmálanna, þótt það gerist með þessu litla skrefi, er samstaða Norðurlandaríkjanna undirstrikuð enn betur en áður.

Fyrir íslenzka hagsmuni er þetta jákvætt skref. Þegar varnarliðið fór frá Keflavíkurflugvelli 2006 var stórt svæði á Norður-Atlantshafinu skilið eftir án reglubundins eftirlits og Ísland varð eina NATO-ríkið án nokkurra loftvarna. Það var óviðunandi staða bæði fyrir Ísland og fyrir Atlantshafsbandalagið. NATO-ráðið ákvað enda í kjölfarið að aðildarríkin skiptust á að sinna loftrýmisgæzlu við Ísland og kæmu í veg fyrir að til yrði öryggistómarúm, sem einhver gæti viljað freistast til að notfæra sér.

Viðbrögðin við þessari merkilegu ákvörðun varpa enn nýju ljósi á það hversu ósamstíga ríkisstjórn Íslands er. Svíar og Finnar undirstrika að yfirlýsing þeirra sé viðbrögð við beiðni íslenzkra stjórnvalda. Engu að síður vill annar stjórnarflokkurinn ekkert við málið kannast og telur varnir landsins, í hvaða formi sem þær eru, tímaskekkju og óþarfa.

Þeir sem segjast vera í norrænni velferðarstjórn ættu fremur að fagna norrænni samstöðu um að tryggja öryggi Íslands og Norðurslóða. Velferðin byggist nefnilega á friði og öryggi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Þaulvön

Nú ætla Siv Friðleifsdóttir og félagar hennar í Norðurlandaráði að gera Norðurlöndin reyklaus fyrir árið 2040. Það er öllu háleitara markmið en hitt: að draga úr áfengisdrykkju um tíu prósent á næstu 13 árum. Allt að einu getur Siv lagt til að byggt verði á planinu sem hún og félagar hennar í Framsóknarflokknum kynntu fyrir kosningarnar 1999 um vímuefnalaust Ísland 2002. Það gekk vel.

### Jarm



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir hélt fróðlegt erindi á hádegisverðarfundi Félags viðskipta og hagfræðinga í gær, þar sem umræðuefnið var kvikmyndagerð á Íslandi. Ekki síður fróðleg voru orð hennar um flokksfélaga sína: „Svo ætla ég aðeins að nefna RÚV, og ekki á sömu forsendum og þeir sem eru til dæmis í prófkjöri hjá Sjálfstæðisflokknum; að tala niður RÚV. Ég ætla ekki að taka þátt í því jarmi." Hún sagði ekki við hverja hún ætti, en það vakti athygli á dögunum þegar Elín Hirst gagnrýndi fyrrverandi kollega sína á fréttastofu RÚV harkalega.

### Í friðum flokki



Sigurður Einarsson, fyrrverandi bankastjóri, var viðstaddur málflutning um frávísunarkröfu sína í Al Thanimálinu í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Sigurður býr í London og notar greinilega öll tækifæri þegar hann er á landinu til að njóta þess sem íslenskt er. Í hádegishléinu í gær fór hann með verjanda sínum, Gesti Jónssyni, meðsakborningnum Ólafi Ólafssyni og öðrum verjendum og fá sér pylsur á Bæjarins bestu. Þeir bætast þar með í hóp fleiri frægra manna sem þar hafa átt viðskipti – til dæmis hljómsveitarinnar Metallicu og Bills Clinton.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR




## Ógnvænlegt – fólk þorir ekki að standa á rétti sínum

Stjórnsýsla



Valgerður Bjarnadóttir
alþingismaður

Fólk og fyrirtæki óttast að kvarta til Umboðsmanns Alþingis vegna þjónustu opinberra stofnana. Það geti komið í bakið á þeim þegar leitað sé til stofnana síðar. Hið sama á við ef fólk telur að hið opinbera gangi á rétt þess. Þetta er auðvitað ekkert annað en ógnvænlegt.

Í skýrslu Umboðsmanns fyrir árið 2010 kom fram að hann hefði orðið var við að forsvarsmenn fyrirtækja í atvinnurekstri treystu sér illa til þess að bera fram formlegar kvartanir vegna eftirlitsstjórnvalda og bæru þá við ótta um að þeim yrði hegnt af hálfu stjórnvaldsins þegar kæmi að ákvörðunum í málum þeirra og tilefni til eftirlits. Slík framkoma eftirlitsstofnana á auðvitað ekki að líðast.

Í skýrslu Umboðsmanns fyrir árið 2011 kemur fram að ef einstaklingur hafi kvartað til Umboðsmanns líði hann fyrir það. Í stuttu máli: Einstaklingur kvartar til Umboðsmanns vegna þess að mál hans er ekki afgreitt innan tilsetts tíma. Þá dregur stjórnvaldið enn lappirnar og nú í skjóli þess að Umboðsmaður hefur kvörtunina til meðferðar. Hvers lags er þetta eiginlega?

> Hegðan hins opinbera sem veldur því að fólk og fyrirtæki veigra sér við að standa á rétti sínum þarf að uppræta.

Vald er vandmeðfarið. Það er alltaf óþolandi þegar sá sem valdið hefur misbeitir því. Þetta á alltaf við, sérstaklega þegar hið opinbera á í hlut. Hið opinbera er til fyrir okkur öll og til að þjóna okkur öllum.

Sérstakar reglur eru til um hvernig fólk í opinberum störfum á að starfa. Þessar reglur heita stjórnsýslulög. Telji fólk að þessi lög séu brotin á það að láta reyna á rétt sinn – ekki hika við það. Umboðsmaður Alþingis tekur það óstinnt upp ef hann hefur veður af því að það komi á einhvern hátt niður á þeim sem vilja standa á rétti sínum.

Mörgu þarf að breyta og margt að laga í stjórnsýslunni. Hegðan hins opinbera sem veldur því að fólk og fyrirtæki veigra sér við að standa á rétti sínum þarf að uppræta.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Happdrættiseftirlit ríkisins

Í DAG
Pawel Bartoszek
Stærðfræðingur



Stundum eru nafngiftir opinberra stofnana þannig að halda mætti að einhver hefði lesið bókina 1984, séð þar nöfnin „Sannleiksráðuneyti“ og „Friðarráðuneyti“ og hugsað með sér: „Þetta er sniðugt. Gerum eins.“

Opinberum „stofnunum“ fækkar. Opinberum „stofum“ fjölgar: jafnréttisstofa, neytendastofa… Kannski að menn haldi að sæta stofuendingin fái fólk til að gleyma því að margar þessara stofnana fara með vald til að rannsaka, banna, sekta og fyrirskipa. Nýjasta stofan er svokölluð happdrættisstofa. Það stendur nefnilega til að reyna að hindra fólk í því að spila póker á netinu. Þar af leiðandi þarf einhverja stofnun til að fylgjast með því hvað fólk gerir á netinu og hverju fólk eyðir peningunum sínum í. Ég veit ekki hvort ég á að hlæja eða gráta. Ég ætla að hlæja. Hlátur er vörn líkamans við ótta.

### Citation needed, Ögmundur

Margt er reynt að gera til að sannfæra fólk um nauðsyn þess að banna fólki að leika sér á netinu. Í inngangi að nýlegri skýrslu um fjárhættuspil á Íslandi hélt Ögmundur Jónasson eftirfarandi fram:

„Ágengasta spilaformið í seinni tíð er svo fjárhættuspil á Netinu sem soga þegar til sín milljarða í dýrmætum gjaldeyri og eyðileggja enn dýrmætari líf þeirra einstaklinga sem ánetjast þessum vágesti.“ Síðar kom fram í upplýsingum frá innanríkisráðuneytinu að útgjöldin væru 1,5 milljarðar. Ég spurði í grein hér í Fréttablaðinu í mars sl. hvernig sú tala væri fengin. Í júlí birti Ögmundur svo svargrein til mín þar sem hann sagði m.a. annars:

„Því er til að svara að talan um fé sem fer í fjárhættuspil á Netinu byggist á áætlun kortafyrirtækjanna. Þetta er því engin ágiskun mín heldur ískalt mat þeirra aðila sem bestar hafa upplýsingarnar.

Kortafyrirtækin telja sig geta staðhæft að heildarvelta Íslendinga í erlendri netspilun hafi verið um 1,5 milljarðar króna árið 2011.“

Ég sendi fyrirspurn á innanríkisráðuneytið og bað um aðgang að þeim gögnum sem ráðherrann nefnir. Það eru nefnilega margar spurningar í þessu. Eru milljarðar króna í töpuðum gjaldeyri orðnir að 1.500 milljónum í kortaveltu? Sumir græða stundum á því að spila póker, er það dregið frá í þeirri tölu? Eru þetta öll fyrirtækin? Hvaða aðferðafræði nota þau til að flokka útgjöldin? Aðalmálið er samt bara að í opinberri umræðu er ekki boðlegt að vísa til gagna sem enginn getur sannreynt. Ég sendi fyrirspurnina sama dag og Ögmundur birti grein sína, 16. júlí. Ég bíð enn svars.

Í sömu grein sagði Ögmundur jafnframt: „Samkvæmt upplýsingum sem innanríkisráðuneytið fékk frá Noregi má ætla að kortafyrirtæki vanáætli þessar fjárhæðir.“

Þetta hljóma eins og mjög fróðlegar upplýsingar. Koma þær frá norska ríkinu? Norskum háskóla? Norskum vini ráðherra? Og hvaða upplýsingar voru þetta? Útreikningar? Skýrsla? Sjónvarpsþáttur?

Ég bað ráðuneytið einnig um aðgang að þessum óljósu, en þó norsku, upplýsingum. Svörin í þessu tilfelli hafa einnig látið á sér standa.

Það þykir mér dálítið undarlegt. Ég verð að segja að ég hef almennt ágæta reynslu af því að senda ráðuneytum fyrirspurnir. En í þessum málum er fátt um svör.

### Íslenska hólfið

Rifjum upp: Ítarleg rannsókn hefur leitt í ljós að 0,8% Íslendinga eiga við líklega spilafíkn að etja. Þetta, ásamt óljósum og ósannreyndum útgjaldatölum, er notað sem rök fyrir því að banna fólki að spila póker á netinu. Hugsanlega á að loka á pókersíður, loka á greiðslur til þeirra og setja á fót sérstaka stofnun til að fylgjast með því að bönnin haldi.

Þetta er vont. Því fleiri slík bönn sem eru sett, þeim mun líklegra er að netið hólfist niður og vefsíður þjóði almennt ekki þjónustu sína nema á fáum og stórum markaðssvæðum af ótta við að verða brotleg við lög einhverra annarra ríkja. Þar með verðum við fátækari. Við munum sitja á þeim fáu íslensku síðum sem lúta íslenskum lögum og borga með okkar íslensku kreditkortum fyrir þá íslensku þjónustu sem hinir íslensku aðilar vilja veita okkur Íslendingum hér á Íslandi. Og íslenskar stofnanir munu sjá til þess að við förum okkur ekki að voða.

Nei, fyrirgefið, ekki íslenskar stofnanir. Íslenskar stofur.

# Kaflaskil í norrænni samvinnu

Norræn samvinna
Gunnar Alexander Ólafsson
Elvar Örn Arason
stjórnmálafræðingar og áhugamenn um norræna samvinnu





Á nýafstöðnu þingi Norðurlandaráðs var upplýst að Svíþjóð og Finnland myndu taka þátt í sameiginlegu loftrýmiseftirliti Norðurlanda á Íslandi. Loftrýmiseftirlit flugherja Norðurlanda er ein tillaga af mörgum um nánara samstarf á sviði öryggis- og varnarmála sem fram kom í skýrslu sem kennd er við Thorvald Stoltenberg, fyrrverandi utanríkisráðherra Noregs. Hann samdi skýrslu árið 2009 fyrir utanríkisráðherra Norðurlandanna um norrænt samstarf í öryggis- og varnarmálum. Í skýrslunni voru settar fram þrettán tillögur sem miða að því að efla norrænt samstarf á ofangreindum málum.

Tillaga Stoltenbergs um norrænt loftrýmiseftirlit yfir Íslandi sem ákveðið hefur verið að hrinda í framkvæmd er frumleg og ögrandi, þar sem hvorki Finnar né Svíar eiga aðild að NATO. Að okkar mati er þessi ákvörðun fyrsta skrefið í jákvæðari þróun, þ.e. þeirri að Norðurlandaríkin taki smám saman að sér stærra hlutverk varðandi öryggis- og varnarmál innan Norðurlanda. Í þessu sambandi er athyglisvert að bæði Finnland og Svíþjóð eru hlutlaus ríki og bæði aðildarríki ESB, en þátttaka þeirra í öryggis- og varnarsamstarfi er byggð á grundvelli norrænnar samvinnu. Ákvörðunin um loftrýmiseftirlitið yfir Íslandi tvinnar því saman hagsmuni Norðurlandaríkja, NATO og stefnu ESB í öryggis- og varnarmálum.

Aukið samstarf Norðurlandaríkjanna á þessu sviði mun efla öryggi á norðlægum slóðum. Efling norræns samstarfs kæmi því til viðbótar því evrópska samstarfi og Evró-Atlantshafssamvinnu sem nú þegar á sér stað. Utanríkis-, öryggis- og varnarsamstarf ESB er í stöðugri þróun. Íslendingar geta skipað sér í sveit með öðrum norrænum ríkjum og Eystrasaltslöndunum innan þess.

Innganga Íslands í ESB ásamt nánara samstarfi Norðurlandaríkja á sviði öryggismála mun fylla það tómarúm sem skapaðist í kjölfar brotthvarfs Bandaríkjahers og minnkandi þátttöku Atlantshafsbandalagsins í öryggismálum á norðlægum slóðum.

# Vænting og vonbrigði

Samfélagsmál
Teitur Björn Einarsson
lögmaður



Mörgum er tíðrætt um virðingu Alþingis og hvernig auka megi traust löggjafans meðal almennings. Enda er það vissulega áhyggjuefni að þjóðþingið njóti ekki trausts nema hjá litlum hluta þjóðarinnar. En í hverju er þetta vantraust nákvæmlega fólgið? Er það eingöngu bundið við lélega stjórnmálamenn sem ekki eru vandir að virðingu sinni? Eða má kenna lélegri lagasetningu um og spyrja í framhaldinu hvort Íslendingar beri ekki virðingu fyrir þeim lögum sem Alþingi samþykkir? Það kann að vera að svarið felist í því að sá sem lofar öllu er dæmdur til að valda vonbrigðum þrátt fyrir góðan vilja. Væntingin er systir vonbrigðanna.

Gera á miklar kröfur til þeirra sem starfa í umboði almennings og veita þeim stöðugt aðhald. Flest erum við sammála um að hlutverk alþingismanna sé að vinna af heilindum í þágu lands og þjóðar. Telja má að ágætis samstaða sé meðal þorra landsmanna um að stefna beri að því að bæta hér lífskjör fólks og auka velsæld í samfélaginu. Samstaða um leiðir að því marki er talsvert minni og beinlínis hlutverk stjórnmálamanna að takast á um þær.

Til að reyna að auka virðingu þingsins getur verið gagnlegt að leita svara við spurningunni hvert eigi að vera hlutverk þess. Spurningin er hápólitísk og venjulega skiptist fólk í tvær fylkingar þegar spurningunni er svarað; til vinstri eða hægri. Forsjárhyggja eða frjálshyggja er kannski betri skipting. Burtséð frá því hvernig þessar fylkingar svara spurningunni er ljóst að þróunin hefur verið í átt að auknum útgjöldum og afskiptum ríkisins. Sé það lagt til grundvallar eitt og sér er ljóst að vinstri fylkingin hefur staðið sig betur við að ná sínu fram. Fögur en fölsk fyrirheit forsjárhyggjumanna um hið algóða og alltumlykjandi ríkisvald hafa ýtt undir óraunhæfar væntingar til hins opinbera á æ fleiri sviðum mannlífsins.

Aukin krafa um að ríkið geri sífellt meira og taki meiri ábyrgð á sínar herðar leiðir óhjákvæmilega til þess að ríkið verður að hafa meiri afskipti af einstaklingum ef það á að standa undir þeim kröfum. Til að tryggja öllum réttinn til að njóta líkamlegrar heilsu að hæsta marki sem unnt er kunna því til dæmis að verða settar í meira mæli reglur sem banna óhollustu og hættulegar aðstæður. Til að ábyrgjast að bankar fari ekki á hausinn verða settar strangari reglur sem takmarka eða banna tilteknar fjárfestingar. Til að standa undir stækkandi ríkisbákni er hætt við að seilst verði æ dýpra í vasa skattgreiðenda. Það eru gömul sannindi og ný að þessi vegferð í átt að auknum ríkisafskiptum er leiðin til ánauðar og allar fyrirætlanir til að auka velsæld undir þeim kringumstæðum eru dæmdar til að mistakast.

Ef væntingar almennings standa til þess að alþingismenn leysi öll vandamál sem að þjóðfélaginu steðja er ekki nema von að traust til Alþingis mælist lítið. Það er ekki á færi Alþingis að standa undir slíkum kröfum og á ekki að vera hlutverk þess. Betur færi á því að Alþingi færðist minna í fang en ígrundaði og vandaði betur sín störf við lagasetningu. Mikilvægt er að leikreglur samfélagsins séu almennar og skýrar, umfangi og umsvifum stjórnsýslunnar stillt í hóf og að festa ríki í grunnskipan þjóðfélagsins. Mestu skiptir að hver og einn hafi rétt á að bera ábyrgð á eigin lífi og njóti til þess frelsis til orðs og æðis. Ríkisvaldinu ber að sinna afmörkuðu hlutverki á ákveðnum sviðum í þágu borgaranna en ekki vera upphaf og endir alls í samfélagi manna. Beri Alþingi virðingu fyrir því hlutverki er von til þess að virðing þess aukist á ný hjá fólki.




# Vandinn við að vera fatlaður á nóttunni

Samfélagsmál
Dóra S. Bjarnason
prófessor



Opið bréf til Bjarkar Vilhelmsdóttur og Velferðarráðs Reykjavíkurborgar, Jóns Gnarr borgarstjóra og Dags Eggertssonar, forseta borgarstjórnar.

Getur verið að yfirfærsla málefna fatlaðra hafi verið í hálfgerðu frosti frá janúar 2011? Getur verið að þekking á málum fólks með fötlun og fjölskyldum þess sé lítil hjá velferðarráði og starfsfólki á velferðarsviði Reykjavíkur? Hvernig dugar hún í þjónustu við fatlaða Reykvíkinga? Er næg samleiðni í þekkingu starfsfólksins? Er sú þekking í einhverjum tilfellum úrelt? Getur verið að það sé einkennandi fyrir velferðarráð og þjónustukerfi Reykjavíkur að fólk fái engin svör við spurningum eða útúrsnúninga? Er starfsfólk velferðarsviðs valdalaust og án verkfæra til að annast lögbundnar skyldur við að tryggja mannréttindi fatlaðra Reykvíkinga? Þessar og fleiri spurningar leita á mig, nú eftir nær tveggja ára kafkaísk samskipti okkar sonar míns, lögfræðings okkar og vina við ykkur, Vesturgarð og velferðarsvið. Málið snýst um að ég hef óskað eftir því í tæp tvö ár að fatlaður sonur minn fái fjármuni til að greiða fyrir næturvakt.

Benedikt Hákon Bjarnason er farsæll og víðförull Reykvíkingur og tónlistarunnandi á fertugsaldri. Hann hefur búið með reisn á eigin heimili í 12 ár, enda þótt hann geti aldrei verið einn sökum fötlunar sinnar og flogaveiki. Við komum á fót því sem nú nefnist í lögum „notendastýrð persónuleg aðstoð“ (NPA) og Benedikt fékk fyrstur fjölfatlaðra manna hér á landi (2001-2011) slíkan stuðning. Greiðslurnar hafa aldrei staðið fyllilega undir kostnaði við aðstoð við Benedikt og vorum við árlega sett í betlarastöðu gagnvart Svæðisskrifstofu Reykjavíkur. Ég og vinir Benedikts sáum um þann stuðning sem á vantaði.

Benedikt deilir heimili sínu með þremur aðstoðarmönnum, erlendu námsfólki á líku reki og hann. Hann á líf sitt og lífsgæði undir árvekni þess. Starfsmennirnir aðstoða hann til skiptis á daginn og á ólaunuðum næturvöktum. Þegar Reykjavíkurborg tók við málaflokknum varð Benedikt þjónustuþegi Vesturgarðs. Ég sótti strax í janúar 2011 um næturvaktir svo Benedikt þyrfti ekki lengur að vera upp á mig og góðvild starfsfólksins kominn. Á þeim tíma þurfti Benedikt að skipta út flogaveikilyfjum sem hann hefur notað frá 1995 og gerir enn. Slíkar breytingar geta kallað fram flogaköst sem ég vil ekki leggja á Benedikt og aðstoðarfólk í sjálfboðavinnu.

Vesturgarður tók okkur upphaflega vel. Hófst nú mikil fundaröð um þetta einfalda mál. Á vordögum 2011 var syni mínum boðin hálf næturvakt (greiðsla fyrir fjórar stundir), sem við vorum þá tilbúin að þiggja í ljósi 11 ára reynslu af því að taka það sem býðst hverju sinni og semja betur næst. Þetta tilboð var hins vegar afturkallað án raka og syni mínum boðin „notendastýrða, persónulega aðstoð“ (NPA) í tilraunaskyni. Í haust 2012 stóð honum þetta skyndilega aftur til boða. Við höfnuðum því enda er Benedikt fatlaður 24 tíma sólarhrings. Ég er ekki tilbúin til að sitja fleiri baráttufundi vegna málsins.

Í stuttu máli hefur umsókn Benedikts verið hafnað tvívegis og án haldbærra raka. Ítrekaðar fyrirspurnir mínar, lögfræðibréf, vönduð skýrsla fötlunarfræðings og skorinort bréf frá sérfræðilækni sem staðfestir að „Benedikt er flogaveikur og fjölfatlaður og þarf aðstoð allan sólarhringinn“, hafa fallið í grýttan jarðveg, ekki verið svarað eða svarað með útúrsnúningum. Læknabréfið þótti til dæmis ekki nægilega nákvæmt.

Borgarstjórinn úr Besta flokknum, Jón Gnarr, þáði teboð heima hjá syni mínum í sumar ásamt tveimur öðrum gestum úr forystu Samfylkingarinnar og embættiskerfinu. Þetta var ánægjulegt heimboð sem lauk með því að Benedikt og borgarstjóri tóku höndum saman í léttum dansi. Gestum mátti vera ljós þörf Benedikts og umhyggja starfsfólksins hans.

Ég er 65 ára og er að gefast upp á því að þurfa að taka svona slag. Ég er ekki lengur fær um að stökkva til ef eitthvað bilar í þjónustu við son minn. Allir foreldrar eiga rétt á að eldast og deyja. Ég kaus Samfylkinguna fyrir Reykjavík, því ég treysti þeim flokki til að standa vörð um mannréttindi á þessum erfiðu tímum. Var það dómgreindarbrestur? Nú get ég fátt annað gert en að bjóða ykkur, forystufólki borgarinnar, heim til Benedikts nokkur kvöld. Dagur, þú ert velkominn fyrstur, því þér treysti ég best í krafti menntunar þinnar. Þér er hér með boðið að koma 4. nóvember kl. 22 og gista á Reynimelnum. Málið er að öðru leyti í höndum lögfræðings enda varðar það mannréttindi.

*Með vinsemd og virðingu*
*Dóra S. Bjarnason*

> Á vordögum 2011 var syni mínum boðin hálf næturvakt (greiðsla fyrir fjórar stundir), sem við vorum þá tilbúin að þiggja í ljósi 11 ára reynslu af því að taka það sem býðst hverju sinni og semja betur næst. Þetta tilboð var hins vegar afturkallað án raka...

# Naglar óþarfir í Reykjavík

Umferð
Ólafur Bjarnason
samgöngustjóri



Enn einu sinni stígur framkvæmdastjóri FÍB fram og rómar ágæti nagladekkja og kennir lélegu malbiki um slit á götum borgarinnar. Það er staðreynd að hér eru stærri og þyngri bílar en almennt gerist í borgum sem við berum okkur saman við. Þung og hröð umferð slíkra bíla spænir upp hvaða malbik sem er. Stærri hluti skattfjár fer í endurnýjun á malbiki en þörf er á. Þýskaland hefur fyrir löngu bannað notkun nagladekkja vegna slits á vegum og götum og er þar malbik ekki af verri endanum.

Sem betur fer hefur í Reykjavík á síðasta áratug náðst verulegur árangur í fækkun bíla á negldum dekkjum á sama tíma og umferðarslysum hefur einnig fækkað. Ekki er þörf á því að aka á negldum dekkjum í borginni, en mikilvægt að vera á góðum dekkjum og aka eftir aðstæðum hverju sinni. Á höfuðborgarsvæðinu hafa strætisvagnar verið á ónegldum dekkjum um langt árabil án vandræða.

Það er ekki raunhæft að banna nagladekk í Reykjavík. Fyrir þá sem aka reglubundið um fáfarna vegi og fjallvegi að vetrarlagi geta góð nagladekk aukið öryggi.

Allra síðustu ár hafa um 35% bíla í borginni verið á nagladekkjum að vetrarlagi. Markmið er að ná því niður í 20%. Fyrirmyndir eru sambærilegar borgir í Noregi.




# Öruggt og heilnæmt umhverfi fyrir alla

Mannvirkjagerð
Svandís Svavarsdóttir
umhverfis- og auðlindaráðherra



Stjórnvöldum er iðulega legið á hálsi fyrir að vera skammsýn og fyrirhyggjulaus. Nærtækt er að benda á hrun bankakerfisins, þar sem framtíðarhagsmunum þjóðar var stefnt í voða, meðal annars vegna ófullburða regluverks og eftirlitskerfis. Það er engum blöðum um það að fletta hversu mikilvægt er að setja samfélaginu skýrar, öflugar og framsýnar leikreglur.

Vandinn við að setja slíkar reglur er hversu erfitt er að spá fyrir um framtíðina. Því er skiljanleg sú tilhneiging að ganga út frá ríkjandi ástandi þegar leikreglur framtíðarinnar eru settar.

**Horft til framtíðar án hindrana**

Fyrr á þessu ári tók gildi ný byggingarreglugerð. Undanfarið hefur verið gagnrýnt að í henni séu gerðar miklar kröfur til húsbyggjenda sem leiði til kostnaðarauka.

Umræddar kröfur snúa að atriðum á borð við algilda hönnun, sem tryggja á jafnt aðgengi allra. Þarna er ekki einungis tekið tillit til þeirra sem búa við varanlega hreyfihömlun, heldur alls almennings. Það er kunnara en frá þurfi að segja að einstaklingar missa stundum hreyfigetu tímabundið vegna óhappa eða veikinda og það er lögmál lífsins að eldast, með tilheyrandi hreyfiskerðingu fyrir þorra fólks. Með aukinni áherslu á að eldri borgarar búi sem lengst í eigin húsnæði eykst þörfin fyrir aðgengismál séu í lagi.

Það lýsir framsýni Alþingis að mannvirkjalög breyttust í meðförum þess, á þann hátt að stjórnvöldum væri skylt að tryggja aðgengi fyrir alla. Í stað þess að ganga út frá þröngu sjónarhorni hins óbreytta ástands eru gerðar kröfur um að húsnæðið geti þjónað notendum þess á ólíkum tímum og við misjafnar aðstæður. Málið snýst um að gera samfélagið í heild aðgengilegt fyrir alla. Þannig samfélag hljótum við öll að vilja.

**Sjálfbærni og hagkvæmni**

Auknar kröfur um sjálfbærni í mannvirkjagerð hafa einnig verið gagnrýndar. Hefur þar farið hátt að auknar kröfur um einangrun bygginga muni ekki skila sér í lækkun kostnaðar við rekstur þeirra. Þetta byggir á því að hér verði húshitunarkostnaður alltaf lágur – óbreytt ástand. Reyndin er hins vegar að hér er ekkert fast í hendi eins og dæmi um gjaldskrárhækkanir sýna. Þá hefur hluti landsmanna aldrei getað nýtt sér ódýran jarðvarma til upphitunar, heldur orðið að treysta á aðra og dýrari orkugjafa. Það er ekki bara framsýni fólgin í því að auka kröfur um einangrun nýbygginga, heldur er það hið eina rökrétta. Hver vill standa frammi fyrir því að húseigendur þurfi upp til hópa að endureinangra híbýli sín með þeim mikla kostnaði sem slíkri eftiráaðgerð tilheyrir, allt vegna skammsýni í setningu reglugerða einhverjum árum fyrr?

Einnig vaknar áleitin spurning um það hvers vegna Íslendingar ættu að sætta sig við að gerðar séu minni kröfur til húsnæðis hér en í nágrannalöndunum. Helstu nýmæli í reglugerðinni sækja fyrirmyndir til byggingarreglugerða á Norðurlöndum og í Evrópu og var áhersla lögð á að Íslendingar yrðu ekki eftirbátar annarra í þessum efnum. Það er varasamt að slá af kröfum vegna stundarhagsmuna þegar um stærstu fjárfestingar einstaklinga er að ræða. Í þessu gildir að vanda skal til þess er vel á að standa. Allt of mörg dæmi um rakaskemmdir og sveppagróður í nýlegum byggingum sýna og sanna hversu dýrkeypt skammsýni getur verið í mannvirkjagerð.

**Breyttar stærðir og aukinn sveigjanleiki**

En hvað gagnast góðar fyrirætlanir ef fæstir hafa ráð á að koma sér upp þaki yfir höfuðið? Því hefur verið haldið fram að byggingakostnaður aukist um tugi prósenta með tilkomu þessarar nýju reglugerðar. Þegar dæmin eru skoðuð kemur hins vegar í ljós að kostnaðurinn er mjög orðum aukinn. Þetta á ekki síst við þegar dæmi eru tekin af stúdentagörðum, sem sérstaklega er fjallað um í byggingarreglugerðinni og enn meiri sveigjanleiki er gefinn í hönnun slíks húsnæðis.

Vissulega munu tiltekin atriði nýrrar byggingarreglugerðar leiða til aukins kostnaðar. Sum þessara atriða eiga að tryggja öryggi íbúa eða auka gæði mannvirkjanna. Önnur eru til komin vegna áherslu Alþingis á aðgengi fyrir alla.

Á móti slíkum kostnaðarauka kemur m.a. aukinn sveigjanleiki í nýju byggingarreglugerðinni til að samnýta og sameina rými. Mannvirkjastofnun hefur gert samanburð á ólíkum íbúðarstærðum og birt á heimasíðu sinni. Þar sést að almennt hafi breyttar kröfur óveruleg áhrif á stærðir íbúða, ef tekið er tillit til þessa sveigjanleika.

Mannvirkjagerð er flókin og kostnaðarsöm og til margs að líta. Auknar kröfur eru ekki til komnar vegna þess að stjórnvöld séu illa þjökuð af stjórnlyndi, heldur endurspeglar það mikilvægi þess að vel takist til. Það er mikilvægt að grunnreglurnar séu skýrar og tryggi allt í senn; að húsnæði sé öruggt, það sé vandað og endingargott og að stuðla að aðgengi fyrir alla, í samræmi við alþjóðasamninga og eindreginn vilja Alþingis.

SUBARU

*Confidence in Motion*

# SPARNEYTNIR OG TRAUSTIR

## Gerðu örugg bílakaup – veldu Subaru



Subaru XV sjálfskiptur 4WD
Verð frá: 5.890.000 kr.

**6,6 l / 100 km**
í blönduðum akstri



FRUMSÝNUM 2013 ÁRGERÐ

Subaru Outback LUX sjálfskiptur 4WD
Verð frá: 6.490.000 kr.

**7,6 l / 100 km**
í blönduðum akstri



**TILBOÐ**

Subaru Forester sjálfskiptur 4WD
Verð frá: 5.890.000 kr.

**7,5 l / 100 km**
í blönduðum akstri

Aukahlutapakki að verðmæti **450.000 kr.** fylgir nokkrum Subaru Forester:

- Húddhlíf
- Stuðarahlíf
- Gluggahlífar
- Dráttarbeisli
- Heilsársdekk



## SÉRSTAÐA SUBARU

Ólíkt mörgum nýjum jepplingum, sem margir hverjir eru einungis með hjálpardrif til að bregðast við í krefjandi aðstæðum, er Subaru með sítengt aldrif sem deilir sífellt afli jafnt milli fram- og afturáss. Þú getur því treyst á akstursöryggi og stöðugleika Subaru.

40 SYMMETRICAL AWD

Í 40 ár hefur Subaru smíðað fjórhjóladrif í sína bíla sem njóta algerrar sérstöðu. Fjórhjóladrifið í Subaru er svokallað „Symmetrical" fjórhjóladrif með lágréttri BOXER vél og því er það jafn þungt frá vinstri til hægri. Þannig fæst aukinn stöðugleiki og öryggi í akstri.

B|L

ENNEMM / SÍA / NM54816

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílasala Austurlands / Egilstöðum / 470 5070 **BL** Sævarhöfða 2 110 Reykjavík 525 8000




Fíton SÍA

# Síðasti dagur almenns útboðs á hlutabréfum í Eimskipafélagi Íslands hf.

## Síðasti dagur almenns útboðs er í dag, 2. nóvember 2012

Í tengslum við almennt útboð skv. 43. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti á hlutabréfum í Eimskipafélagi Íslands hf. (hér eftir „Eimskip“ eða „félagið“) og umsókn félagsins um töku allra hlutabréfa í Eimskip til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. (hér eftir nefndur „Aðalmarkaður Kauphallarinnar“), hefur Eimskip birt lýsingu, sem samanstendur af samantekt, verðbréfalýsingu og útgefandalýsingu, allt dagsett 22. október 2012, auk viðauka við lýsingu félagsins, dags. 29. október 2012, skv. 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti (hér eftir sameiginlega nefnt „Lýsingin“). Lýsingin er gefin út á ensku og birt á vefsíðu félagsins, www.eimskip.is, ásamt íslenskri þýðingu á samantektinni. Útprentuð eintök af Lýsingunni má jafnframt nálgast í höfuðstöðvum Eimskips í Korngörðum 2, 104 Reykjavík. Lýsingin verður aðgengileg næstu 12 mánuði frá birtingu hennar þann 22. október 2012.

Heildarfjöldi útgefinna hluta í Eimskip nemur 200.000.000, en þar af á félagið um 6,0% eigin hluta. Allir hlutirnir eru í sama flokki og jafn rétthár. Hlutir félagsins eru gefnir út rafrænt í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. og er hver hlutur 1 króna að nafnverði. Stjórn félagsins hefur óskað eftir því að EIM verði auðkenni hlutabréfanna í kerfum NASDAQ OMX Iceland hf. (hér eftir nefnd „Kauphöllin“).

**Almennu útboði lýkur kl. 16:00 í dag, föstudaginn 2. nóvember 2012**

Almennt útboð hófst kl. 10:00 þriðjudaginn 30. október og stendur til kl. 16:00 í dag, föstudaginn 2. nóvember 2012. Seljendur eru Landsbanki Íslands hf., ALMC hf. og Samson eignarhaldsfélag ehf. Eimskip hyggst selja eigin hluti verði umframeftirspurn í almenna útboðinu. Seljendur í útboðinu munu bjóða til sölu 10.000.000 áður útgefna hluti í Eimskip, sem samsvarar 5% af heildarhlutafé félagsins. Verði umframeftirspurn mun Eimskip bjóða til sölu allt að 6.000.000 af eigin hlutum og stækkar útboðið þá í allt að 8% af útgefnum hlutum eða samtals 16.000.000 hluti. Lágmarksáskrift er 25 þúsund krónur fyrir starfsmenn Eimskips og 50 þúsund krónur fyrir aðra fjárfesta. Útboðsgengið er fast, kr. 208 á hlut, og var ákvarðað með hliðsjón af eftirspurn í lokuðu útboði sem haldið var fyrir almenna útboðið, á tímabilinu frá 23. október til 25. október 2012.

Útboðið er markaðssett á Íslandi. Skilyrði fyrir þátttöku í almenna útboðinu eru að þátttakendur hafi íslenska kennitölu og séu fjárráða. Áður en tekin er ákvörðun um fjárfestingu í hlutabréfum í Eimskip eru fjárfestar hvattir til að kynna sér allar upplýsingar í Lýsingunni í heild og skilmála útboðsins sem þar koma fram.

Markmið Eimskips og seljenda er að útboðið geri Eimskip kleift að uppfylla skilyrði Reglna NASDAQ OMX Iceland hf. fyrir útgefendur fjármálagerninga, um dreifingu hlutafjár. Er þá bæði horft til þess að almenningur og fagfjárfestar eignist hlut í félaginu. Það er jafnframt markmið seljenda að fá ásættanlegt verð fyrir eign sína.

Kauphöllin hefur samþykkt umsókn stjórnar Eimskips um töku allra hlutabréfa félagsins til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar, en samþykkið er háð því að félagið uppfylli skilyrði Reglna NASDAQ OMX Iceland hf. fyrir útgefendur fjármálagerninga um dreifingu hlutafjár fyrir skráningardag. Gert er ráð fyrir að 16. nóvember 2012 verði fyrsti dagur viðskipta með hlutabréf félagsins á Aðalmarkaði Kauphallarinnar, en hann verður tilkynntur af Kauphöllinni með minnst eins viðskiptadags fyrirvara. Seljendur áskilja sér rétt að falla frá útboðinu ef Kauphöllin samþykkir ekki endanlega fyrirliggjandi umsókn félagsins um að hlutabréf í Eimskip verði tekin til viðskipta. Niðurstöður almenna útboðsins munu liggja fyrir að morgni mánudagsins 5. nóvember 2012.

**Skráning og nánari upplýsingar**

Skráning fyrir hlutabréfum fer fram á heimasíðu Straums fjárfestingabanka hf., www.straumur.com og á heimasíðu Íslandsbanka hf., www.islandsbanki.is. Nánari upplýsingar um Eimskipafélag Íslands hf. og skilmála almenna útboðsins má finna í Lýsingu Eimskips. Fyrirtækjaráðgjöf Straums fjárfestingabanka hf. og Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. hafa umsjón með almenna útboðinu og því ferli að fá hlutabréf félagsins tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar. Straumur fjárfestingabanki hf. og Íslandsbanki hf. veita nánari upplýsingar um útboðið í síma 525 7070 frá kl. 10:00 til 16:00 í dag, föstudaginn 2. nóvember 2012.

Reykjavík, 2. nóvember 2012
Stjórn Eimskipafélags Íslands hf.

STRAUMUR    Íslandsbanki

# Hvers konar þjóðkirkjuákvæði?

Ný stjórnarskrá

Hjalti Hugason
prófessor



Lokatölur í þjóðaratkvæðagreiðslunni 20. október urðu athyglisverðar. Kjörsókn var um 50%. Tveir þriðju vilja að byggt verði á frumvarpi stjórnlagaráðs. Þó vék meira en helmingur kjósenda frá þeirri meginvísbendingu með því að svara þjóðkirkjuspurningunni með „Já“-i.

Það augljósa í stöðunni er að þrátt fyrir mikið fylgi við tillögur stjórnlagaráðs í heild verður að víkja 19. gr. þeirra til hliðar. Mikill stuðningur við frumvarp ráðsins veldur því þó að reyna verður að fara sem næst þeim grunni sem þar er að finna.

### Hvað merkir „Já“?

Spurning nr. 3 í atkvæðagreiðslunni hljómaði ekki upp á óbreytta 62. gr. í núgildandi stjórnarskrá.

Við sem svöruðum með „Já“-i getum hafa lagt mismunandi merkingu í svarið. Við hljótum samt að hafa verið sammála um að þjóðkirkjuhugtakið þyrfti að koma fyrir í stjórnarskrártextanum. Annars væri vart um þjóðkirkjuákvæði að ræða.

### Fær leið?

Ein leið til að sætta framangreind sjónarmið þessa er að orða nýja 19. gr. í frumvarpi byggðu á tillögu stjórnlagráðs á eftirfarandi hátt:

Kveða skal á um stöðu þjóðkirkjunnar sem og annarra skráðra trú- og lífsskoðunarfélaga í lögum.

Nú samþykkir Alþingi breytingu á ákvæðum laga um stöðu þjóðkirkjunnar og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar.

Í ákvæði sem þessu er farin sama leið og í 19. gr. stjórnlagaráðs með því að skapa stjórnarskrárgrunn undir lagaákvæði þar sem nánar er kveðið á um stöðu þjóðkirkjunnar. Ákvæðið gengur þó mun lengra en 19. gr. stjórnlagaráðs. Þar er um heimildarákvæði að ræða. Hér er lögð sú skylda á löggjafann að kveða á um stöðu þjóðkirkjunnar í lögum. Þá kemur þjóðkirkjuhugtakið fyrir í ákvæðinu, öfugt við það sem uppi er á teningnum hjá stjórnlagaráði. Af ákvæðinu er því ljóst að í landinu starfar þjóðkirkja, að málefni hennar heyra undir opinberan rétt, að staða hennar sem þjóðkirkju er skilgreind í lögum og að þjóðin hefur síðasta orðið þegar um breytingar á stöðu þjóðkirkjunnar er að ræða rétt eins og nú er.

### Stjórnarskrárgrunnur undir trúmálarétt

Styrkleiki þeirrar tillögu sem hér er kynnt felst í því að hún skapar stjórnarskrárgrunn undir trúmálarétt sem er þó sveigjanlegri og rúmar meiri jöfnuð en 62. gr. núgildandi stjórnarskrár. Því er slegið föstu að kveðið skuli á um stöðu þjóðkirkjunnar í lögum. Þetta er nú gert í 1. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Þar segir:

Íslenska þjóðkirkjan er sjálfstætt trúfélag á evangelísk-lúterskum grunni.

Ríkisvaldinu ber að styðja og vernda þjóðkirkjuna.

Skírn í nafni heilagrar þrenningar og skráning í þjóðskrá veitir aðild að þjóðkirkjunni.

Verði fyrrgreind tillaga samþykkt verður þessari grein laganna eða hliðstæðu hennar ekki breytt án þjóðaratkvæðagreiðslu. Öðrum greinum laganna má hins vegar breyta án slíkrar vegferðar. Að þessu leyti er tillagan afdráttarlausari en tillaga stjórnlagaráðs sem kvað á um „kirkjuskipan ríkisins“ og þjóðaratkvæðagreiðslu um breytingar á henni. Að vísu kann samstaða að hafa ríkt um að inntak „kirkjuskipanar ríkisins“ væri hvorki neitt meira né minna en að ofan greinir. Það er þó kostur að vera laus við tækniheiti í stjórnarskrá sem kalla á sérstaka túlkun – jafnvel sögulega túlkun á því hvað „kirkjuskipan ríkisins“ merkti árið 1920 þegar orðalagið komst inn í stjórnarskrána.

### Tillagan rúmar jöfnuð

Í tillögunni er einnig áskilið að kveðið skuli á um stöðu annarra skráðra trú- og lífsskoðunarfélaga í lögum. Það er nú gert í lögum um skráð trúfélög nr. 108/1999 sem í framtíðinni munu vonandi áskilja lífsskoðunarfélögum sambærilegan rétt til skráningar og trúfélög njóta nú að uppfylltum skilyrðum sem tilgreind verða í lögnum.

Á stöðu þjóðkirkjunnar og stöðu annarra skráðra trú- og lífsskoðunarfélaga er sá meginmunur að ákvæðum laga um stöðu trú- og lífsskoðunarfélaga má breyta án þjóðaratkvæðagreiðslu enda skarast þau ekki við þjóðina með neinu sambærilegu móti og þjóðkirkjan. Í tillögunni er því tekið tillit til sérstöðu hennar hvað stærð og samfélagsleg hlutverk áhrærir.

Það skyggir ekki á þjóðkirkjuna þótt öðrum trú- og lífsskoðunarfélögum sé skapaður traustari stjórnarskrárgrunnur en nú er, jafnvel þó það sé gert í þeirri grein sem um hana fjallar. Í því efni rúmast ofangreind tillaga enda innan ályktunar aukakirkjuþings þjóðkirkjunnar sem kallað var saman í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslunnar en henni lauk með orðunum:

... hvetur þingið til þess að áfram verði ákvæði um þjóðkirkju í stjórnarskrá og að staða og réttindi annarra trú- og lífsskoðunarfélaga verði tryggð.

# Leiðin krókótta

Ný stjórnarskrá

Hjálmtýr Heiðdal
kvikmyndagerðarmaður



Nú hefur enn einn sjálfstæðismaðurinn bæst í hóp þeirra sem sjá ný og óvænt tækifæri í atkvæðum þeirra Íslendinga sem ekki mæta á kjörstað. Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi formaður flokksins, skrifar í Fréttablaðið 27.10.12. um „svör minnihlutans og þögn meirihlutans“ í nýafstaðinni þjóðaratkvæðagreiðslu. „Þögn meirihlutans“ er hið nýja fagnaðarerindi og kemur í stað hefðbundinna úrslita í lýðræðislegum kosningum. Þorsteinn viðurkennir að nýja „leiðin er að sönnu krókóttari“ „því að menn vita ekki hvað meirihlutinn vill“. En menn eru tilbúnir til að leggja mikið á sig til að ná til nýrra stranda og þótt leiðin sé „að sönnu krókóttari“ skal hún samt farin að mati Þorsteins!

Þorsteinn varpar fram spurningu um „hvort skynsamlegt sé að líta svo á að meirihlutinn sé svo hugsunarlaus og skoðanalaus um þessi efni að ekki eigi að gera tilraun til að ná til hans“. Það sem fyrst kemur upp í hugann er sú staðreynd að boðað var til kosninganna með öllum tiltækum ráðum og þær voru frjálsar öllum Íslendingum með atkvæðisrétt. „Tilraun“ sú sem Þorsteinn ræðir um hefur því þegar verið framkvæmd, þ.e. hér fór fram þjóðaratkvæðagreiðsla. En „tilraunin“ fór ekki að óskum Sjálfstæðisflokksins og því er hún ekki marktæk – þrátt fyrir raunverulega innihaldið þegar orðskrúði manna um annan tilgang sleppir.

Þetta afhjúpast ágætlega í eftirfarandi hugmynd Þorsteins um að „Sjálfstæðisflokkurinn leggi fram heildstætt frumvarp að endurskoðaðri stjórnarskrá og geri kröfu um að þjóðin fái að velja á milli tveggja kosta samhliða næstu alþingiskosningum. Slíkri kröfu er ekki unnt að hafna málefnalega í ljósi þess að meirihluti kjósenda hefur ekki lýst viðhorfum sínum“. Sem sagt, á meðan meirihluti kjósenda hefur ekki greitt atkvæði samkvæmt vilja Sjálfstæðisflokksins er ekki „unnt að hafna kröfu“ hans um nýjar aðferðir til að sætta þjóðina við vilja hans.

Þorsteinn telur að viðhorf sín geti helgast af málinu sem er til meðferðar, sjálfri stjórnarskrá lýðveldisins og mikilvægi sátta um slíkt stórmál.

Vissulega er stjórnarskráin grundvallarmál sem þjóðin tekst á við og hefur ferlið verið í þeim anda. Boðað var til þjóðfundar með slembiúrtaki, stofnaður var hópur sérfræðinga og valinna leikmanna til að vinna úr niðurstöðum þjóðfundarins sem síðan lagði málið í hendur stjórnlagaráðs. Kosið var til stjórnlagaþings með opinni kosningu sem allir atkvæðisbærir gátu tekið þátt í. (Millileikur Hæstaréttar er á skjön við reglur réttarríkisins og verður ekki ræddur hér). Stjórnlagaráð starfaði fyrir opnum tjöldum og var í sambandi við þúsundir manna sem lögðu orð í belg. Og stuttu fyrir atkvæðagreiðsluna var gefinn út vandaður bæklingur sem útskýrði málið lið fyrir lið.

Tvær skoðanakannanir voru framkvæmdar fyrir kosningar og sýndi sú sem hefur verið birt (MMR) nánast sömu niðurstöðu og kosningin sjálf. Af óútskýrðum ástæðum hefur Capacent ekki viljað birta niðurstöðu skoðanakönnunarinnar sem þeir gerðu.

Vandaður undirbúningur, opið ferli og skoðanakannanir eru andstæða „krókóttu leiðarinnar“ sem Þorsteini líst svo vel á.

Viðhorf Þorsteins Pálssonar mótast af mislukkaðri aðför sjálfstæðismanna og fleiri að ríkisstjórninni sem kom þessu ferli af stað með stuðningi meirihluta Alþingis. Niðurstaða Þorsteins er sú „að hvorki ríkisstjórnin né stjórnarandstaðan ríður feitum hesti frá þessari atkvæðagreiðslu“. Hann er fastur í flokkshagsmunum og átökum við stjórnarflokkana. Hann víkur ekki einu einasta orði í greininni að efnisatriðum í stjórnarskrártillögunum, ekkert skrifar hann um það hvaða vandamál hann sér í þeim. Hann einblínir á tæknileg atriði vegna þess að þar sér hann tækifæri til þess að flokkurinn stjórni för eins og þeir hafa vanist.

Framferði þeirra er aðför að lýðræðinu en ekki tilraun til að skapa okkur betri framtíð.

# Öryggi farþega í Strætó

Umferðarmál

Ragnar Jörundsson
vagnstjóri



Strætó bs. hefur á undanförnum árum unnið af miklum metnaði að bættu öryggi í umferðinni. Einn liður í þessari vinnu er sérstakt forvarnarsamstarf milli Strætó og VÍS sem staðið hefur yfir frá árinu 2008. Þetta samstarf hefur skilað verulega marktækum árangri, því umferðaróhöppum og -slysum hefur fækkað um 73% á þessum tíma.

Núna standa einmitt yfir formlegir öryggisdagar Strætó og VÍS í þriðja skipti undir heitinu Öryggisdagar Strætó bs. og VÍS, þar sem meðal annars er lögð áhersla á aukið öryggi farþega í strætisvögnunum.

En hvernig geta farþegar tryggt eigið öryggi þegar þeir ferðast með strætó?

Helstu atriði sem gott er að farþegar hugi að:

- að standa ekki alveg á ystu brún gangstéttar þegar þeir bíða eftir strætisvagni á biðstöð, sérstaklega eftir að fer að kólna og hætta er á að hálkublettir myndist.
- að hafa fargjaldið tilbúið áður en komið er inn í vagninn.
- að gefa sér tíma til að framvísa kortum og skiptimiðum þannig að vagnstjóri fái tækifæri til að lesa gildistímann.
- að vera viðbúinir þegar vagninn tekur af stað.
- að forðast troðning og færa sig aftarlega í vagninn á anna- og álagstímum.
- að sýna tillitssemi og standa upp fyrir þeim sem augljóslega þurfa frekar sæti.
- að gæta vel að yngri börnum, bæði á leið inn og út úr vagninum.
- að vera ávallt viðbúinir þegar vagninn nemur staðar.

Öll þessi atriði auka öryggi farþega og gera ferðirnar ánægjulegri og skilvirkari.

Óhappa- og slysatíðni hjá Strætó bs. er hlutfallslega mjög lág miðað við almenn óhöpp og slys í umferðinni. Að ferðast með strætó er því öruggari og þægilegri leið til að fara til og frá vinnu eða skóla, eða bara skreppa í heimsóknir. Að auki er það miklu ódýrara og minna mengandi ferðamáti.

Strætó bs. hefur stöðugt unnið að bættu aðgengi á biðstöðum. Undanfarið hefur verið gert verulegt átak í þeim efnum en þetta er þó nokkuð stórt verkefni og eftir er að lagfæra og endurbæta víða.

Við vagnstjórar hjá Strætó bs. reynum að leggja okkar af mörkum til þess að auka öryggi farþega okkar. Það er hlutverk okkar að hafa farþega Strætó í fyrirrúmi og að þeir komist heilir og sáttir á áfangastað.

*Góða og örugga ferð með Strætó!*


ÞÚ VERÐUR AÐ VIRÐA ÞREYTUNA EFTIR SLAG!



**Landsmönnum er boðið á Laugardagsfund HEILAHEILLA laugardaginn 3. nóvember 2012 kl.11-13.**

**Þórir Steingrímsson**, formaður HEILAHEILLA opnar fundinn
**Rætt við RAX ljósmyndara** [Ragnar Guðna Axelsson] og sýndar myndir
**Edda Þórarinsdóttir**, leik- og söngkona og félagar taka lagið
**Ómar Ragnarsson og Magnús Ólafsson** skemmta
**Edda Þórarinsdóttir**, leik- og söngkona og félagar taka lagið
**Dr. Sólveig Jónsdóttir PhD** fjallar um "þreytuna eftir slag"

**Kaffihlé**

**Edda Þórarinsdóttir**, leik- og söngkona og félagar taka lagið
**Katrín Júlíusdóttir**, ráðherra, segir frá reynslu sinni af slagi
**Þórir Steingrímsson**, formaður HEILAHEILLA slítur fundi

**BORGARLEIKHÚSINU**
**Allir velkomnir og kaffi á könnunni!**
**Ókeypis aðgangur!**

Heilaheill



## TRÖLLASAGA Í GERÐUBERGI

**Ástarsaga úr fjöllunum, tónleikur fyrir börn eftir Pétur Eggerz og Guðna Franzson, verður flutt í Gerðubergi á sunnudag kl. 14.00. Sagan byggir á samnefndri sögu Guðrúnar Helgadóttur og fjallar um tröllskessuna Flumbru og tröllastrákana hennar átta.**


KitchenAid®

JÓLATILBOÐ



Vélin fæst í mörgum litum - Verð frá kr. 82.990





Öllum KitchenAid® Artisan hrærivélum fylgir fimm stykkja áhaldasett ásamt matreiðslubók á íslensku.

Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is




# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Á næstunni mun hann heimsækja færustu kokka landsins og fá þá til að elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar heimsækir hann marga af færustu kokkum landsins og fær þá til að elda ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi. Í dag er það matreiðslumaðurinn Bjarni Geir Alfreðsson sem Úlfar heimsækir. Hann er betur þekktur sem Bjarni snæðingur á veitingastað BSÍ. Í dag rekur hann ásamt dóttur sinni Matbúð Mömmu Steinu á Skólavörðustíg og er einn af stofnendum Bocuse d'Or-akademíunnar. Hér færir hann okkur uppskrift að karríkjúklingi með enskum áherslum ásamt kjúklingasúpu. Hægt er að fylgjast með Bjarna Geir elda þennan girnilega rétt í kvöld klukkan 20.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

**MATMAÐUR** Bjarni rekur ásamt dóttur sinni Matbúð Mömmu Steinu á Skólavörðustíg og er einn af stofnendum Bocuse d'Or-akademíunnar.
MYND/ANTON

## KJÚKLINGUR BJARNA SNÆÐINGS

**Karríkjúklingur með enskum áherslum**



4 kjúklingalæri
smá karrí
salt og pipar
1 hvítlauksrif, saxað
½ laukur saxaður
1 lítil dós ananaskurl
1 rauð paprika grófsöxuð
kjúklingasoð
nautakraftur eftir smekk
250 ml rjómi
maizena-sósuþykkir

Hitið olíu á pönnu. Kryddið kjúklinginn með karrí og salti og brúnið í 3 mínútur. Takið kjúklinginn af pönnunni og bætið grænmeti út í ásamt karrí og brúnið örlítið. Setjið soðið út í ásamt kjúklingnum og sjóðið í 15 mínútur við vægan hita. Bragðbætið með kjötkrafti og rjóma. Þykkið með sósujafnara og kryddið eftir smekk með salt og pipar.

Borið fram með rótargrænmeti, hrísgrjónum og grænum baunum að enskum hætti.

**Kjúklingasúpa „TTK“**
***(Taka Til í Kæli)***



250 g kjúklingur eldaður (má vera strimlar eða kjúklingaafgangar)
300 g rótargrænmeti skorið í teninga
1 l kjúklingasoð
2 msk. tómatpúrra
2 hvítlauksrif söxuð
½ blaðlaukur skorinn í sneiðar
½ blómkálshaus skorinn
½ brokkolíshaus skorinn
smá karrí
1 msk. nautakraftur
tabasco-sósa eftir smekk

Hitið kjúklingasoðið og bætið grænmeti og tómatpúrru út í ásamt kjúklingnum. Bragðbætið með karrí, nautakrafti og tabasco-sósu og sjóðið í 10 til 15 mínútur. Bætið að lokum soðnu pasta, hrísgrjónum eða núðlum út í.


Annie Mist mælir með heilsuréttunum frá Nings

Annie Mist heimsmeistari í Crossfit 2011 og 2012 veit að til að ná árangri skiptir mataræði öllu máli.

Trölla trefjar



Uppáhalds réttur Anniear er Tröllatrefjar.

EKKERT salt ENGINN sykur

| Næringargildi í 100g: | |
|---|---|
| Orka | 448 kJ / 107 kkal |
| Fita | 1,4g |
| þar af mett. fitusýrur | 0,7g |
| Kolvetni | 10,2g |
| Trefjar | 1,1g |
| Prótein | 10,8g |

TRANS FITA
MSG




NINGS

Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • Sími 588 9899 • www.nings.is




# FRÆÐST UM AKRANES Á FERÐ

**GENGIÐ AÐ ELÍNARHÖFÐA** *Hallbera F. Jóhannesdóttir fer með unga sem aldna í sögugöngu að Elínarhöfða á Akranesi á morgun, en hann er á meðal umfjöllunarefna í bók hennar Á ferð og flugi með ömmu.*

Menningarhátíðin Vökudagar stendur nú sem hæst á Akranesi og eru ýmsir listviðburðir og uppákomur á dagskrá. Á morgun les skólasafnskennarinn Hallbera F. Jóhannesdóttir upp úr bók sinni „Á ferð og flugi með ömmu“ og býður í kjölfarið upp á göngu um hluta sögusviðsins. Bókin fjallar um ömmu sem ferðast með ömmudrenginn sinn milli fjalls og fjöru á Akranesi vetur, sumar, vor og haust og fræðir hann um ýmislegt sem tengist bænum í leiðinni. Drengurinn fær að heyra sögur um skessu, sjóslys, Langasandinn, Akrafjallið og Elínarhöfða.

„Sagan varð upphaflega til af því að það vantaði efni fyrir unga nemendur Brekkubæjarskóla, sem ég starfa við, um heimabyggðina, náttúruna og árstíðirnar. Ég fann ekki neitt á safni sem passaði fyrir þennan aldur og settist því niður við skriftir. Efnið lá svo ofan í skúffu í lengri tíma en það var alltaf verið að hvetja mig til að gefa það út. Ég endaði á því að leita til lista- og skagamannsins Bjarna Þórs Bjarnasonar sem féllst á að myndskreyta og sendi bókina í prentun.“

Bókin kom út í vor og seldist upp á skömmum tíma og nú er Hallbera komin með annað upplag í hendur. „Ég var alltaf með bækur í bakpokanum og seldi þær til bæjarbúa á förnum vegi.” Hallbera segir bókina tilvalið hjálpartæki fyrir foreldra og aðra aðstandendur barna á Akranesi til að fræða þau um nánasta umhverfi sitt en hún er þó fróðleg og skemmtileg aflestrar fyrir hvern sem er. Þá hefur verið tekin ákvörðun um að kenna hana á yngsta stigi grunnskólanna á Akranesi. „Bókin verður notuð í svokallað byrjendalæsi, en það er lestrarkennsluaðferð sem snýst meðal annars um að vinna með flóknari texta en áður hefur tíðkast. Þau læra ný orð eins og brim og norðangarri og vinna með þau. Þá er bókin skemmtilegur umræðugrundvöllur fyrir ýmislegt annað og fara mörg að velta því fyrir sér hvernig ömmur eru. Margir sjá fyrir sér eldri konu með gleraugu en amman í bókinni er íþróttamannsleg; hjólar, buslar í sjónum og rennir sér á þoturassi.“ Hallbera neitar því ekki að hún eigi hlut í sögupersónunni en hún er sjálf mikil útivistarkona.

Hallbera býður upp á sögugöngu að Elínarhöfða á morgun. Dagskráin hefst með sögustund í Bókasafni Akraness klukkan 13. Gestir geta í leiðinni litið sýningu á myndum Bjarna Þórs úr bókinni augum en á sýningunni eru sömuleiðis teikningar hans við Bínu bálreiðu og Rafael: Engillinn sem valdi að koma til jarðarinnar eftir Ásthildi Snorradóttur.






**ÍÞRÓTTAMANNSLEG AMMA** Amman í bókinni hjólar um allt með ömmudrenginn sinn og fræðir hann um ýmislegt sem tengist bænum í leiðinni. MYND/GVA




# ROKKIÐ ER ALLTAF FRÍTT Á DILLON

**DILLON KYNNIR** *Dillon bar tekur virkan þátt í tónlistarveislu helgarinnar og býður upp á fimmtíu tónlistaratriði um helgina.*

Vilhjálmur Sanne segir að líflegt verði á Dillon um helgina þar sem fjöldi frábærra tónlistaratriða er í boði. „Við erum ekki beinir þátttakendur á Dillon en verðum með svokallað „off-venue Airwaves“ og bjóðum upp á ókeypis rokk alla helgina. Meðal þeirra sem koma fram í kvöld eru til dæmis Noise, Dimma, Gildran, Bárujárn og Sindri Eldon en á morgun koma fram Leaves, Langi Seli og Skuggarnir, Dúkkulísur, RetRoBot og margir fleiri. Hátíðin heldur síðan áfram á sunnudag,“ segir Vilhjálmur.

„Dillon er stöðugt að vaxa því við höfum verið að taka húsið í gegn að utan og erum núna að taka þátt í þessari tónlistarhátíð í áttunda skiptið. Tónleikarnir verða allir á neðri hæðinni en fólk getur síðan slappað af yfir drykk á efri hæðinni sem við gerðum upp nýlega,“ segir Vilhjálmur enn fremur.

Dillon bar er orðinn þekktur í bæjarlífinu en hann hefur verið á Laugavegi 30 í fimmtán ár. Þar hafa margir þekktir tónlistarmenn haldið tónleika í gegnum árin við góðan orðstír, enda tónleikar að minnsta kosti þrisvar í viku. „Við erum með góða aðstöðu fyrir gesti til að hlusta á tónlist. Hér er kósí stemning og hingað kemur fólk af öllum gerðum, allt frá tvítuga rokkaranum upp í sextuga jakkafatakarlinn. Andrea Jónsdóttir er plötusnúður hússins og hér er spilað rokk frá öllum tímabilum.“




**UPPGERT** Mikið hefur verið unnið í endurbótum á húsnæði Dillons að undanförnu, bæði utan- og innanhúss. MYND/ANDTON

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

2. NÓVEMBER 2012

# Lífið

ÍSLENSK FYRIRSÆTA GERIR ÞAÐ GOTT ERLENDIS

INNLIT TIL KLÖRU Í HEIMAHÚSINU

METALL OG DIMMIR TÓNAR MÆTAST



## LÆRÐU AÐ META LÍFIÐ UPP Á NÝTT

TÍSKUHJÓNIN GUNNI OG KOLLA UM SAMSTARFIÐ, NÝJA HÖNNUN OG ERFIÐA TÍMA UNDANFARIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Lífið er á Vísi – visir.is/lifid

## HVERJIR VORU HVAR?

Fjölmennt var í Þjóðmenningarhúsinu í gær þegar hjónin Gunni og Kolla, sem prýða forsíðu Lífsins í dag, frumsýndu Freebird-tískulínuna. Þar mátti sjá listakonuna Elísabetu Ásberg, hönnuðinn **Hörpu Einarsdóttur**, Lottókynninn **Katrínu Brynju Hermannsdóttur**, Ingibjörgu Grétu Gísladóttur, framkvæmdastjóra Reykjavík Runway, Katrínu Erlu Friðriksdóttur tískubloggara, Svavar Örn útvarpsmann, Þorstein Joð fjölmiðlamann, **Katrínu Fjeldsted** innanhússhönnuð og Díönu Bjarnadóttur stílista.









Lífið

UMSJÓN
Elly Ármanns elly@365.is
Kolbrún Pálína Helgadóttir kolbrunp@365.is

Útgáfufélag 365 miðlar ehf.
Forsíðumynd Stefán
Útlitshönnun Arnór Bogason
Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is
Lífið Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
www.visir.is/lifid

Sjá nánar á visir.is/lifid



„Þetta var langur og erfiður vinnudagur. Ég vaknaði klukkan sex um morguninn. Síðan stuttu eftir hádegið byrjaði myndatakan og ég var búin klukkan ellefu um kvöldið.“





„Þrátt fyrir langan vinnutíma var þetta mjög skemmtilegt. Ég fór á framandi staði og hitti æðislegt fólk.“

# GERIR ÞAÐ GOTT Á SPÁNI

**BIRGITTA JÓNSDÓTTIR**
**HEIMABÆR: Fædd og uppalin í Keflavík með foreldrum sínum til 13 ára aldurs og flutti síðan til Spánar með fjölskyldunni.**
**ALDUR: 19 ára.**
**NÁM: Stúdent frá Menntaskólanum í Hamrahlíð.**

„Ég er að vinna hjá spænskri módelskrifstofu hérna á Spáni. Áður starfaði ég hjá Elite á Íslandi en ég ákvað að taka starfið skrefinu lengra í módelbransanum og sækja í meiri vinnu sem ég hef fengið,“ segir Birgitta, sem ákvað að taka sér árs frí eftir stúdentsprófið til að freista gæfunnar í fyrirsætubransanum úti í heimi áður en hún fer í háskóla.

„Á þessum myndum var ég bókuð í myndatöku fyrir tíu blaðsíður og forsíðumynd framan á blaði sem er svona „luxury“ tímarit og ber nafnið Outstanding Magazine. Þetta er alþjóðlegt blað sem dreifist um ýmis lönd í Evrópu og til Mið-Austurlanda. „Ég auglýsti föt og skartgripi fyrir þekkta hönnuði og var máluð af þekktum förðunarmeistara hér Spáni sem heitir Mauro Saccocini – hann vinnur fyrir Chanel.“

„Ég nýt mín best með fjölskylduna nálægt mér,“ segir Birgitta áður en kvatt er.

# FRÆGIR FAGNA

Leikkonan og rithöfundurinn Ingibjörg Reynisdóttir skrifaði um lífsgöngu Gísla á Uppsölum. Bókin ber heitið Gísli á Uppsölum en sagan er byggð á heimildum þó að Ingibjörg taki sér skáldaleyfi stöku sinnum.



Björn Sveinbjörnsson, Svava Johansen og Óskar eiginmaður Ingibjargar.



Ólafur Hannibalsson, Ómar Ragnarsson og Ingibjörg rithöfundur.



Leikstjórinn Júlíus Kemp og eiginkona hans Harpa Þórunn.

Sjá nánar á visir.is/lifid




# GLÆSILEGAR Í BLÁA LÓNINU

Vetrarfagnaður Bláa lónsins, sem fram fór í vikunni, var eftirminnilegur. Gestir gæddu sér meðal annars á kræsingum á Lava sem matreiðslumeistarar Bláa lónsins töfruðu fram.



Friðrika Hjördís Geirsdóttir.



Svanhvít Friðriksdóttir og María Sigrún Hilmarsdóttir.

Sjá nánar á visir.is/lifid






LIFE
Hönnun: Niels Gammelgaard



JOY
Hönnun: Niels Gammelgaard



GYRO
Hönnun: Jan Ekström

LÍNAN

Bæjarlind 16 I 201 Kópavogur I sími 553 7100 I linan.is
Opið mánudaga til föstudaga 12 - 18 I laugardaga 11 - 16


Eins og sjá má er fallegt heima hjá Klöru.


Notalegt sófahorn.

# HEIMSÓKN SINDRA



Klara Sigríður Thorarensen býr í fallegu húsi í Garðabænum ásamt eiginmanni og tveimur börnum en þriðja barnið er væntanlegt í heiminn hvað úr hverju. Klara er næsti gestur Sindra í þættinum Heimsókn sem sýndur er í opinni dagskrá annað kvöld strax að loknum fréttum á Stöð 2.


Spegillinn stækkar rýmið.


Eldhúsið er stílhreint.


Klara á von á sínu þriðja barni.







*Uppáhalds*

Magdalena Dubik fiðluleikari

## KÖFUN UPPÁHALDSLÍKAMSRÆKTIN

**Hvaða líkamsrækt stundar þú?** Ég reyni að nýta hversdaginn, velja stigann í staðinn fyrir lyftuna, labba út í búð og sjoppuna, lengja göngutúrana með hundinn og svo er köfunin sem á hug minn allan um þessar mundir auðvitað frábær líkamsrækt. Það eru svo margir mismunandi vöðvahópar notaðir við köfun og fyrir utan það er þetta svo skemmtilegt.

**Hvaða vítamín tekur þú?** Fjölvítamín. Ég reyni svo að borða mikið af ávöxtum til að fá vítamín úr þeim.

**Hvað gerir þú til að slaka á?** Eftir langa viku finnst mér rosalega gott að vakna frekar snemma á laugardagsmorgni þegar það er enn þá mikil kyrrð og smá rökkur. Fá mér kaffibolla og setjast í stofunni undir teppi með góða bók.

**Skemmtilegasta útivist sem þú hefur prófað?** Köfun. Svo hef ég alltaf notið þess að fara í langar og góðar fjallgöngur.

**Hvaða snyrtivörur notar þú daglega?** Ég er alveg kolfallin fyrir PENZIM, sem unnið er úr íslenskum þorskaensímum og er 100% náttúrulegt. Vinnu minnar vegna hef ég líka haft aðgang að Serumdropum og fleiri snyrtivörum sem unnar eru úr þessum sömu ensímum og eru væntanlegar á markaðinn innan fárra vikna. Þetta eru líka hreinar náttúruvörur og það er auðvitað stór plús. Svo nota ég uppáhaldspúðrið mitt All in one frá Body Shop.

**Uppáhaldsmatur?** Það er án efa sushi. Rosalega mikill fjölbreytileiki og létt í magann.

**Uppáhaldsdrykkur?** Aloe Vera King-drykkirnir eru æðislegir! Ferskjubragðið er í sérstöku uppáhaldi.

**Uppáhaldsheimasíða?** Ég held ég verði að segja Khanacademy.org. Það er svo rosalega mikið af fróðleik þar og í náminu hefur þessi síða bjargað mér gegnum margar raungreinar.

**Uppáhaldstímarit?** Ég á í rauninni ekkert uppáhaldstímarit. Mér finnst gaman að fletta í gegnum Vogue og önnur tískublöð en mér finnst samt skemmtilegast að lesa góða bók.

**Uppáhaldstilvitnun/lífsspeki?** Að lifa lífinu lifandi og njóta augnabliksins.


Magdalena Dubik



AFMÆLISHELGI
GLERÁRTORG
2 ÁRA
SMÁRATORG
5 ÁRA
DAYS SVEFNSÓFI
99.900
JÓLIN KOMIN Í PIER
99.900
2ja saeta sófi
NÝJIR PÚÐAR
the PIER
STÓLAR
Verð frá 39.900
SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880
-15%
Gegn framvísun miðans 2.-4. nóv 2012. Einn miði á hverja vöru.
-25%
Gegn framvísun miðans 2.-4. nóv 2012. Einn miði á hverja vöru. Gildir ekki af húsgögnum.
-30%
Gegn framvísun miðans 2.-4. nóv 2012. Einn miði á hverja vöru. Gildir ekki af húsgögnum.
-40%
Gegn framvísun miðans 2.-4. nóv 2012. Einn miði á hverja vöru. Gildir ekki af húsgögnum.



> Maður þarf að spyrja sjálfan sig; er ég að eyða mínum dýrmæta tíma í það sem gefur mér mest? Ef svarið er nei þá þarf maður að breyta sínu lífi.

MYNDIR/STEFÁN

# LÆRÐU AÐ META LÍFIÐ UPP Á NÝTT

**Þau deila ekki bara ástríðunni fyrir tískunni og vinna saman heldur eru þau hjón. Hjón sem hafa gengið í gegnum ýmsar raunir að undanförnu, bæði erfiðar og ánægjulegar. Má þar nefna brjóstakrabbamein, bróðurmissi og óvænta komu dóttur þeirra í heiminn. Þrátt fyrir allt standa þau með báðar fætur á jörðinni og fagna nú nýrri hönnun sinni, Freebird, sem á hug þeirra allan um þessar mundir. Lífið hitti hjónin Gunna og Kollu.**


*Jólafötin komin í Tvö Líf!*



Hit dress verð 10.990 krónur



Lace kjóll verð 10.990- krónur
sokkabuxur 1.790 krónur

Einnig erum við með 20% afslátt af öllum hlýjum yfirhöfnum um helgina!

tvö líf
www.tvolif.is Holtasmári 1 · ✆ 517 8500


**GUNNAR HILMARSSON / KOLBRÚN PETREA GUNNARSDÓTTIR**
**ALDUR:** 41 og 43
**BÖRN:** Alexander Hugo, Gabríela Tara og Isabel Mía
**STARF:** Hönnuðir

**Hvar og hvenær kynntust þið?**
**K:** Í Kringlunni, urðum ástfangin í röð kaffitíma og hádegisverða…
**G:** Við kynntumst í Kringlunni, ég vann í Hanz en Kolla í Sautján hinum megin við ganginn. Horfði á hana í tvö ár áður en ég þorði að tala við hana. Var alveg bálskotinn í henni.

**Erum við að tala um ást við fyrstu sýn?**
**K:** Ég er ekki týpan sem verður ástfangin við fyrstu sýn.
**G:** Já, hjá mér allavega enda Kolla alger skvísa.

## Tískan alltaf í kortunum

**Hvenær hófst ykkar samstarf fyrst?**
**K:** Með GK 1997.
**G:** Formlega 1997 með opnun á GK Reykjavík en það byrjaði um leið og við hittumst.

**Af hverju kusuð þið að starfa í tískugeiranum?**
**K:** Það var alltaf í kortunum.
**G:** Af einskærri ástríðu.

**Hefur alltaf gengið vel að vinna saman/aldrei neinir árekstrar?**
**K:** Það fer okkur afar vel að vinna saman. Erum ótrúlega samrýnd. Líka undir álagi sem er nóg af hjá okkur.
**G:** Já, okkur hefur gengið fáránlega vel að vinna saman. Aldrei vesen, bara ánægja.

## Stanslaus vinna að vera hönnuður

**Ef þið stiklið á stóru á ferlinum, hvað stendur upp úr eða hvaða verkefni eru ykkur kærust?**
**K:** Mér finnst gaman að gera brúðarkjóla, sérpantanir. Það er stressandi og spennandi á sama tíma en svo einstakt að taka þátt í svona stórum augnablikum annarra.
**G:** Fyrstu vikur Freebird standa upp úr. Ótrúlega spennandi verkefni. GK-árin voru líka mjög skemmtileg. Við vorum ung og græn og gerðum hlutina eingöngu frá hjartanu. Það er svo heiðarleg leið til að nálgast verkefnin.

**Hvað hafið þið lært af reynslunni undanfarin ár og hvernig nýtið þið ykkur lærdóminn?**
**K:** Að fara aldrei á taugum. Anda inn og út og spyrja sig eins hreint og hægt er: „Hvað á ég að gera?“ Lausnirnar koma alltaf.
**G:** Já, klárlega. Við gerum hlutina betur. Erum faglegri og gerum meiri kröfur til okkar sem og annara. Sættum okkur ekki við neitt nema gott. Að lifa af sem hönnuður er mikil vinna. Stanslaus vinna.



### Röð áfalla

**Þið hafið tekist á við svolítið persónulegri verkefni undanfarið, bæði erfið og ánægjuleg. Þú greindist með brjóstakrabbamein, misstir bróður þinn Loft Gunnarsson, sonur ykkar veiktist og þið eignuðust dásamlega dóttur á svipuðum tíma. Hvernig líður þér í dag með lífið og tilveruna og hvernig er heilsan?**
**K:** Heilsan er góð enda vel fylgst með manni. Að greinast með krabbamein var það fyrsta í röð áfalla á árinu. Við það að missa bróður sinn og þegar elsta barnið veikist þá lærir maður að vera ómetanlega þakklátur fyrir lífið og að fá Isabel Míu í fangið nokkrum dögum áður en Loftur bróðir dó var einstakt á erfiðum tíma. Það minnir okkur á hvað lífið er mikil gjöf sem ber að fara vel með.
**Hefur þessi tími breytt viðhorfi ykkar og lífsstíl?**
**G:** Það hljómar eins og frasi en maður lærir að meta lífið upp á nýtt og það sem maður á og hvað skiptir máli og hvað ekki. Liðnir dagar koma aldrei aftur. Sama hversu góðir eða slæmir þeir voru. Dagurinn í dag er það sem skiptir máli. Maður þarf að spyrja sjálfan sig; er ég að eyða mínum dýrmæta tíma í það sem gefur mér mest? Ef svarið er nei þá þarf maður að breyta sínu lífi. Dóttirin mætti í heiminn svona líka óvænt og er mikil guðsgjöf í alla staði. Fáránlega mikil krúttsprengja.

### Fjölskyldulíf er sameiginlegt verkefni allra

**Hver er helsti munurinn á því að verða foreldri núna komin yfir fertugt og þegar þið áttuð ykkar fyrsta barn fyrir sextán árum?**
**K:** Börn eru það dásamlegasta sem lífið færir manni. Með aldrinum öðlast maður meiri visku og ró og það hefur áhrif á mann sem foreldri. Að ala upp einstaklinga er mikið ábyrgðarhlutverk.
**G:** Það er mikill munur að eiga barn 25 ára eða 40 ára. Það er dásamlegt að eiga börn ungur en þá tekur maður hlutunum meira sem sjálfsögðum. Núna er það alls ekki svo. Nú veit maður virkilega hversu dýrmætt það er að fá að eignast barn.
**Hvernig gengur barnauppeldið samhliða starfinu? Eruð þið skipulögð þegar kemur að vinnu og starfi og leyfið þið ykkur að njóta stundarinnar saman án barna og án þess að ræða vinnuna?**
**K:** Ég er mjög skipulögð, einum of segir Gunni. Verkin skiptast nú jafnt á okkar heimili enda fjölskyldulíf sameiginlegt verkefni allra. Við höfum alltaf gefið okkur góðan tíma yfir kaffibolla á kaffihúsum til

Framhald á síðu 8



Gunnar horfði á Kolbrúnu í tvö ár áður en hann þorði að tala við hana. Hann var alveg bálskotinn í henni.

## Uppáhalds



**KOLLA**
HEIMASÍÐA? Ég fer oftast inn á Style.com, vel uppfærð síða með mikið af efni og götutísku.
HÖNNUÐUR? Hedi Slimane er að gera frábæra hluti með YSL.
TÍMARIT? Franska Officiel.
VERSLUN? One Vintage í London.
DEKUR? Dagur sem maður þarf ekki að gera neitt nema að gera það sem mann langar með fjölskyldunni.
HREYFING? Pilates hjá Auði Daníels.



**GUNNI**
HEIMASÍÐA? Samkvæmt tölvunni minni er það Net-a-porter.com, ég hefði sagt Fotbolti.net en staðreyndir tala sínu máli!
HÖNNUÐUR? Alber Elbaz hjá Lanvin.
TÍMARIT? LOVE Magazine.
VERSLUN? Liberty í London.
DEKUR? Sundlaugarbarmur á Miami.
HREYFING? Hlaup og aftur hlaup.

17 ÁRA AFMÆLI
25% afsláttur af öllum vörum
Herra Hafnarfjörður og Herra Kópavogur







Gunnar er með tvö húðflúr, „Keep walking“ og „March to the beat of your own drum“. Hann lifir eftir þeim.

MYNDIR/STEFÁN






## Framhald af síðu 7

að ræða málin, skoða fólk og tímarit og leyfa huganum að reika.

**G:** Það hafa alltaf komið hjá okkur geðveikar tarnir þar sem öll tilveran er eitt samfellt tímaspan. Við reynum samt að hafa kvöldin án vinnu en tekst það allt of sjaldan. Þar sem við teiknum bæði þá er ekki mikil skipting í sjálfu sér í vinnunni. Við vinnum yfirleitt heima svo að þetta er eitt samfellt streymi af öllu í einu. Teikna, hjálpa við nám, setja í vél, elda kjötbollur og allt það…

### Stolt af útkomunni

**En að nýja og fallega verkefninu ykkar. Segið okkur allt um tilkomu merkisins Freebird og hugmyndina á bak við það.**

**K:** Ég er venjulega þannig að ég vil góðan tíma til að hugsa hvort við eigum að fara út í verkefnin en ég var viss um að Freebird var eitthvað sem við vildum gera. Þurfti ekki að hugsa mig um lengi. Þetta er svo fallegt merki sem búið er að skapa og tækifærið svo mikið. Við munum taka okkur tíma til að gera þetta vel enda liggur okkur nákvæmlega ekkert á. Ég stefni á að leyfa mér að njóta hverrar mínútu.

**G:** Ég hef verið og er að vinna fyrir E-label en fyrir nokkrum vikum þá hafði fyrirtæki í New York samband við okkur og bauð okkur að gera nýja línu algerlega á okkar forsendum. Við höfðum verið með nafnið Freebird á flögri í nokkurn tíma og við ákváðum að slá til. Við vorum strax farin að sakna þess að vinna saman og þetta hefur gengið hratt og við erum stolt af útkomunni. Þetta er mjög fallegt merki og stendur fyrir allt sem við viljum gera.

**Hvar munu íslenskar konur getað nálgast fatnaðinn?**

**K:** Í uppáhaldsbúðinni minni, Tiia á Laugavegi, og á Freebird-vefnum.

**G:** Í dásamlegu búðinni Tiia á Laugavegi 46 og á www.freebirdclothes.com. Næstu daga verður hægt að kaupa sérvöld item úr vor 2013 Freebird-línunni á www.freebirdclothes.com sem eingöngu eru framleidd 20 stykki af fyrir Ísland. Fleiri stykki koma ekki. Þessi örfáu stykki verða send beint heim til viðskiptavina fyrir jól svo að það verða konur í fallegum Freebird-hlutum um jólin. Það er góð tilhugsun. Fyrstir koma fyrstir fá…

**Í hverju felst vinna þín með E-label, Gunni?**

**G:** Hún gengur út á að taka merkið í gegn, hanna nýjar línur, byggja upp teymi og koma merkinu á erlendan markað sem og koma því á góðan stað á heimamarkaði. Eigandi E-label, Jón Ólafsson, hefur mjög fagra sýn um fyrirtækið sem ég er hrifinn af og mun framfylgja. Sýnin er að E-label verði gróðrarstöð fyrir nýja hönnuði og gefa nýju fólki tækifæri til góðra verka og til að læra. Fleiri mættu hugsa svona.

### Hæfileikaríkir en reynslulitlir hönnuðir

**Hvar standa íslenskir hönnuðir í dag að ykkar mati og hvernig er fyrir ungt og hæfileikaríkt fólk að leggja í þennan heim?**

**K:** Hér er mikið af góðu fólki en vantar reynslu. Það eru margir sem átta sig ekki á hvaða fórnir þarf að færa til að geta gert línu eftir línu sem stenst alþjóðlega samkeppni. Það má ekki missa úr dag í sköpuninni. Þá fer lestin fram hjá.

**G:** Þeir standa nokkuð vel. Mikil þróun hefur verið síðustu árin og fyrir ungt fólk eru sömu tækifæri og fyrir hvern sem er. Heimurinn er minni en hann lítur út fyrir að vera. Ógnin er reynsluleysið.

**Eitthvað að lokum/lífsspeki, tilvitnanir, málsháttur?**

**K:** Að vera samkvæmur sjálfum sér og sáttur í eigin skinni. Það er útgangspunktur alls í lífinu.

**G:** Ég er með tvö húðflúr með mínum möntrum, „Keep walking“ og „March to the beat of your own drum“. Ég lifi eftir þeim. Þetta er ekki flókið, gera það sem hjartað segir manni og gefast aldrei upp.

CANADA GOOSE ARCTIC PROGRAM

# CANADA GOOSE®


HYBRIDGE LITE


VICTORIA


LODGE


CITADEL


CHILLIWACK


TRILLIUM

# ALDREI AFTUR KALT!

CANADA GOOSE DÚNÚLPURNAR HAFA VERIÐ FRAMLEIDDAR Í KANADA FRÁ ÁRINU 1957.

EFNIÐ ER ÞAULSTERKT OG AFAR SLITÞOLIÐ.

FYLLINGIN ER FYRSTA FLOKKS GÆSA - OG ANDADÚNN FRÁ KANADA,NÁTTÚRULEGUR OG ALGERLEGA LAUS VIÐ ÖLL ÓHOLL AUKAEFNI.

SKINNIÐ Á HETTUNNI ER EKTA SKINN, ÞAÐ FRÝS ALDREI, ER VIND- OG VATNSFRÁHRINDANDI OG HELDUR HITA Á ANDLITINU.

ÞETTA ERU ALVÖRU DÚNÚLPUR.

ÚTSÖLUSTAÐIR: SPORTÍS - MÖRKINNI 6, SPENNANDI - EIKJUVOGI 29,
CINTAMANI - BANKASTRÆTI, EVEREST - SKEIFUNNI, SPORTVER - AKUREYRI.

SPORTÍS

MÖRKIN 6 | 108 REYKJAVÍK | S:520-1000 | SPORTIS.IS


Jakki og húfa: Selected. Bolur og hanskar: Vero Moda. Stuttbuxur og sokkabuxur: Vila. Skór: 67.


Loðkápa og leðurarmbönd: Vero Moda. Rúllukragabolur, sokkabuxur og hárteygja: Vila. Pils: Selected. Skór: Billi Bi.


Blazer-jakki, buxur, hálsmen og gallavesti: Vero Moda. Blúndusamfella: Vila Skór: 67.


Rúllukragabolur og hárteygja: Vila. Hárteygja: Vila Varalitur: Film Noir frá MAC.


KEMUR ÚT 27. NÓVEMBER

JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

**Meðal efnis í blaðinu:** Jólaljósin, kökur, sætindi, skraut, föndur, matur, borðhald, jólasiðir og venjur.

**Bókið auglýsingar tímanlega:**

Atli Bergmann
atlib@365.is
512 5457

Jónína María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is
512 5473

Benedikt Freyr Jónsson
benni@365.is
512 5411

Sverrir Birgir Sverrisson
sverrirbs@365.is
512 5432

Elsa Jensdóttir
elsaj@365.is
512 5427


# METALL OG DIMMIR TÓNAR

**Vetur konungur er mættur í öllu sínu veldi með vindum og vettlingum. Tískan verður dularfyllri og dekkri í kjölfarið en dásamleg engu að síður.**
**Metal-stíllinn er afar áberandi og af því tilefni var hann myndaður í Toppstöðinni af glæsilegu tískuteymi.**


Leðurjakki: Vila. Gallajakki, bolur, buxur: Vero Moda. Skór: 67.

LJÓSMYNDUN: BJÖRG VIGFÚSDÓTTIR FÖRÐUN: FRÍÐA MARÍA MEÐ MAC HÁR: FRÍÐA MARÍA MEÐ LABEL.M STÍLISTI: ERNA BERGMANN


FLORIDANA
VÍTAMÍNSAFI
Floridana Vítamínsafi er blanda af ávöxtum og paprikum, full af vítamínum frá náttúrunnar hendi.*
Eingöngu náttúruleg A-, C- og E-vítamín
A A-vítamín er nauðsynlegt fyrir sjón, húð og starfsemi ónæmiskerfisins.
C C-vítamín er talið efla ónæmiskerfi líkamans og tryggja að það starfi eðlilega við áreynslu.
E E-vítamín er mikilvægt andoxunarefni sem verndar frumur og er nauðsynlegt fyrir starfsemi taugakerfisins.
Hugsaðu um heilsuna og drekktu Floridana Vítamínsafa.
* 50% ráðlagður dagsskammtur af A-, C- og E-vítamínum í 330 ml
100% SAFI
Floridana
VÍTAMÍNSAFI
EPLI, APPELSÍNA, PAPRIKA, FERSKJA, MANGÓ, PERA, ÁSTARALDIN, BANANI, EPLAÞYRNIBER OG ANANAS
Floridana
LIFÐU VEL!

# FANTAFJÖRUGT TEITI



Elfa Ýr Gylfadóttir og Eyvindur G. Gunnarsson.



Mikil gleði ríkti í útgáfuteiti Eyrúnar Ingadóttur sem fagnaði útkomu skáldsögunnar Ljósmóðurinnar í vikunni. Fjör einkenndi mannskapinn.



Kristín Eðvald og Eyrún.



Hanna og Ástríður Jónsdætur.

Sjá nánar á visir.is/lifid

## Helgar-MATURINN



**Í nýju sælkerabókinni Orð, krydd og krásir sem nýlega kom í verslanir má finna þessa dásamlegu kjúklingauppskrift eftir þær Sigrúnu Óskarsdóttur og Kristínu Þóru Harðardóttur.**

### Kjúklingur með döðlum og kókos

½ dl ólífuolía
1 kg kjúklingabringur
2 laukar
1 græn paprika
1 kúrbítur
200 g steinlausar döðlur
1 hvítlaukur, smátt skorinn
2 tsk. kóríanderduft
1 tsk. chiliduft
2 tsk. engiferduft
2 tsk. broddkúmenduft
2 tsk. salt
1 dós kókosmjólk
3-4 msk. hunang
100 g kasjúhnetur
1 rauð paprika

Þessi réttur er bæði bragðsterkur og örlítið sætur. Fyrir þau sem eru fyrir sterkan mat má auka kryddið en gætið þess þó að sæta bragðið af döðlunum fái einnig að njóta sín.

Skerið kjúklingabringurnar í bita, saxið lauk og skerið papriku og kúrbít í bita.

Steikið kjúklinginn og laukinn upp úr olíunni á stórri pönnu. Bætið síðan 1-2 dl af vatni á pönnuna og setjið krydd og döðlur út í. Látið sjóða í nokkrar mínútur og bætið svo kókosmjólk og hunangi á pönnuna ásamt papriku og kúrbít.

Þetta er látið sjóða á vægum hita í 15–20 mínútur og undir lok suðutímans er kasjúhnetum bætt við og smátt skorinni rauðri papriku er stráð yfir um leið og rétturinn er borinn fram.






## Viðgerðir

**AB - PÚST**
Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö Þrif&Hreinlæti**
**S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja

HreinirGarðar
Jólaskreytingar
10% afsláttur af uppsetningu ef þú kaupir seriurnar af okkur
www.hreinirgardar.is
S.571-2000

GARÐLIST
ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA
554 1989 • www.gardlist.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**Málarameistari**
Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171.

**Málningarþjónusta Reykjavíkur**
20% afsláttur fyrir eldriborgara og öryrkja. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

fagflísar
GSM 866-6291
NETFANG fagflisar@fagflisar.is
VEFSLÓÐ www.fagflisar.is
- flísalagnir
- múrverk
- múrviðgerðir
- steining

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmiðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu. • Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is



Parketslípun, parketlagnir, frá aðeins 2.500 krfm. 20 ára reynsla og þjónusta. www.parketsliparinn.is S: 772 8100.

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.

**Viðhald - gluggar - hurðir - veggir - gólf - parket. Gerum tilboð. Smíðalausnir. S. 899 3011.**

## Tölvur

**A plús tölvuþjónusta**
Mjög sanngjarnt verð Sæki og sendi heim. Uppl. í s. 822 7668.

## Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 857 0740. Irena Kontulová.

## Rafvirkjun

**Raflagnir, dyrasímar.**
**S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Skemmtanir

Boltinn í beinni
Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is



Hljómsveitin
Upplyfting
spilar í kvöld.
Allir velkomnir.
Frítt inn til kl.23:00

JÓLAFEST
GULLNÁMAN
Snyrtilegur klæðnaður áskilin • Heimilismatur í hádeginu virka daga • Boltatilboð
Hamborgaratilboð • Veislusalur til útleigu

## Önnur þjónusta



Hryllilegt úrval af hræðilegum Hrekkjavökuvörum. Skreytingar, búningar, fylgihlutir. Partýbúðin, Faxafeni 11, s.534-0534, Partýbúðin, Amarohúsinu, Akureyri, s. 534-0535.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




**Hrekkjavakan nálgast ertu klár?**
Búningar, fylgihlutir og skraut í úrvali. Mættu á svæðið eða skoðaðu úrvalið í vefverslun okkar www.hokuspokus.is sendum um allt land. Hókus Pókus Laugavegi 69 s-551 7955.




**Sérverslun með náttúruvænar og andlegar vörur.**
Úrval af saltkristalslömpum, lífrænum snyrti- og húðvörum, blómadropum, himalaya baðsalti, reykelsum, ilmkertum, englaspilum, o.fl. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös 12-18. Lau 12-15. www.ditto.is




**Sérstakur AFMÆLISAFSLÁTTUR Í DAG FÖSTUDAGINN 2. NÓV.**
**Ný vara á 15% afslætti ásamt öðrum tilboðum. Ný sending einnig komin með dagatölum, englaspilum, dagbókum, pendúlum, skartgripum o.m.fl. Verið velkomin.**

**Betra Líf, Kringlunni. 3. hæð. S: 581-1380.**



Úrval snjóplóga og snjótanna. Búvís ehf Sími: 465 1332 WWW.buvis.is



**Lok á heita potta og hitaveituskeljar.**
Eigum til á lager lok í stærðum, 217x217, 217x235, 235x235, 217x174, 8 hyrndlok á Unaðskel og Blómaskel frá Trefjum. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Litir: Brúnt eða Grátt. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000

**Ódýr heimilstæki**
Höfum til sölu notaðar þvottavélar, þurrkara og uppþvottavélar. Casa-raf ehf. Síðumúla 37, að neðan verðu. S. 845 5976.

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Þvottavélar, ísskápar, frystiskápur, þurrkara, uppþvottavélar. S. 896 8568.

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL**
**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur**
**Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar. Upplýsingar í s. 577 7740**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun

Kynlíf er GOTT!
PENOMET.IS
ELSKENDUR.IS
FLESHLIGHT.IS
BATHMATE.IS
849-0698
ALLA DAGA 10-22

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Býð upp á gott nudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 21 á kvöldin. 105 Rvk/ármúli S. 894 4817.

**NUDD OG HEILSA**
HEILSURÁÐGJÖF - NÆRINGARFRÆÐI. Tekið á allkonar kvillum og sjúkdómum. Einkatímar og námskeið. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**- Rétt við Hlemm -**
**Notaleg 2ja herbergja 50fm rísíbúð. 100m í strætó. Ekki möguleiki á leigusamning. Laus 4. nóv. Upplýsingar í eilin@simnet.is**

Til leigu 2 herb. íbúð í miðbæ 101 Rvk. 120 pr. mán. 2 mán. fyrirfram. Uppl. 776 3260.

Room for rent/ herbergi til leigu á svæði 105. Uppl. s. 773 0317.

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475. Eftir klukkan 17

2 herb. 60 fm íbúð til leigu með húsgögnum í Hamraborg Kópavogi. Laus 10.11.12. Langtímaleiga. Verð 120þ. Uppl. á netfang luol1208@gmail.com

## Húsnæði óskast

60+ iðnaðarmaður óskar eftir studíóíbúð eða lítil 2ja herb. íbúð. Algjör reglusemi. Uppl. s. 893 1986

## Atvinnuhúsnæði

**51,6 m2 iðnaðarbil**
Nokkur bil af þessari fágætu og eftirsóttu stærð til sölu eða leigu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**Deildarstjóri / afgreiðsla í vefnaðarvörudeild - Fullt starf**
**Leitum að mjög duglegum, ábyrgum og áhugasömum einstaklingi sem hefur einhverja reynslu í hannyrðum/ prjónamennsku. Góðir launamöguleikar í lifandi umhverfi.**
**Nánari upplýsingar veitir verslunarstjóri í síma 820-8003. Rúmfatalagerinn í Smáratorgi**

**Stóll til leigu !!!**
**Stóll til leigu á hárstofunni Yfir höfuð 108 Rvk. Nánari upplýsingar í 869 5670.**

**Café Roma Kringlunni**
**óskar eftir starfsmanni. Aldur 20+. Íslenskukunnátta og reykleysi skilyrði. Umsóknir sendist á kaffiroma@gmail.com**

Vélaverkstæði í RVK óskar eftir vélvirkja eða vönum manni Til viðgerðar á Diesel vélum. Góð vinnuaðstaða í boði. Upplýsingar hjá: velaverkstaedi@gmail.com.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5500**
Opið allan sólarhringinn.
Engin bið nema þegar talað er.

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

markhonnun.is

netto
Kræsingar & kostakjör

# REYKJAVÍKUR-NÆTUR




**VERÐ 3.999KR**

# tímamót

timamot@frettabladid.is



45 **DAVID SCWHIMMER,** betur þekktur sem Ross í sjónvarpsþáttunum Friends, er 45 ára í dag.
*„Það skiptir mig miklu máli að vera ekki þekktur sem Ross þegar ég verð sextugur.“*

VILBORG ARNA GISSURARDÓTTIR: VERÐUR FYRST KVENNA YFIR SUÐURPÓLINN

# Lætur óttann ekki stöðva sig

Vilborg Arna Gissurardóttir ætlar að verða fyrsta íslenska konan til að ganga yfir suðurpólinn. Leiðangurinn hefst kl. 12 í dag við anddyri kvennadeildar Landspítalans. Hann er farinn í þágu Lífs, styrktarfélags sem hefur það markmið að styðja við konur og fjölskyldur þeirra á kvennadeild Landspítalans.

Vilborg Arna, sem er búin að vera í fjallamennsku í tíu ár, hefur undirbúið ferðina markvisst í eitt og hálft ár. Gangan á suðurpólinn hefur samt blundað í henni í tíu ár, síðan hún las fyrstu bókina sína um slíkan leiðangur. Aðspurð segist hún ekkert vera smeyk við verkefnið. „Það skiptir rosalega miklu máli að láta óttann ekki ná tökum á sér, heldur reyna að halda einbeitingu. Þetta er krefjandi verkefni en ég reyni alltaf að horfa frekar á það jákvæða en það sem getur dregið úr mér.“

Áætlað er að hin 32 ára Vilborg Arna verði komin til Suðurskautslandsins 11. nóvember. Gönguleiðin er 1.140 kílómetrar og má búast við krefjandi veðurfari, miklum mótvindi, erfiðu skíðafæri og háum rifsköflum. Áætlaðir göngudagar eru fimmtíu og til að ná þeim þarf hún að ganga að meðaltali 22 km á dag. Hún gengur af stað með tvo sleða í eftirdragi sem vega um eitt hundrað kíló í byrjun ferðar. „Þetta tekur rosalega á líkamann. Ég þarf að borða 5.500 hitaeiningar á dag en samt reikna ég með að léttast um fimmtán kíló. Núna reyni ég þess vegna að borða eins mikið og ég get til að ég eigi góðan forða,“ segir hún.



**YFIR SUÐURPÓLINN** Vilborg Arna Gissurardóttir á Grænlandsjökli í vor. Hún ætlar að verða fyrsta íslenska konan til að ganga yfir Suðurpólinn.

Vilborg Arna verður í daglegu sambandi við leiðangursstjórn vegna staðsetningar og veðurspár og mun senda frá sér stutta pistla á meðan á förinni stendur. Takist ætlunarverkið verður hún níunda manneskjan í heiminum sem gengur einsömul yfir Suðurpólinn.

Öllum áheitum vegna ferðarinnar verður varið til uppbyggingar á kvenlækningadeild Landspítalans, deild 21A. Áheitin fara þannig fram að fólki gefst kostur á að hringja í símanúmerið 908-1515 á meðan á ferð hennar stendur og þá dragast 1.500 kr. af reikningi viðkomandi. Einnig er hægt að fara inn á heimasíðu Lífs, Gefdulif.is, og heita á Vilborgu með frjálsum framlögum. Hægt verður að fylgjast með ferð hennar á síðunni Lifsspor.is.

freyr@frettabladid.is

---


✝



Innilegar þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar okkar ástkæra eiginmanns, föður, stjúpföður, tengdaföður, afa og langafa,

**GUNNARS DYRSET**
**tannlæknis,**
**Efstalandi 18.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks á E-gangi í Sóltúni fyrir alúð og virðingu í veikindum hans.

**Silvía Garðarsdóttir**
**Margrét Þóra Gunnarsdóttir** **Örnólfur Thorsson**
**Anna Vilborg Dyrset** **Halldór Guðmundsson**
**Sif Úlfarsdóttir** **Leó Jóhannsson**
**Garðar Örn Úlfarsson** **Lena Helgadóttir**
**barnabörn og langafabörn.**

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**JÚLÍA GARÐARSDÓTTIR**
**Hjallalundi 20, Akureyri,**

andaðist á Sjúkrahúsinu á Akureyri miðvikudaginn 31. október. Útförin verður auglýst síðar.

**Garðar Lárusson** **Guðrún Ragna Aðalsteinsdóttir**
**Karl Óli Lárusson** **Þórdís Þorkelsdóttir**
**Þráinn Lárusson** **Þurý Bára Birgisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**UNNUR MAGNÚSDÓTTIR**
**frá Flögu,**
**Núpalind 6, Kópavogi,**

sem lést á hjúkrunarheimili Hrafnistu við Boðaþing fimmtudaginn 25. október, verður jarðsungin frá Digraneskirkju mánudaginn 5. nóvember kl. 13.00.

**Haukur Hlíðberg** **Aðalheiður Sævarsdóttir**
**Alma Hlíðberg** **Jónas Gunnarsson**
**Valur Hlíðberg** **Hildur Einarsdóttir**
**Arndís B. Smáradóttir** **Gísli Georgsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**GUÐNÝ ANNA JÓNASDÓTTIR**
**Aðalgötu 1, Keflavík,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þriðjudaginn 30. október. Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju þriðjudaginn 6. nóvember kl. 13.00.

**Stefán J. Kristinsson**
**Barði Jónsson** **Lena Jónsson**
**Ragnhildur Stefánsdóttir** **Sigurgeir S.T. Þórarinsson**
**Inga Sif Stefánsdóttir** **Kjartan Þór Eiríksson**
**og barnabörn.**

✝



Elskulegur sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, stjúpfaðir og bróðir,

**ÓLAFUR FELIX HARALDSSON**
**Mýrum 10, Patreksfirði,**

lést af slysförum 20. október síðastliðinn. Hann verður jarðsunginn frá Patreksfjarðarkirkju laugardaginn 3. nóvember kl. 14.00.

**Björg Sæmundsdóttir**
**Alexandra Hólm Felixdóttir** **Ísak Már Símonarson**
**Melkorka Marsibil Felixdóttir** **Ásþór Elvarsson**
**Guðbjartur Ingi Felixson**
**Sædís Eiríksdóttir** **Davíð Þ. Valgeirsson**
**Davíð Jónsson**
**Stefán Dagur Jónsson**
**og systkini hins látna.**

FRÉTTABLAÐIÐ

Vegna stærðar blaðsins á morgun, laugardag, verður Fréttablaðið prentað í tvennu lagi.

**Frestur til að skila inn dánarauglýsingum í laugardagsblað færist því fram til kl. 13.30.**

✝



Útför

**DÓMHILDAR JÓNSDÓTTUR**

sem fara átti fram frá Hólaneskirkju á Skagaströnd 2. nóv verður **frestað til mánudagsins 5. nóv.** (kl. 14.00) vegna veðurs.

**Jón Hallur Pétursson**
**Guðríður Friðriksdóttir**
**Pétur Ingjaldur Pétursson**
**Guðrún Margrét Jónsdóttir**
**Auður Anna Jónsdóttir**

✝



Ég þakka auðsýnda samúð við fráfall systur minnar,

**SIGRÍÐAR ÁSU TRAUSTADÓTTUR WINTHER**
**Færeyjum,**

sem lést 3. október síðastliðinn í Þórshöfn, Færeyjum.

**Fyrir hönd annarra vandamanna,**

**Jóhanna Traustadóttir.**

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**JÓNÍNA SIGURLÍNA JÓNSDÓTTIR**
**frá Skálanesi,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ 28. október síðastliðinn. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju föstudaginn 9. nóvember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.

**Árni Rúnar Kristjánsson** **Brynja Fríða Garðarsdóttir**
**Jón Ingi Kristjánsson** **Jóna Sigríður Gestsdóttir**
**Þórunn Kristjánsdóttir** **Jóhann Helgi Helgason**
**Snædís G. Heiðarsdóttir** **Ragnar Ólafur Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför

**SNORRA JÓNSSONAR**
**Grundarlandi 17.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks sambýlisins að Grundarlandi 17 fyrir sérlega góða umönnun á liðnum árum.

**Dollý Nielsen** **Pétur Sveinsson**
**Stella Leifsdóttir** **Davíð Ingibjartsson**
**Og aðrir aðstandendur.**

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**FRIÐRIK ELDJÁRN KRISTINSSON**
**Vitateigi 3, Akranesi,**

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi, 29. október. Útför hans fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 6. nóvember kl. 14.

**Þórný Elísdóttir**
**Kristinn Eldjárn Friðriksson** **Þóra Björgvinsdóttir**
**Elís Friðriksson** **Auður Guðjohnsen**
**Ágústa Friðriksdóttir** **Elvar Elíasson**
**barnabörn og langafabörn.**

✝



Elsku drengur minn og bróðir okkar,

**JÓHANN LAXDAL JÓHANNESSON**
**vélstjóri,**

var bráðkvaddur mánudaginn 29. október. Hann verður jarðsunginn miðvikudaginn 7. nóvember kl. 10.30 frá Akureyrarkirkju.

**Anney Alfa Jóhannsdóttir**
**Arndís Einarsdóttir** **Ingvar Vigur Halldórsson**
**Jóna Margrét Hauksdóttir** **Baldur Lárusson**
**Alda Ósk Hauksdóttir** **Sigurður Einar Kristjánsson**
**Einar Haukur Hauksson**


BT
LAGERSALA
SÍÐUSTU DAGAR - SÍÐASTI SÉNS
Samsung 11.6" NP305U1A
AMD E450 - 4GB - 500GB
ÁÐUR 99.900
69.900
Samsung 15.6" RV515-S04
AMD E450 - 4GB - 640GB
ÁÐUR 109.900
89.900
Samsung 15.6" 305V5A-T01
AMD A8-3530MX - 6GB - 500GB
ÁÐUR 149.900
119.900
ENN MEIRI LÆKKUN
Packard Bell TE11-BZ-408
15.6" - AMD E450 - 4GB - 320GB
ÁÐUR 89.900
79.900
ROSALEG LEIKJAVÉL
...til í slaginn !
Samsung GAMER 700G7A
17.3" - Intel i7 - 16GB - 1.5TB
ÁÐUR 379.900
299.900
FARTÖLVUR
-aðeins brot af úrvalinu
-síðustu eintök
-sjón er sögu ríkari
TÖLVULEIKIR - HRUNVERÐ - SÍÐUSTU EINTÖK
PS3 - PC
Wii - DS
XBOX
FYLGJA MEÐ!
Resident Evil 6 PS3
ÁÐUR 10.999
8.999
Glói geimvera
99
SÍÐUSTU EINTÖK - ENN MEIRI LÆKKUN
Samsung HT-D5000
ÁÐUR 79.999
59.999
Ion Pics 2 PC
ÁÐUR 29.999
19.999
Pioneer DV-2022
ÁÐUR 12.999
9.999
LAGER SALA
BT Skeifunni - BT Glerártorgi - www.BT.is - s. 550-4444




MÍNÚTUSTEIK
2998KR/KG
VERÐ ÁÐUR 4299.-

## STEIKARSAMLOKA MEÐ BERNAISESÓSU fyrir 4

400 g nauta mínútusteik
1½ dl BBQ sósa
ferskt salat
1 lítil dós maís, niðursoðinn
1 stk grillaðar paprikur
1 stk maísbrauð
2 stk rauðlaukar
Bernaissósa frá Íslandsnaut

Setjið kjötið í skál og hellið sósunni yfir. Maríneríð í 30 mínútur. Steikið á meðalheitu grilli í 4 mínútur á hvorri hlið og látið kjötið hvílast í 4 mínútur. Ef þið notið kjöthitamæli þá á kjarnhitinn að vera um 60° áður en kjötið er hvílt. Skerið kjötið og brauðið í sneiðar. Setjið salat, maís, paprikur og kjöt á brauðsneiðarnar og kryddið með salti og pipar. Setjið rauðlauk og bernaisesósu yfir og berið fram með grillkartöflum.




# RICETTE D'AUTORE

## FERSKT ÍTALSKT GÆÐAPASTA MEÐ FYLLINGU

Inniheldur sérvalið durum hveiti, ræktað í Toskana, 8 „free range" egg (egg frá frjálsum hænum) í hverju kílói af hveitinu. Ekkert viðbætt vatn og engin litarefni.
Þetta eru innihaldsefnin sem gera Ricette d´Autore að besta pasta Ítala.

## GOTT Í KROPPINN VÖRUR

eru vandaðar handverksvörur unnar úr góðu hráefni.




**SÆLKERA BÖKUR 4 TEG.** 899KR/STK
VERÐ ÁÐUR 1198.-

Ljúfengar bökur sem henta í hádegi, kvöldmat eða í veisluna, enginn sykur og ekkert ger.




**SÆLKERA BÁTAR 3 TEG.** 799KR/PK
VERÐ ÁÐUR 999.-

Kartöflubátar fylltir með plokkfiski, bernaise og osti eða saltfisksrétti eða grænmeti.

Blámar

# HAFSJÓR AF HOLLUSTU

FRÁBÆRT VERÐ!



**BLÁLANGA FROSIN** 1299KR/KG



**ÞORSKBITAR ROÐ & BEINLAUSIR FROSNIR** 999KR/KG



**RAUÐSPRETTA FROSIN** 1299KR/KG

Gildir til 4. nóvember á meðan birgðir endast.

# TRYGGÐU ÞÉR KALKÚN FYRIR JÓLIN

## STEIKTUR HEILL KALKÚNN
*að hætti kokkalandsliðsins*

1 stk heill kalkúnn
Salt og pipar
Smjör
Klútur

FYLLING
1 dl saxaður laukur
1 dl rauðlaukur saxaður
1 dl epli söxuð
1 dl saxað sellerí
Söxuð salvía
Saxað timijan
2 dl smjör
5 dl brauðteningar
2 egg

Allt grænmetið er svitað við nokkuð vægan hita á pönnu uns algerlega meyrt. Kælið grænmetið og blandið síðan saman við restina af hráefnunum. Kryddið að lokum vel með salti og pipar. Snyrtið kalkúninn og smyrjið vel með smjöri. Kryddið að innan sem og utan með salti og pipar. Smellið fyllingunni í hann og lokið. Setjið á grind og brúnið í ofni við 210 gráður í 12 mín ca eða þangað til hann er orðinn fallega gylltur. Takið kalkúninn út og lækkið ofnin í 120 gráður. Takið klút sem hefur verið bleyttur vel með smjöri og leggið yfir kalkúninn. Eldið hann svo áfram í ofninum í ca 3 ½ til 4 klukkutíma og munið á 15 mín fresti að taka smjörið og safann og hella aftur í klútinn sem liggur á kalkúninum. (Uppskriftin miðast við ca 5kg fugl).



KALKÚNN FROSINN
1278KR/KG
VERÐ ÁÐUR 1598.-

ÍSLANDS NAUT
Stolt kjötmeistarans

# FYRSTA FLOKKS ÍSLENSKT NAUTAKJÖT



TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

UNGNAUTA-GÚLLAS
2174KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2899.-



TILBOÐ 30% afsláttur á kassa

UNGNAUTA PIPARSTEIK
2561KR/KG
VERÐ ÁÐUR 3659.-



TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

UNGNAUTA SNITSEL
2174KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2899.-



TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

UNGNAUTA HAKK
1424KR/KG
VERÐ ÁÐUR 1899.-



TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

HAMBORGARAR 4STK M/BRAUÐI
734KR/KG
VERÐ ÁÐUR 979.-



Mælifellsá lífrænt lambakjöt

LÍFRÆNN LAMBAHRYGGUR
1798KR/KG
VERÐ ÁÐUR 1998.-



Mælifellsá lífrænt lambakjöt

LÍFRÆNT LAMBALÆRI
1698KR/KG
VERÐ ÁÐUR 1898.-

FROSIÐ LÍFRÆNT LAMBAKJÖT Á TILBOÐI

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## krossgáta



**LÁRÉTT**
2. drjúpa, 6. nudd, 8. er með, 9. rölt, 11. tveir, 12. rými, 14. að baki, 16. tvíhljóði, 17. bar, 18. suss, 20. stöðug hreyfing, 21. faðmlag.

**LÓÐRÉTT**
1. betl, 3. eftir hádegi, 4. yfirkonungur, 5. ái, 7. niðurstaða, 10. þukl, 13. stykki, 15. komst, 16. umfram, 19. gyltu.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. leka, 6. nú, 8. hef, 9. ark, 11. ii, 12. pláss, 14. aftan, 16. au, 17. krá, 18. uss, 20. ið, 21. knús.

**LÓÐRÉTT:** 1. snap, 3. eh, 4. keisari, 5. afi, 7. úrlausn, 10. káf, 13. stk, 15. náði, 16. auk, 19. sú.

# Rok og rokk í Reykjavík og draumar miðaldra manns

**BAKÞANKAR**
**Björns Þórs Sigbjörnssonar**



Þótt veðrið sé leiðinlegt er ekki sami gráminn yfir haustinu nú þegar Reykjavík hefur tekið við árlegu tímabundnu hlutverki sínu sem rokkhöfuðborg heimsins. Iceland Airwaves-hátíðin er hafin með öllum sínum mögnuðu viðburðum og fólk klæðir bara af sér rokið en er samt smart, þökk sé tískuhönnuðum.

ICELAND Airwaves er öðrum þræði viðskiptahugmynd sem snýst um að laða útlendinga til landsins utan háannatímans. Hún hefur svínvirkað, því árlega koma nokkur þúsund erlendir ævintýraþyrstir tónlistaráhugamenn á hátíðina og eyða hér fullt af peningum. Í hina röndina er þetta gluggi fyrir íslenskt tónlistarfólk, sem gefst tækifæri til að spila fyrir erlenda útgefendur, umboðsmenn og blaðamenn og vinna lönd í framhaldinu. Við vitum hvernig það hefur gengið.

VELGENGNI íslenskra tónlistarmanna í útlöndum er náttúrulega rannsóknarefni. Ótrúlega margir hafa slegið í gegn og eru reglulega á tónleikaferðalögum vítt og breitt um heiminn. En það þarf ekki útlönd til.

Íslendingar eru sjálfir sólgnir í íslenska tónlist og taka hverju nýju tónlistarundrinu opnum örmum. Það magnaða er að fjöldi íslenskra tónlistarmanna getur lifað góðu lífi á list sinni.

ÍSLENSKU hljómsveitirnar eru eiginlega aldrei flottari en á Iceland Airwaves. Þær gefa allt í þetta enda aldrei að vita nema að í salnum leynist útgefandi með milljón dollara samning. Hann væri þá innan um alls konar fólk á öllum aldri, en ekki síst fólk sem einu sinni taldist miðaldra. Það lítur hins vegar ekki á sig sem miðaldra. Þetta er fyrsta heila kynslóðin sem ætlar að vera hipp og kúl fram í rauðan dauðann. Þessi kynslóð klæðist eins og tuttugu árum yngra fólk, talar eins og það og hlustar á sömu tónlist og það. Flestir láta þar við sitja en sumir láta sig dreyma um að vera enn tvítugir.

ÞEIR draumar kunna líka að snúast um gamlar vonir sem aldrei urðu. Eins og til dæmis að vera bassaleikari í frægri hljómsveit og standa á sviði fyrir framan fullan sal af fólki og spila rokk. Og þar sem hæfileikarnir voru engir og því nauðsynlegt að feta aðrar slóðir í lífinu mæta hinir sömu á Iceland Airwaves, horfa á bassaleikarann og hugsa; bara að ég væri hann.


# Listskautasýning í Egilshöll

**- Opið hús – aðgangur ókeypis**



Dídí



Agnes

**- Opið hús –**

milli kl. 13 og 14
aðgangur ókeypis



Þórdís Rögn

**Landsliðsstúlkur Bjarnarins sýna ótrúlegar listir á ísnum í Egilshöll laugardaginn 3. nóv. kl: 13:50**

**Svellið er opið, tónlist, fjör og diskóljós og allir fá leiðsögn á skautum.**

**Að lokinni sýningu svara stúlkurnar og leiðbeinendur þeirra spurningum varðandi listskautaíþróttina en stúlkurnar okkar keppa reglulega við þær bestu í Evrópu og hafa lent í verðlaunasætum.**

**Notið tækifærið og kynnist glæsilegri íþrótt**

**Samtímis lýkur skráningu á listskautanámskeið fyrir 6-12 ára stelpur og stráka sem hefst sama dag og stendur til 8. desember og lýkur með glæsilegri jólasýningu fyrir aðstandendur krakkanna.**

**Námsleiðið kostar 10.000 krónur og hægt er að fá skauta lánaða.**

**Nánari upplýsingar:**
Berglind Rós sími 899-3058 / Erlendína sími 694 3990

Skautafélagið Björninn

Hreysti – Gleði – Vellíðan – Hreyfing – Styrkur – Samhæfing


## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Konukvöld
## Forlagsins og Smartlands



**Í KVÖLD KL. 20:00**

í Bókabúð Forlagsins,
Fiskislóð 39, 101 Reykjavík

Léttar veigar, ljúfir tónar
og bókaveisla fyrir konur á öllum aldri!

[ **Fyrstu 100 gestirnir fá veglegan gjafapoka** ]



Arne og Carlos kynna bók sína *Jólakúlur*
Solla Eiríks, Nanna Rögnvaldardóttir, Inga Elsa
og Gísli Egill gæla við bragðlaukana með smakki úr bókunum sínum

Barnabókaráðgjafi verður á svæðinu










## Lyftu þér upp og leyfðu okkur að dekra við þig!




[ **Allar nýju jólabækurnar á tilboði** ]

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

SMARTLAND
MÖRTU MARÍU

FORLAGIÐ, FISKISLÓÐ 39, 101 REYKJAVÍK, forlagid@forlagid.is, OPIÐ ALLA VIRKA DAGA KL. 10–18 OG LAUGARDAGA KL. 11–15



**NÓTT HINNA GLÖTUÐU VERKA** „Kvöld hinna glötuðu verka“ nefnist gjörningadagskrá átta myndlistarmanna á Hverfisgötu 61 klukkan 20 í kvöld. Viðburðurinn er hugsaður sem vettvangur fyrir verk sem enginn veit um eða hafa ekki enn þá fengið tækifæri til að verða. Þátttakendur eru Heiðdís Hólm Guðmundsdóttir, Hrafnkell Sigurðsson, Þóroddur Bjarnason, Hulda Vilhjálmsdóttir, Leó Ágústsson, Rakel McMahon, Óskar Gísli Petzet og Ásdís Sif Gunnarsdóttir. Aðgangseyrir er 500 krónur.

# Sér fyrir lokin á eigin pílagrímsför

**Þriðji hluti myndaflokksins Draumurinn um veginn verður tekinn til sýninga í Bíó Paradís í kvöld en síðustu hlutarnir tveir verða sýndir á næstu vikum. Flokkurinn fjallar um göngu Thors Vilhjálmssonar eftir Jakobsvegi en Erlendur Sveinsson leikstjóri segir að sér líði eins og nú sé hans eigin pílagrímsför að lokum komin.**

Árið 2005, árið sem hann varð áttræður, lét Thor Vilhjálmsson rithöfundur gamlan draum rætast og gekk hinn 800 kílómetra langa pílagrímsveg sem kenndur er við heilagan Jakob. Erlendur Sveinsson kvikmyndagerðarmaður fylgdi Thor á göngu sinni og varð afraksturinn Draumurinn um veginn, kvikmyndabálkur í fimm hlutum. Fyrstu tveir hlutarnir hafa þegar verið sýndir en í kvöld og á næstu tveimur vikum verða síðustu myndirnar þrjár teknar til sýninga í Bíó Paradís. Erlendur segir ekki laust við að sér finnist hann nú sjá fyrir lokin á sinni eigin pílagrímsför.

„Það er einmitt það sem það er og ég held að það hafi verið auðveldara að ganga sjálfan veginn en fara hina leiðina eftir á. Maður leggur af stað fullur eftirvæntingar en það reynir líka á menn að vera saman í hóp í fimm vikur að glíma við svona verkefni; þetta var nánast eins og að vera um borð í skipi.“

### Ein mynd varð að fimm

Upphaflega átti Draumurinn um veginn aðeins að vera ein mynd en Erlendur segist ávallt hafa vitað það innst inni að handritið væri svo viðamikið að það væri ólíklegt að það myndi takast. „Eftir mikla umhugsun og undirbúning, þar sem við ókum meðal annars um norðurhluta Spánar og skoðuðum tökustaði, ákvað ég hins vegar að láta slag standa. Það er alltaf einhver óvissa til staðar og maður getur svo sem farið í það að brjóta handritið niður og reynt að sannfæra sig um að maður sé kominn með þetta niður í lengd einnar bíómyndar en það er ekki endilega vinnunnar virði.“

Erlendur segir þó hið mikla myndefni sem safnaðist á ferðinni ekki hafa ráðið því að ein mynd varð að heilum bálk. „Við lögðum af stað með handrit sem við reyndum að þjóna og þótt ýmislegt hafi auðvitað farið öðruvísi en ætlað var vorum við ekki í frjálsum spuna.“

En kemur til greina að taka hlutana fimm saman í eina mynd? „Það hafa margir spurt mig um það,“ segir Erlendur. „Ég hef bara ekki hugmynd um hvernig ég ætti að fara að því. Niðurstaða mín var sú að efnið kallaði á þessa skiptingu í fimm myndir og ég gerði mér far um að draga eitthvað ákveðið fram í hverri þeirra, þess vegna hafa þær sína undirtitla. Það er einhver innri farvegur í hverri mynd sem gerir þær sérstakar á einhvern hátt og sjálfstæðar. Það hefur reyndar komið til tals að gera mynd án orða. Slíkar myndir höfða gjarnan til undirmeðvitundarinnar. Mér hefur verið sagt að margt í Draumnum geri einmitt það og mér finnst mjög mikils virði þegar myndir hafa slíkt áhrif.“

### Lét Thor lifa með mér

Thor Vilhjálmsson féll frá í fyrra, nokkrum dögum áður en annar hluti bálksins var frumsýndur, og lifði því ekki til að sjá hann til enda.

„Þetta er ekki í fyrsta sinn og ekki annað sem ég upplifi það að aðalpersónan í mynd sem ég er að gera fellur frá áður en ég lýk henni.” segir Erlendur. „Þannig var þetta með föður minn í mynd sem ég gerði um hann, og formann skipshafnar á árabát sem ég gerði aðra mynd um. En ég strengdi þess heit að klára myndina.

Næsta árið var dálítið skrítið tímabil, þar sem ég hafði Thor fyrir augunum og rödd hans í eyrunum svo til alla daga. Þannig lifði hann áfram með mér meðan ég kláraði bálkinn. Það var ekki fyrr en ég sýndi myndirnar sem ég varð var við þessari nístandi tilfinningu að hann væri ekki lengur á meðal okkar – nema auðvitað í anda. Og í andanum er nærvera hans sterk.“

bergsteinn@frettabladid.is



**ERLENDUR SVEINSSON** Lagði upp með að gera eina mynd um pílagrímsför Thors Vilhjálmssonar, sem varð þegar upp var staðið bálkur í fimm hlutum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### VERÐUR VONANDI SÝND ERLENDIS

Draumurinn um veginn er ekki bara mynd um íslenskan rithöfund og hans innri íhugun heldur eina frægustu pílagrímsleið heims. Spurður hvort hann hafi orðið var við áhuga frá erlendum aðilum kveðst Erlendur ekki hafa haft tök á að kynna myndina erlendis. „Þetta er svo vanbúin framleiðsla í peningum og mannafla, eiginlega bara eins manns fyrirtæki, og því ekki verið hægt að halda uppi neinum áformum um slíkt. Ég geri mér hins vegar ákveðnar vonir um að myndin verði sýnd utan landsteinanna. Þá þarf hins vegar að þýða herlegheitin. Fyrsti hlutinn hefur að vísu verið þýddur á ensku og sýndur í Santiago-borg en draumurinn er að láta þýða allan bálkinn, ekki bara ensku heldur líka spænsku.“

# Norðurlandaráð verðlaunar barnabækur

Barna- og unglingabókmenntir verða verðlaunaðar af Norðurlandaráði frá og með næsta ári en menningarmálanefnd Norðurlandaráðs samþykkti í gær að veita slík verðlaun að fenginni tillögu norrænu ráðherranna.

„Norræn barna- og unglingabókmenntaverðlaun munu ásamt fjölmörgum öðrum verkefnum auka lestraráhuga barna og ungmenna á sýnilegan hátt. Við höfum séð að önnur norræn menningarverðlaun eiga þátt í að vekja athygli á menningunni jafnt á Norðurlöndum og alþjóðavettvangi, og það verðum við að nýta okkur á sviði barna- og ungmennamenningar“, sagði Hadia Tajik, menningarmálaráðherra Noregs við tækifærið.

Barna- og unglingabókmenntaverðlaunin verða fimmtu verðlaunin sem Norðurlandaráð veitir en meðal þekktustu verðlauna ráðsins eru bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs.

Þau hafa verið afhent í 50 ár og jafnan vakið athygli á höfundum sem þau hljóta. Norðurlandaráð veitir þar fyrir utan kvikmyndaverðlaun, náttúru- og umhverfisverðlaun og tónlistarverðlaun en þau voru einmitt afhent íslenska tónskáldinu Önnu Þorvaldsdóttur við hátíðlega athöfn í gær.








Verð frá 4.990 þús. kr.

# QASHQAI DÍSIL
# 4,6 l / 100 km

NISSAN

SHIFT_

NISSAN
QASHQAI

Samkvæmt samantekt umferðarstofu er Qashqai mest keypti jepplingurinn á Íslandi frá janúar til september 2012

ENNEMM / SÍA / NM54815




/nissanvinir

## ENGIN FURÐA AÐ QASHQAI ER SVONA VINSÆLL

Flestir sem hafa keypt sér nýjan jeppling á árinu 2012 hafa valið Nissan Qashqai. Þeir sem kaupa Qashqai eru að leita að fallegum fjórhjóladrifnum bíl, sem er hagkvæmur í rekstri og góður í endursölu.

**Nissan Qashqai dísil eyðir einungis frá 4,6l/100km.**

**www.nissan.is**

**Verð frá 4.990 þús. kr.**

- 20 cm veghæð
- Litaðar rúður
- Tölvustýrð loftkæling
- 5 stjörnu einkunn í EURO Ncap
- Fjórhjóladrif með LOCK stillingum
- Handfrjáls Bluetooth símabúnaður
- Bakkskynjari
- 17" álfelgur og margt fleira

B|L

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílasala Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070

BL Sævarhöfða 2 110 Reykjavík 525 8000

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 2. nóvember**

### ➜ Tónlist

**12.30** Sigríður Aðalsteinsdóttir og Gunnar Guðbjörnsson verða gestir kammerhópsins Stillu á hádegistónleikum í Háteigskirkju. Miðaverð er kr. 1.000.

**14.00** Tónlistarhátíðin Iceland Airwaves stendur nú yfir í Reykjavík. Nánari dagskrá má skoða á http://icelandairwaves.is.



**22.00** Gylfi Ægis flytur öll sín bestu lög á Græna hattinum á Akureyri. Auk þess fer hann með gamanmál og segir sögur af sjálfum sér og samferðamönnum. Miðaverð í forsölu er kr. 2.000.

**22.00** Robin Nolan Trio leikur á Café Rosenberg.

### ➜ Sýningar

**16.00** Ísam og Mekka Wines & Spirits bjóða á vörusýningu á Hilton Reykjavík Nordica. Möguleiki á að skoða, smakka og kynnast ýmsum leiðandi vörumerkjum í veitinga-, matvæla- og smásölugeiranum.

**20.00** Útskriftahópur hársnyrtiskólans í Reykjavík heldur útskriftarsýningu á Spot í Kópavogi. Um 50 módel taka þátt í sýningunni og nemendur frá airbrush and makeup school sjá um förðun.

### ➜ Fyrirlestrar

**12.00** Dr. Hannes Hólmsteinn



Gissurarson heldur fyrirlestur í aðalbyggingu Háskóla Íslands, stofu 207. Yfirskriftur fyrirlestrarins er Maó: Sagan sem hefur verið sögð. Allir eru velkomnir.

**12.00** Dr. Amelia Hadfield, Romas Svedas og Bjarni Bjarnason tala á fundaröð Alþjóðamálastofnunnar Háskóla Íslands, Evrópusamræður. Fundurinn fer fram á ensku í stofu 201 í Odda.

**20.00** Þórarinn Þórarinsson arkitekt heldur fyrirlestur í húsi Lífspekifélagsins að Ingólfsstræti 22. Fyrirlesturinn fjallar um Einar Pálsson og rætur íslenskar menningar.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**






**GÓÐ SAMAN** Ástin er samstarfsverkefni Ólafíu Hrannar og Tómasar R. og byggir á plötu þeirra frá 1995. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ástin hefur gengið upp og niður

**Ástin nefnist einleikskabarett þeirra Ólafíu Hrannar Jónsdóttur leikkonu og Tómasar R. Einarssonar kontrabassaleikara sem frumsýndur verður í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld. Um hvað snýst málið?**

„Í grunninn byggir sýningin á plötu okkar Tómasar, Koss, frá 1995. Þarna eru líka nokkur ný lög, tvö eftir mig og annað þeirra einnig með texta eftir mig en afgangurinn af nýju lögunum er eftir Tómas með textum eftir hann. Hann hefur einnig samið textann sem við prjónum í kringum lögin," segir Ólafía Hrönn. „Þetta er einleikur með söngvum og ég mundi segja að hlutföllin séu svona sextíu prósent tónlist og fjörutíu prósent texti." Sýningin heitir Ástin. Hvernig hefur hún farið með sögukonuna? „Hún er svona að segja sína sögu, með áherslu á ástina og það hefur auðvitað gengið upp og niður hjá henni, eins og öllum."

Þið Tómas hafið ekki unnið svona sýningu saman áður, hvernig hefur samstarfið gengið? „Það hefur bara gengið mjög vel. Við erum mjög ólík, Tómas er afskaplega skipulagður öfugt við mig og við erum holl hvort fyrir annað, bætum hvort annað upp." Með þeim Ólafíu Hrönn og Tómasi á sviðinu verða Ómar Guðjónsson gítarleikari og Matthías MD Hemstock trommuleikari. Ólafía Hrönn segir þá ekki eingöngu vera í hlutverki hljóðfæraleikara heldur hafi þeir fleiri hlutverk í sýningunni. Hvaða hlutverk það eru vill hún hins vegar ekki ræða nánar, en segir þó að því miður séu þeir ekki í hlutverkum elskhuga sögukonunnar.

Ólafía Hrönn fer með hlutverk í Tveggja þjóni þar sem hún syngur líka, er nálgun hennar á þessi tvö hlutverk sambærileg? „Nei, nálgunin er allt önnur fyrir mig sem leikkonu. Ég er í svo miklum karakter í Þjóninum, þetta hlutverk er miklu meira ég."

Sýningin er í samstarfi við Þjóðleikhúsið og leikstjóri er Hilmir Snær Guðnason. Einungis sex sýningar eru fyrirhugaðar. **- fsb**



# 50 HÁGÆÐA TOMMUR FRÁ

# Panasonic




**Panasonic TXL50EM5**

**249.990**

## 50 TOMMUR AF MYNDGÆÐUM

**Háskerpu upplausn fyrir hámarks upplifun af Blu-ray diskum, leikjatölvum eða háskerpu sjónvarpsútsendingum**

**Framúrskarandi myndgæði**
Örþunnur háskerpu LED skjár með 1920x1080 punkta upplausn tryggir framúrskarandi myndgæði.

**Media spilari**
Settu í SD minniskort úr myndavél, upptökuvél eða snjallsíma eða tengdu USB minnislykil við sjónvarpið og Media Player kemur sjálfkrafa upp til að skoða og spila allt margmiðlunarefni.

**Game mode**
Tækið er búið sérstöku Game mode, þar sem allar stillingar eru stilltar þannig að það henti best ef tengja á leikjatölvu við tækið.

**Orkunýting A+**
Tækið er mjög sparneytið á orku, enda með LED perum í baklýsingu. Orkunýting A+ er með því besta sem þekkist í sjónvörpum í dag.

LED tv · HIGH CONTRAST · V-Audio SURROUND · Media Player · GAME MODE · USB · HDMI x2 · FULL HD 1920X1080p

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

Official 3D Equipment Partner
Panasonic


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
OPNUM KL. 10 SAMA VERÐ UM LAND ALLT OP
OPNUM KL.10
Barilla
FUSILLI
1Kg
SPAGHETTI n.5
259 KR.
245 KR.
AMERÍSKAR PASTASÓSUR 680 GR 198 KR.
BARILLA SPAGHETTI 1 KG. 245 KR.
BARILLA FUSSILI 1 KG. 259 KR.
Essential EVERYDAY
Traditional
Three Cheese
Tomato, Garlic & Onion
198 KR.
BÓNUS SAMLOKAN
198 KR.
Bónus samloka
HEIMA
DÖÐLUR
FÍNT KÓKOSMJÖL
HEIMA DÖÐLUR
500 GR
259 KR.
HEIMA
FÍNT KÓKOSMJÖL
500 GR
298 KR.
MÖNDLUR MEÐ HÝÐI
SMJÖRLÍKI
EXTRA VIRGIN ÓLÍFUOLÍA
HEIMA
MÖNDLUR
500 GR
698 KR.
HEIMA
SMJÖRLÍKI
500 GR
179 KR.
HEIMA
EXTRA VIRGIN
ÓLÍFUOLÍA
750 GR
598 KR.
WHEAT FLOUR
TARWEBLOEM
98 KR.
EUROSHOPPER HVEITI 1 KG.
HEIL JARÐARBER
279 KR.
HEIMA JARÐARBER Í HEILDÓS 820 GR.
GRANULATED SUGAR
KRISTALSUIKER
205 KR.
EUROSHOPPER SYKUR 1 KG.
DÖÐLUR
498 KR.
HEIMA FERSKAR DÖÐLUR ( NÝ UPPSKERA ) 600 GR KASSI
SUÐUSÚKKULAÐI
Góð kaup!
279 KR.
GK GÓÐKAUP SUÐUSÚKKULAÐI 300 GR
198 KR.
BÓNUS 2 STK. NÝBAKAÐIR
KLEINUHRINGIR
SÚKKULAÐI OG KARAMELLU
198 KR.
BÓNUS 4 STK. NÝBAKAÐAR
MJÚKAR KRINGLUR
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

…NUM KL. 10 SAMA VÖRUVERÐ UM LAND ALLT

KJARNAFÆÐI




FRÁ KJARNAFÆÐI
KOFAREYKTUR
ÚRBEINAÐUR
HANGIFRAMPARTUR
**1798 KR. KG**




BÓNUS BAYONNESKINKA
**998 KR.KG.**




BÓNUS HAMBORGARHRYGGUR
**1279 KR. KG**

## ÚRBEINAÐ LAMBALÆRI

*Tilbúið beint í ofninn*




ÍSLANDSLAMB Í ÁLBAKKA
ÚRBEINAÐ LAMBALÆRI -
*TILBÚIÐ Í OFNINN*
**1998 KR. KG**

*GÓÐ KAUP Í BÓNUS*



FERSKT BLANDAÐ HAKK:
„ NAUT- GRÍS- LAMB "
**998 KR. KG**

BESTU KAUPIN
Í KJÚKLINGABRINGUM
Í BÓNUS




FROSNAR 900 GR
KJÚKLINGABRINGUR
**1498 KR.PK**

ÍSLANDS LAMB

## ÍSLANDSLAMB *FORKRYDDAÐ*

TILBÚIÐ TIL MATREIÐSLU




MANGÓKRYDDAÐ
LAMBA-*PRIME*
**2998 KR.KG**



MANGÓKRYDDAÐ
LAMBA-*FILLET*
**3998 KR.KG**



FRÁ KJARNAFÆÐI
10 STK 120 GR
FROSNIR
NAUTAHAMBORGARAR
**1698 KR. KG**



SJÓFRYST ÝSUFLÖK
*ROÐ OG BEINLAUS*
**1259 KR.KG**



Ali

ALI GRÍSASKANKAR
SLATAÐIR **398 KR KG.**
REYKTIR **598 KR.KG.**

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# SKEMMTILEG TILÞRIF Í UPPHAFI HÁTÍÐAR



**KLIKKAÐI EKKI** Retro Stefson hélt stórskemmtilega tónleika sem voru síðastir á dagskrá í Silfurbergi í fyrrakvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/KLARA

★★★★☆

**Retro Stefson**
Harpa, Silfurberg

## Hopp og skopp með Stefson

Klukkan var orðin ansi margt á löngu tónleikakvöldi þegar Retro Stefson steig á stokk. Innkoman var hins vegar með ljósadýrð og látum. Stefsynir, Þorbjörg, Gylfi, Þórður og Jón nutu liðsinnis frá söngkonunum Sigríði Thorlacius og Siggu Soffíu, slagverksleikaranum Sigtryggi Baldurssyni og Hermigervli. Blanda sem varla gat klikkað enda var langt frá því.

Unnsteinn stóð sig með prýði í hlutverki Haraldar Ara og stjórnaði áhorfendum í hoppi og skoppi, en það þurfti aðeins meira til en vanalega sökum tíma og dags. Unnsteinn nýtur sín vel í aðalhlutverkinu fremst á sviðinu og sýndi það hversu góður söngvari hann er. Lög af nýju plötunni, Retro Stefson, voru spiluð en Oh Kami, Solaris og Julía stóðu upp úr hjá undirritaðri á þessum stórskemmtilegu lokatónleikum fyrsta Airwaves-kvöldsins. - áp

★★★☆☆

**Funk That Shit!**
Amsterdam

## Vel spilandi piltar

Það var þétt skipað á Amsterdam þegar hljómsveitin Funk That Shit! steig þar á svið snemma á miðvikudagskvöldið. Funk That Shit! er skipuð þremur strákum í kringum tvítugt. Þeir eru frá Sauðárkróki og spila fönk. Hljómsveitin hafnaði í þriðja sæti á Músíktilraunum í vor.

Þetta eru mjög vel spilandi piltar og sýndu góð tilþrif á hljóðfærin, Trommuleikarinn og gítarleikarinn eru báðir færir, en það var bassaleikarinn sem vakti mesta athygli. Frábær fönkbassaleikari. Þetta er mjög efnileg sveit. Fyrstu tvö lögin og lokalagið voru algjört dúndur, en það sem kom á milli var heldur síðra. Funk That Shit! fékk mjög góðar viðtökur úr salnum, en flestir tónleikagestanna voru útlendingar. - tj

★★★★☆

**FM Belfast**
Iðnó

## Loksins fjör

Það var ekki fyrr en krakkarnir í FM Belfast stigu á svið sem það fór að perla örlítið á ennum gesta í Iðnó. Og þau höfðu ekki spilað lengi þegar svitinn var farinn að boga af hverju höfði. Miðað við hversu erfiðlega hafði gengið að spila fjör í mannskapinn framan af kvöldi má telja það nokkuð afrek að fá alla í salnum til að dansa, taka þátt í gleðiæfingum sveitarinnar, hoppa, tralla og veifa höndum. Hópurinn var líflegri en andskotinn á sviði og greinilega mikið í mun að halda uppi stemmningu – sem tókst frábærlega. Allra skemmtilegust voru lögin af fyrri – og betri – plötunni. Erlendu gestirnir kunnu margir hverjir alla texta og niðurstaðan af þessu öllu varð virkilega góður konsert, sem tvö uppklöpp báru vitni um. - sh

★★★★☆

**HIGHASAKITE**
Þýski barinn

## Öðruvísi indí

Norsku krakkarnir stigu á svið með svartar stríðsrendur á kinnum og bringum í tilfelli tveggja þeirra.

Flestir tónleikagestir dilluðu sér við ljúfa tónana og þegar nýjasta lagið þeirra, Indian Summer, var tekið mátti sjá marga hreyfa varirnar með. Stórgóð söngkonan heillaði undirritaða upp úr skónum með sérkennilegri rödd sem poppaði upp indístílinn sem einkennir bandið. Fjölhæfur gítarleikarinn, sem hélt uppi stuðinu á sviðinu milli þess sem hann greip í blásturshljóðfæri, mundaði trommukjuða eða þandi raddböndin, átti þó kvöldið. - trs


FJÖLSKYLDULÍF OG SAMSKIPTI

Fjölskyldur eru margbreytilegar og ímyndin um „hefðbundna“ kjarnafjölskyldu á sannarlega ekki alltaf við.

Bæði fullorðnum og börnum líður stundum eins og þau séu á jaðri fjölskyldunnar, þau efast um hlutverk sitt í henni og hvort þau tilheyri henni í raun.




VAKA-HELGAFELL



Í bókinni fjallar Valgerður Halldórsdóttir um algengar aðstæður í stjúpfjölskyldum, rekur reynslusögur og bendir á leiðir til að takast á við vandamál á uppbyggilegan hátt.

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu




**TÖFRANDI** Mammút spilaði mest ný lög af væntanlegri plötu.

★★★☆☆

**Mammút**
Harpa, Silfurberg

## Töfrandi söngur

Undirrituð hafði ekki hlustað mikið á Mammút fyrir tónleikana. Sveitin náði hins vegar að heilla frá fyrsta lagi með góðum hljóðfæraleik og töfrandi söng og sviðsframkomu söngkonunnar Katrínar. Á dagskránni voru að mestu leyti ný lög af væntanlegri plötu Mammút sem kemur vonandi út á næstunni að sögn Katrínar. Vonandi, því þessi forsmekkur lofaði góðu og sveitin á greinilega margt inni með sínu hlustendavæna indírokki. Sveitinni tókst þó ekki að ná troðfullum salnum fyllilega á sitt band. -áp

★★★☆☆

**Nóra**
Harpa – Norðurljós

## Töluverð þróun

Hljómsveitin Nóra er nýbúin að gefa út plötu númer tvö, en hún var fjármögnuð með frjálsum framlögum. Á meðal gesta á tónleikum sveitarinnar í Kaldalónssal Hörpu á miðvikudagskvöldið voru erlendir gestir sem höfðu tekið þátt í að fjármagna plötuna. Tónlist Nóru hefur þróast töluvert frá fyrri plötunni. Þetta er einhvers konar indípopp. Lögin eru mörg svipuð í uppbyggingu, tónlistin stigmagnast undir lok lags, stundum með mjög flottum árangri. Nóra skilaði ágætum tónleikum í Hörpunni og fékk mikið klapp. Hápunkturinn kom í síðustu tveimur lögunum. - tj

# LÉTTUSTU FERÐATÖSKUR Í HEIMI FÁST Í EYMUNDSSON

## – Umhverfisvænar og spara farangursgjöld




Töskurnar frá IT Luggage Ltd. eru léttustu ferðatöskur í heimi.
Sem dæmi vegur stór taska sem er 63 cm á hæð aðeins 2,44 kg.

Ferðataska 2 hjóla, 45 cm kr. **17.999,-**
Ferðataska 2 hjóla, 55 cm kr. **22.999,-**
Ferðataska 2 hjóla, 63 cm kr. **25.999,-**
Ferðataska 2 hjóla, 73 cm kr. **29.999,-**

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON



5% afsláttur af öllum ferðatöskum fyrir Vildarklúbbsmeðlimi. Skráðu þig í næstu heimsókn.

Eymundsson
Bóksali frá 1872
140
1872-2012

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
5%
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
12 SKYFALL
POWERSÝNING KL. 10 Í 4K
SÝNINGAR Í 4K - KL: 4, 7, 10
12 PITCH PERFECT
FRÁBÆR GAMANMYND
ÍSL TEXTI 7 HOTEL TRANSYLVANIA
Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.
ÍSL TAL L TEDDI

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| SKYFALL | 4, 6, 7, 9, 10(P) | 12 |
| PITCH PERFECT | 5.50, 8, 10.15 | 12 |
| HOTEL TRANSYLVANIA | 4 | 7 |
| TEDDI 2D | 4 | L |

SAMBÍÓIN
UPPLIFÐU NÝJA SAMBÍÓIÐ Í KRINGLUNNI 007

MEÐ JENNIFER LAWRENCE ÚR HUNGER GAMES.
HÖRKU SPENNUTRYLLIR
HOUSE AT THE END OF THE STREET 14
SKYFALL 12

STÓRKOSTLEG MYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
WRECK-IT RALPH
FORSÝND UM HELGINA
Í 2D OG 3D MEÐ ÍSLENSKU TALI
Í 2D MEÐ ENSKU TALI/ÍSL TEXTA

Hope Springs
Entertainment Weekly · New York Observer · Empire · Boxoffice.com
FRANKENWEENIE 7
END OF WATCH 16
LAWLESS
LOOPER 16

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| HOUSE AT THE END OF THE STREET | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 14 |
| HOUSE AT ... VIP | KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| HOPE SPRINGS | KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| FRANKENWEENIE ÍSL. TALI 3D | KL. 4 - 6 - 8 | 7 |
| END OF WATCH | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 16 |
| LOOPER | KL. 8 - 10 | 16 |
| FINDING NEMO ÍSL. TALI | KL. 3:40 | L |
| THE CAMPAIGN | KL. 6 | 12 |
| LAWLESS | KL. 10:20 | 16 |
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 4 | L |
| MADAGASCAR 3 ÍSL. TALI | KL. 3:40 | L |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| HOUSE AT THE END.. | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 14 |
| SKYFALL | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| END OF WATCH | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| HOPE SPRINGS | KL. 5:40 - 8 | L |
| LOOPER | KL. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI 007
UPPLIFÐU NÝJA SAMBÍÓIÐ KRINGLUNNI

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| HOUSE AT THE END OF THE STREET | KL. 11 | 14 |
| SKYFALL | KL. 4 - 5 - 6 - 7 - 8 - 9 - 10 | 12 |
| HOPE SPRINGS | KL. 3:50 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| HOUSE AT THE END OF THE STREET | KL. 8 - 10:20 | 14 |
| HOPE SPRINGS | KL. 8 | L |
| FRANKENWEENIE ÍSL. TALI 3D | KL. 6 | 7 |
| BRAVE HIN HUGRAKKA ÍSL TAL 2D | KL. 6 | L |
| END OF WATCH | KL. 10:20 | 16 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| HOUSE AT THE END OF THE STREET | KL. 11 | 14 |
| SKYFALL | KL. 5 - 8 | 12 |
| HOPE SPRINGS | KL. 8 | L |
| END OF WATCH | KL. 10:10 | 16 |
| BRAVE ÍSL TAL 2D | KL. 6 | L |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ
PITCH PERFECT
FRÁBÆR GAMANMYND
HÁSKÓLABÍÓ
HOTEL TRANSYLVANIA
SKYFALL LÚXUS
H.V.A. - FBL
T.V. - KVIKMYNDIR.IS
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á midi.is
KÍNVERSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ 中国电影节 HÁSKÓLABÍÓ 2.-8. NÓVEMBER

| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | 5% |
|---|---|---|
| PITCH PERFECT | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| HOTEL TRANSYLVANIA ÍSL. TEXTI | KL. 3.40 - 5.50 - 8 -10.10 | |
| SKYFALL | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| SKYFALL LÚXUS | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| TEDDI LANDKÖNNUÐUR | KL. 3.40 | L |
| FUGLABORGIN 3D ÍSL.TAL | KL. 3 | L |
| TAKEN 2 | KL. 10.10 | 16 |
| DJÚPIÐ | KL. 5.50 - 8 | 10 |
| ÁVAXTAKARFAN | KL. 3.30 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | 5% |
|---|---|---|
| PITCH PERFECT | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| HOTEL TRANSYLVANIA ÍSL. TEXTI | KL. 5.50 - 10.30 | 7 |
| THE FLOWERS OF WAR | KL. 7.30 KVIKMYNDAH. | 16 |
| SKYFALL | KL. 6 - 9 | 12 |
| TAKEN 2 | KL. 10.30 | 16 |
| LOVE IS ALL YOU NEED | KL. 8 | L |
| THE DEEP ENSKUR TEXTI | KL. 5.50 | 10 |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| PITCH PERFECT | KL. 8 - 10.10 | 12 |
| SKYFALL | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| DJÚPIÐ | KL. 6 | 10 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio



ICELAND AIRWAVES '12

Miðvikudagur 31. október



**STJARNA**
Agnes Björt, söngkona hljómsveitarinnar Sykurs, náði áhorfendum fljótt og vel á sitt band.

FRÉTTABLAÐIÐ/KLARA

★★★☆☆

**Þórunn Antonía**
Þýski barinn

## Svikin um heilt lag

Fjöldi fólks var saman kominn til að hlýða á poppprinsessuna og tónlistarmanninn Berndsen sem steig á svið með henni. Stemningin í salnum var dauf til að byrja með en andrúmsloftið breyttist þó eftir þrjú lög og allt ætlaði um koll að keyra þegar lagið Too Late byrjaði. Það var eins og liðamíni með votti af stuðdufti hefði verið dreift yfir salinn, því skyndilega voru allir dansandi og syngjandi. Þórunn stóð sig ágætlega á sviðinu en sveik aðdáendur sína þó um heilt lag, tók aðeins fimm lög í stað þeirra sex sem höfðu verið plönuð. - trs

★★★★☆

**Sykur**
Harpa, Silfurberg

## Sykraðir stuðboltar

Ef það eru einhverjir sem kunna að rífa upp stemmingu seint á miðvikudagskvöldi þá eru það ungu stuðpinnarnir í Sykri. Það er eitthvað einlægt og ferskt við þau Kristján, Stefán, Halldór og Agnesi Björt, sem byrjuðu tónleikana á rólegu nótunum en gáfu svo fljótt í. Stjarnan var Agnes Björt sem með flottri sviðsframkomu og hörkurödd náði salnum fljótt á sitt band. Sveitin spilaði lög af plötu sinni, Mesópótamíu, en laumaði þó einu nýju lagi með. Hápunkturinn var þegar þau fluttu smellinn Reykjavík og greinilegt að Sykur hafði vakið áhorfendaskarann með ákaflega hressum tónleikum. - áp

★★★☆☆

**Prins Póló**
Iðnó

## Næstum frábært

Útlendingaskarinn í Iðnó var ekki beint að kveikja á Svavari Pétri Eysteinssyni og föruneyti hans í bandinu Prins Póló. Þau renndu sér beint í tíu mínútna útgáfu af hinu nýja og stórfína lagi Tipp topp og Íslendingarnir tóku strax við sér, enda mjög vel að verki staðið. Svo rak hvert lagið annað fram að lokasmellnum Niðrá strönd (sem útlendir vinir okkar skildu síst allra laganna) og fljótlega var búið að hljóðmúra listilega í allar glufur í húsinu. Allt var þetta samt hálflosaralegt prógramm, sem er synd vegna þess að það vantaði mjög lítið upp á að þetta væri algjörlega frábært. - sh

## HVERJIR VORU HVAR – AIRWAVES

Í Hörpu var margt um manninn á miðvikudagskvöldið enda mörg eftirsóknaverð tónlistaratriði á boðstólnum. Þar mátti meðal annars sjá tónlistarmæðgurnar **Bryndísi Jakobs** og Ragnhildi Gísladóttur njóta sín ásamt markverðinum Birki Kristinssyni. Bryndís er búsett í Danmörku og eignaðist nýverið sitt annað barn en þau fylgdust meðal annars með tónleikum Ojba Rasta.



Íþróttafólkið lét sig ekki vanta á tónlistarhátíðina en knattspyrnukapparnir og Skagamennirnir Hjörtur Hjartarson og Gunnlaugur Jónsson sáust sniglast um ganga Hörpu með bros á vör.

Á þýska barnum var meðal annars **Óli Palli**, tónlistarstjóri Rásar 2, en hann er líklegast á miklu flakki milli tónleikastaða þessa helgina. Þar sá hann Þórunni Antoníu og norsku sveitina HIGHASAKITE.



DRAUMURINN UM VEGINN
3. hluti: Gengið til orða
Kvikmyndabálkur Erlends Sveinssonar um Thor Vilhjálmsson og menningarpílagrímsgöngu hans til Santiago de Compostela á Spáni er nú fullgerður.
Sýningar hefjast á 3. hluta í Bíó Paradís 2. nóv. kl. 20:00. Hver myndhluti verður sýndur í eina viku.
4. hluti sýndur frá og með 9. nóv.
5. hluti sýndur frá og með 16. nóv.
Kynning og stiklur á bioparadis.is

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas
BÍÓ ★ PARADÍS
★★★★★ "Ein besta mynd ársins." - The Observer
★★★★ "Eftirminnileg og skrambi vel heppnuð." Fréttablaðið
PURGE
DRAUMURINN UM VEGINN 3. hluti Gengið til orða
SUNDIÐ
FÖSTUDAGUR: BERBERIAN SOUND STUDIO (16) 18:00, 20:00, 22:00 ■ DRAUMURINN UM VEGINN 3. HLUTI (L) 20:00 ■ PURGE (HREINSUN) (16) 20:00, 22:30 ■ 2 DAYS IN NEW YORK (L) 22:00 ■ SUNDIÐ (L) 18:00 ■ HREINT HJARTA (L) 20:00 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 22:00 ■ KÓNGAGLENNA (EN KONGELIG AFFÆRE) (14) 17:30
AIRWAVES OFF-VENUE 14-20 FÖS-LAU. ÓKEYPIS INN!
SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

Sími: 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus
Ódýrt í bíó
TILBOÐ KL. 4 SKYFALL
ÍSL TEXTI TILBOÐ KL. 4 HOTEL TRANSYLVANIA
TILBOÐ KL. 4 ÍSL TAL TEDDI
LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS



# BUBBI

## ÞORLÁKSMESSU TÓNLEIKAR

Á ÞREMUR STÖÐUM

Í FYRSTA SINN Í HÖRPU

23. DESEMBER

# HARPA

ELDBORGARSALUR

HÚSIÐ OPNAR KL 21:00 TÓNLEIKAR HEFJAST KL. 22.00
MIÐASALA ER HAFIN Á WWW.**MIDI**.IS
MIÐAVERÐ 5.900 KR NÚMERUÐ SÆTI

19. DESEMBER
**Bíóhöllin Akranesi**
MIÐASALA Á WWW.**MIDI**.IS
MIÐAVERÐ **4.900** KR
ÓNÚMERUÐ SÆTI

21. DESEMBER
**HOF Akureyri**
MIÐASALA Á WWW.**MIDI**.IS
OG WWW.**MENNINGARHUS**.IS
MIÐAVERÐ **4.900** KR
NÚMERUÐ SÆTI

MIÐASALA: WWW.**MIDI.IS** // WWW.**HARPA.IS** // WWW.**MENNINGARHUS**.IS

BYLGJAN 989

prime UMBOÐSSKRIFSTOFA

# sport

sport@frettabladid.is



**ATLI EÐVALDSSON** var í gær ráðinn þjálfari C-deildarliðs Reynis í Sandgerði en hann skrifaði undir þriggja ára samning við félagið. Atli þjálfaði íslenska landsliðið frá 2000 til 2003 en gerði einnig KR að Íslandsmeisturum árið 1999. Hann stýrði síðast liði í efstu deild þegar hann tók við Val á miðju tímabili árið 2009.

## ÚRSLIT

### Dominos-deild karla

**Njarðvík - Stjarnan 108-115 (46-50, 89-89, 98-98)**

**Njarðvík**: Elvar Már Friðriksson 36/10 stoðsendingar, Marcus Van 27/27 fráköst, Hjörtur Hrafn Einarsson 23, Ágúst Orrason 13, Maciej Stanislav Baginski 8/4 fráköst, Oddur Birnir Pétursson 1.

**Stjarnan**: Justin Shouse 33/12 stoðsendingar, Brian Mills 24/8 fráköst, Jovan Zdravevski 15, Sæmundur Valdimarsson 13, Marvin Valdimarsson 11/7 fráköst, Kjartan Atli Kjartansson 9, Dagur Kár Jónsson 7, Sigurjón Örn Lárusson 3.

**ÍR - Grindavík 105-99 (44-52)**

**ÍR**: Eric James Palm 35, Nemanja Sovic 24, D'Andre Jordan Williams 14/10 stoðsendingar/5 stolnir, Hreggviður Magnússon 12, Sveinbjörn Claessen 8, Hjalti Friðriksson 8, Þorvaldur Hauksson 4.

**Grindavík**: Samuel Zeglinski 28/5 fráköst, Jóhann Árni Ólafsson 25, Þorleifur Ólafsson 12, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 12/10 fráköst, Aaron Broussard 10/8 fráköst, Ómar Örn Sævarsson 8, Björn Steinar Brynjólfsson 3, Davíð Ingi Bustion 1.

**Keflavík - Fjölnir 91-69 (46-40)**

**Keflavík**: Michael Graion 25/10 fráköst/3 varin skot, Darrel Keith Lewis 22/16 fráköst, Kevin Giltner 12, Magnús Þór Gunnarsson 8/5 stoðsendingar, Almar Stefán Guðbrandsson 6/12 fráköst, Hafliði Már Brynjarsson 5, Valur Orri Valsson 4/5 fráköst/7 stoðsendingar, Snorri Hrafnkelsson 4/5 fráköst, Andri Daníelsson 3, Ragnar Gerald Albertsson 2.

**Fjölnir**: Árni Ragnarsson 18/9 fráköst, Sylverster Cheston Spicer 17/10 fráköst, Tómas Heiðar Tómasson 8, Arnþór Freyr Guðmundsson 6, Róbert Sigurðsson 5, Elvar Sigurðsson 4, Björgvin Hafþór Ríkharðsson 4, Leifur Arason 3, Christopher Matthews 2, Jón Sverrisson 2/5 fráköst.

**Tindastóll - Skallagrímur frestað**

#### NÆSTU LEIKIR

| | |
|---|---|
| **Snæfell - KFÍ** | **í kvöld kl. 19.15** |
| **Þór Þorl. - KR** | **í kvöld kl. 19.15** |

### Undankeppni EM 2014

| | |
|---|---|
| **1. riðill: Spánn - Portúgal** | **34-20** |
| **2. riðill: Þýskaland - Svartfjallaland** | **27-31** |
| **3. riðill: Frakkland - Litháen** | **27-18** |
| **5. riðill: Svíþjóð - Úkraína** | **27-23** |

ÚTSALA
Á KAMÍNUM
25% afsláttur



Líttu við í verslun okkar
eða kynntu þér úrvalið
á heimasíðunni:
www.normx.is
NORMX
Setlaugar & kamínur
Auðbrekku 6 • 200 Kópav. • Sími 565 8899

# Íslendingarnir eiga að draga vagninn fyrir KR

**Böðvar Guðjónsson, formaður körfuknattleiksdeildar KR, segir að menn þar á bæ séu ekki að fara á taugum þrátt fyrir slæma byrjun á vetrinum. Hugmyndafræði KR er að stóla á heimamenn en ekki útlendinga í vetur.**

**KÖRFUBOLTI** KR var spáð titlinum fyrir tímabilið í Dominos-deild karla en það hefur verið lítill meistarabragur á Vesturbæingum í upphafi vetrar. 41 stigs tap á heimavelli fyrir Snæfelli særði stolt KR-inga, sem síðan töpuðu í kjölfarið fyrir 1. deildarliði Hamars í Lengjubikarnum. Í kvöld bíður svo erfiður leikur í Þorlákshöfn gegn Þór.

„Það er engin krísa í Vesturbænum. Menn eru að anda með nefinu enda er mótið rétt að byrja. Það verður enginn meistari í byrjun nóvember. Ef þörf er á verða teknar einhverjar ákvarðanir en þær liggja ekki á borðinu núna," segir Böðvar Guðjónsson, formaður körfuknattleiksdeildar KR.

„Auðvitað taka menn það inn á sig að tapa leikjum. Skellurinn gegn Snæfelli var högg. Það er gott að eiga alvöru leik fram undan svo menn geti snúið þessu við."



**TREYSTIR Á HEIMAMENN** Uppöldu KR-ingarnir og landsliðsmennirnir Helgi Már Magnússon og Brynjar Þór Björnsson eiga að vera í aðalhlutverki hjá KR. Þeir eru hér með Böðvari formanni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Útlendingarnir ekki staðið undir væntingum

Útlendingarnir í liði KR, Keagan Bell og Danero Thomas, hafa engan veginn staðið undir væntingum. Bell hefur til að mynda aðeins skorað tvö stig samanlagt í síðustu tveimur leikjum.

„Útlendingarnir hafa vissulega ekki staðið undir væntingum. Eins og við lögðum þetta samt upp í haust eru útlendingarnir hluti af liðsheildinni. Við vildum ekki útlendinga til að draga vagninn eins og í flestum öðrum liðum þar sem þeir taka 60 til 70 prósent af skotunum.

Það má ekki gleyma því að við erum með þrjá landsliðsmenn í okkar liði og marga aðra lipra íslenska stráka. Ég neita að trúa því að við þurfum tvær kanónur frá Bandaríkjunum til að draga vagninn fyrir okkur. Ég veit að það býr miklu meira í okkar strákum," segir Böðvar um þá hugmyndafræði sem KR er að vinna eftir í vetur, en hún er afar áhugaverð. „Við erum ekki með dýra Kana. Við fengum Helga Má og Brynjar Þór til liðs við okkur og viljum gera eins vel við okkar menn og við getum. Við erum ekki að spara heldur að búa til lið þar sem íslensku leikmennirnir draga vagninn. Kannski gengur það ekki en ég trúi því að strákarnir sýni mér að það sé hægt."

> Við vildum ekki útlendinga til þess að draga vagninn eins og í flestum öðrum liðum.
>
> **BÖÐVAR GUÐJÓNSSON**
> FORMAÐUR KKND. KR

### Rétt ákvörðun að ráða Helga

KR tók þá ákvörðun að gera Helga Má Magnússon að spilandi þjálfara. Helgi hefur enga reynslu af þjálfun og margir settu spurningamerki við þá aðgerð.

„Við erum á því að það hafi verið rétt ákvörðun og stöndum og föllum með henni. Helgi er þrautreyndur landsliðsmaður og sterkur karakter sem allir bera virðingu fyrir. Hann er svo með Gunnar Sverrisson sér til aðstoðar. Þetta eru góðir menn," segir Böðvar og bendir á að undirbúningstímabil KR hafi verið í styttri kantinum út af landsliðsverkefnum. Það hafi sitt að segja. **henry@frettabladid.is**



**GUNNAR HEIÐAR** Hefur slegið í gegn með Norrköping en hér bregður hann á leik á æfingu með íslenska landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Íslenskir landsliðsmenn:

## Þrír á meðal 50 bestu í Svíþjóð

**FÓTBOLTI** Sænska blaðið Expressen birti á vefsíðu sinni í gær úttekt þar sem 50 bestu leikmenn sænsku úrvalsdeildarinnar voru valdir. Þrír íslenskir landsliðsmenn voru þar á meðal – Gunnar Heiðar Þorvaldsson (9. sæti), Alfreð Finnbogason (17. sæti) og Ari Freyr Skúlason (47. sæti).

Gunnar Heiðar er næstmarkahæsti leikmaður deildarinnar en hann hefur skorað sextán mörk fyrir IFK Norrköping sem er í sjötta sæti deildarinnar. Þá er Ari Freyr Skúlason í lykilhlutverki hjá GIF Sundsvall.

Alfreð Finnbogason skoraði tólf mörk í sautján leikjum með Helsingborg, en þar var hann í láni frá belgíska félaginu Lokeren, sem svo seldi hann til Heerenveen í Hollandi. Þar hefur hann farið mikinn og skorað átta mörk í jafn mörgum deildarleikjum. - esá

Hollenska bikarkeppnin:

## Jóhann Berg skoraði tvö

**FÓTBOLTI Jóhann Berg Guðmundsson var á skotskónum með liði sínu, AZ Alkmaar, sem vann 4-1 sigur á D-deildarliðinu Boso Sneek í hollensku bikarkeppninni í gær.**

**Þá skoraði Helgi Valur Daníelsson mark AIK, sem gerði 1-1 jafntefli við Häcken í sænsku úrvalsdeildinni í gær. Með jafnteflinu urðu titilvonir Häcken að engu.** - esá

Guðjón Valur Sigurðsson og Aron Pálmarsson ráða inn mörkum í Höllinni:

# Kóngarnir af Laugardalshöll



**HANDBOLTI** Guðjón Valur Sigurðsson og Aron Pálmarsson voru mennirnir á bak við sigurinn í fyrsta leik handboltalandsliðsins undir stjórn Arons Kristjánssonar. Strákarnir úr Kiel voru saman með 22 mörk í 36-28 sigri á Hvít-Rússum og eins og undanfarin ár hefur verið hægt að treysta á þeir félagar finni fjölina sína í Höllinni.

Guðjón Valur skoraði 11 mörk úr 15 skotum, þar af komu fimm marka hans á síðustu sjö mínútunum og tvö voru af vítapunktinum. Aron nýtti 11 af 18 skotum sínum og komu þau öll utan af velli. Aron skoraði 7 mörk úr 10 skotum á fyrstu 22 mínútum leiksins.

Það heyrist líklega sjaldnast hærra í stúkunni en þegar Guðjón Valur skorar úr einu af sínum háhraða hraðaupphlaupum eða þegar Aron lætur eitt af þrumuskotum sínum þenja netmöskva andstæðinganna.

Guðjón Valur og Aron hafa nú báðir skorað yfir 50 mörk í átta síðustu leikjum Íslands í Laugardalshöllinni og hafa öðrum fremur séð til þess að liðið hefur unnið 7 þessara leikja og ekki tapað neinum þeirra. 46 af þessum 50 mörkum Guðjóns hafa reyndar komið í síðustu fimm leikjum hans þar sem hann hefur aldrei skorað minna en sjö mörk.

Aron er með 43 mörk úr 63 skotum (68 prósent) í sex síðustu leikjum sínum í Laugardalshöllinni en Guðjón Valur hefur skorað 46 úr 58 skotum (79 prósent) í sjö leikjum sínum í Höllinni á sama tímabili.

Guðjón Valur náði að skora tímamótamark í leiknum í fyrrakvöld því hann er nú kominn með 202 landsliðsmörk í húsinu. Guðjón náði þessu í aðeins sínum 33 landsleik í Höllinni og er hann því búinn að skora 6,1 mark að meðaltali í leikjum sínum þar.

Guðjón Val vantar þó enn 34 mörk til að ná Ólafi Stefánssyni, sem skoraði 236 mörk í 53 landsleikjum sínum í Laugardalshöllinni eða 4,5 að meðaltali í leik.

Guðjón lék sinn fyrsta landsleik í Höllinni 2001 og hefur síðan skorað átta mörk eða fleiri í 11 landsleikjum í Laugardalshöllinni, en hann var einu marki frá því að jafna sinn besta persónulega árangur. Guðjón Valur hefur þrisvar náð því að skora tólf mörk í einum leik í Laugardalshöllinni.

Aron Pálmarsson er þegar kominn með 89 mörk í 14 leikjum sínum í Höllinni og því ekki ólíklegt að hann verði kominn í 200 marka klúbbinn með Ólafi og Guðjóni Val eftir nokkur ár. - óój



#### Síðustu sex leikir Arons í Höllinni

| | |
|---|---|
| Sigur á Hvíta-Rússl. | 11 (18 skot) |
| Sigur á Hollandi | 7 (8 skot) |
| Jafntefli við Noreg | 4 (10 skot) |
| Sigur á Finnlandi | 5 (7 skot) |
| Sigur á Austurríki | 8 (9 skot) |

**Samanlagt: 43 mörk**
**(63 skot, 68 prósent skotnýting)**

#### Síðustu fimm leikir Guðjóns Vals í Höllinni

| | |
|---|---|
| Sigur á Hvíta-Rússlandi | 11 (15 skot) |
| Jafntefli við Noreg | 8 (11 skot) |
| Sigur á Finnlandi | 7 (9 skot) |
| Sigur á Austurríki | 8 (10 skot) |
| Sigur á Þýskalandi | 12 (13 skot) |

**Samanlagt: 46 mörk**
**(58 skot, 79 prósent skotnýting)**


Síminn
ICELANDAIR
10-11
Carlsberg
SPORT 2 HD
SKORAR VAN PERSIE
GEGN ARSENAL Á OLD TRAFFORD?
AON
Fly Emirates
FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT
Í SÍMA 512 5100
EÐA Á STOD2.IS
SPORT 2 HD
MAN. UTD.
ARSENAL
LAUGARDAG KL. 12.30
SPORT 2 HD
LIVERPOOL
NEWCASTLE
SUNNUDAG KL. 15.45
ÓMISSANDI LEIKIR FRAMUNDAN
Man. City - Tottenham
11. nóvember
Arsenal - Tottenham
17. nóvember
Chelsea - Liverpool
11. nóvember
Chelsea - Man. City
25. nóvember
FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

> Stöð 2 kl. 20.10

## Spurningabomban

*Logi Bergmann lofar miklu fjöri í Spurningabombunni á Stöð 2 í kvöld. „Þetta er fyrsti hjónaþátturinn í sögu Spurningabombunnar og sennilega sá síðasti," segir Logi. Leikarahjónin Björk Jakobsdóttir og Gunnar Helgason skipa annað liðið og mótherjar þeirra eru Tobba Marinósdóttir og Karl Sigurðsson.*



# dagskrá

## Í KVÖLD



### Footloose

Endurgerð samnefndar myndar frá árinu 1984 og segir frá bæ þar sem rokktónlist hefur verið bönnuð og dans líka. Koma borgarstráks í bæinn umbyltir þó hlutunum, bæjarbúum til mismikillar gleði.

**Leikstjóri:** Craig Brewer.
**Aðalhlutverk:** Kenny Wormald og Dennis Quaid.

Rotten Tomatoes 70% | IMDb 5,5 | RÚV 21.55



### How to Lose Friends & Alienate People

Gamanmynd um ungan breskan rithöfund, Sidney Young. Hann fær vinnu hjá tískutímaritinu Sharps en gengur illa að koma undir sig fótunum og ná saman við samstarfsfólkið.

**Leikstjóri:** Robert B. Weide.
**Aðalhlutverk:** Simon Pegg, Kirsten Dunst og Megan Fox.

Rotten Tomatoes 37% | IMDb 6,5 | Stöð 2 22.35



### Spy Next Door

Fjölskyldumynd með hasarívafi. Fyrrverandi leyniþjónustumaðurinn Bob Ho passar þrjú börn kærustu sinnar og lenda þau í ævintýrum þegar eitt barnið hleður óvart niður leyndum gögnum hryðjuverkamanna.

**Leikstjóri:** Brian Levant.
**Aðalhlutverk:** Jackie Chan, Magnús Scheving og Billy Ray Cyrus.

Rotten Tomatoes 13% | IMDb 5,2 | Stöð 2 BÍÓ 12.25



### Entourage

Verðlaunaþættir um framapot kvikmyndastjörnunnar Vince Chase og félaga hans. Stórstjörnur koma reglulega fram í þáttunum sem eru lauslega byggðir á fyrstu árum Marks Wahlberg í Hollywood.

**Höfundur:** Doug Ellin.
**Aðalhlutverk:** Kevin Connolly, Adrian Grenier og Kevin Dillon.

85/100 | IMDb 8,7 | Stöð 2 GULL 21.45

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Sagnaslóð **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Óskalögin **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Baráttan um Hvíta húsið: Fyrsti þriðjudagur í nóvember **14.00** Fréttir **14.03** Tilraunaglasið **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Ljósa **15.25** Milli línanna **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.47** Auglýsingar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Gullfiskurinn **20.00** Leynifélagið **20.30** Hvað er málið? **21.10** Stakir sokkar **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.05** Hringsól **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.40 Ástareldur (Sturm der Liebe)** Endursýndir þættir vikunnar.
**17.18 Snillingarnir**
**17.42 Bombubyrgið**
**18.10 Táknmálsfréttir**
**18.20 Andri á flandri – Í Vesturheimi** (5:6) (The Deuce) (e) Andri Freyr Viðarsson flandrar um Íslendingabyggðir í Vesturheimi, skoðar áhugaverða staði og heilsar upp á fólk. Með honum í för er tónlistarmaðurinn KK.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Á tali við Hemma Gunn** (Vala Matt) Hemmi Gunn og Þórhallur Gunnarsson rifja upp gamla tíma og kynna á ný gesti sem slógu í gegn í þáttum Hemma á sínum tíma. Gestur þáttarins er Vala Matt.
**20.30 Útsvar** (Fljótsdalshérað – Reykjanesbær) Spurningakeppni sveitarfélaga. Að þessu sinni mætast lið Fljótsdalshéraðs og Reykjanesbæjar. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Brynja Þorgeirsdóttir.
**21.40 Dans dans dans – Keppendur kynntir** Í þættinum eru kynntir þeir keppendur sem stíga á svið á laugardagskvöld.
➤ **21.55 Dansóður** (Footloose)
**23.50 Banks yfirfulltrúi: Eftirleikur** (DCI Banks: Aftermath) (e) Bresk sakamálamynd. Alan Banks lögreglufulltrúi rannsakar dularfullt mannshvarf og morð. Meðal leikenda eru Stephen Tompkinson, Lorraine Burroughs, Samuel Roukin og Colin Tierney. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**01.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.50 500 Days Of Summer**
➤ **12.25 Spy Next Door**
**14.00 Make It Happen**
**15.30 500 Days Of Summer**
**17.05 Spy Next Door**
**18.40 Make It Happen**
**20.10 Monte Carlo**
**22.00 Appaloosa**
**00.00 Field of Dreams**
**01.45 Monte Carlo**
**03.35 Appaloosa**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Ellen** (33:170)
**08.50 Malcolm in the Middle** (4:22)
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (15:175)
**10.15 Sjálfstætt fólk** (25:30)
**10.55 Cougar Town** (20:22)
**11.20 Hank** (5:10)
**11.50 Masterchef USA** (1:20)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Last Man Standing** (1:24)
**13.20 Journey to the Center of the Earth** Íslenska Hollywood-stjarnan Anita Briem leikur aðalhlutverkið í þessari bandarísku ævintýramynd fyrir alla fjölskylduna sem er lauslega byggð á sígildri vísindaskáldsögu Jules Verne, Leyndardómi Snæfellsjökuls.
**14.50 Game Tíví**
**15.15 Sorry I've Got No Head**
**15.45 Tricky TV** (21:23)
**16.05 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** (34:170)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Simpson-fjölskyldan** (11:22)
**19.45 Týnda kynslóðin** (9:24) Skemmtiþáttur í stjórn Björns Braga Arnarssonar og félaga sem fá til sín landskunna gesti í óhefðbundin viðtöl. Gestirnir taka einnig virkan þátt í dagskrárgerðinni í formi innslaga af ýmsu tagi.
**20.10 Spurningabomban** (8:21)
**21.00 The X-Factor** (12:27) Önnur þáttaröð af bandarísku útgáfunni.
➤ **22.35 How to Lose Friends & Alienate People**
**00.25 Ghost Town** Hrollvekja sem spannar tímabilið frá Villta vestrinu og fram til nútímans og fjallar um ótíndan glæpahóp sem gerir samning við djöfulinn um að verða ódauðlegir.
**01.55 Candy** Áhrifamikil mynd með Heath Ledger í hlutverki ungs ljóðskálds sem á í ástarsambandi við unga konu, en sambandið litast af mikilli heróínneyslu.
**03.40 Valkyrie**
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**09.00 Formúla 1: Abu Dhabi, Æfing 1** BEINT
**13.00 Formúla 1: Abu Dhabi, Æfing 2** BEINT
**18.05 Spænsku mörkin**
**18.35 Þýski handboltinn: Flensburg - Fuchse Berlin**
**20.00 Meistarad. Evrópu: fréttaþáttur**
**20.30 La Liga Report** Hitað upp fyrir leikina fram undan í spænsku úrvalsdeildinni.
**21.05 Tvöfaldur skolli** Skemmtilegur golfþáttur þar sem Logi Bergmann og Þorsteinn Hallgrímsson skoða golfíþróttina.
**21.40 UFC Live Events 125** Útsending frá bardagamóti í Las Vegas. Aðalbardaginn er á milli Frankie Edgar og Gary Maynard um heimsmeistaratitil í léttvigt.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**13.50 Sunnudagsmessan**
**15.05 Arsenal - QPR**
**16.45 Wigan - West Ham**
**18.25 Premier League World**
**18.55 Being Liverpool** Innsýn í lífið hjá einu frægasta fótboltafélagi veraldar.
**19.40 Brighton - Leeds** BEINT frá leik í ensku B-deildinni.
**21.45 Premier League Preview Show 2012/13** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar.
**22.15 Aston Villa - Norwich**
**23.55 Brighton - Leeds**

## STÖÐ 2 krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.00 Dóra könnuður**
**08.25 Áfram Diego, áfram!**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.10 Stubbarnir**
**09.35 Strumparnir**
**09.55 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.20 Ævintýri Tinna**
**10.40 Histeria!**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.00 Villingarnir**
**17.25 Xiaolin Showdown**
**17.50 iCarly** (32:45)

## POPP TÍVÍ

**17.05 Simpson-fjölskyldan** Selma, systir Marge, ákveður að ættleiða barn frá Kína og skráir Hómer sem föður þess.
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Glee** (13:22)
**19.00 Friends** (17:24) Ross fer að vera með einum af nemendum sínum og íbúð Rachel og Phoebe brennur.
**19.25 Simpson-fjölskyldan** (20:22)
**19.50 How I Met Your Mother** (4:22) Ted nýtir sé arkitektúrinn til að veiða konur.
**20.10 The Secret Circle** (11:22) Unglingsstúlka flytur til smábæjar í Washington og er tekin inn í leynifélag unglinga sem búa öll yfir óvenjulegum hæfileikum.
**20.55 The Vampire Diaries** (11:22) Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem fellur fyrir strák sem er í raun vampíra og hefur lifað í meira en 160 ár. Hann reynir að lifa í sátt og samlyndi við venjulegt fólk en bróðir hans er ekki alveg eins friðsæll.
**21.35 Pretty Little Liars** (12:25) Fjórar vinkonur búa yfir stóru leyndarmáli.
**22.20 Breakout Kings** (11:13) Lögregluyfirvöld setja saman sérsveit skipaða dæmdum glæpamönnum til að elta uppi fanga sem hafa flúið úr fangelsum.
**23.05 The Secret Circle** (11:22)
**23.45 The Vampire Diaries** (11:22)
**00.30 Pretty Little Liars** (12:25)
**01.15 Breakout Kings** (11:13)
**02.00 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## STÖÐ 2 GULL

**18.15 Doctors** (61:175)
**19.00 Ellen** (34:170)
**19.40 Það var lagið**
**20.40 Idol-Stjörnuleit**
➤ **21.45 Entourage** (6:20) (7:20)
**22.40 The X-Factor** (13:27)
**00.05 Það var lagið**
**01.05 Idol-Stjörnuleit**
**02.05 Entourage** (6:20) (7:20)
**03.00 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Dr. Phil** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**15.15 Parenthood** (5:22) (e)
**16.00 My Mom Is Obsessed** (3:6) (e)
**16.50 Rachael Ray**
**17.35 Dr. Phil**
**18.15 GCB** (9:10) (e)
**19.05 An Idiot Abroad** (7:9) (e) Ricky Gervais og Stephen Merchant eru mennirnir á bak við þennan einstaka þátt sem fjallar um vin þeirra Karl Pilkington og ferðir hans um sjö undur veraldar.
**19.55 America's Funniest Home Videos** (e)
**20.20 America's Funniest Home Videos** (2:44) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
**20.45 Minute To Win It** Einstakur skemmtiþáttur undir stjórn þúsundþjalasmiðsins Guy Fieri. Þátttakendur fá tækifæri til að vinna milljón dollara með því að leysa þrautir sem í fyrstu virðast einfaldar. Bestu vinkonur og systur etja saman kappi.
**21.30 The Voice** (8:15) Bandarískur raunveruleikaþáttur þar sem leitað er að hæfileikaríku tónlistarfólki. Dómarar þáttarins eru þau: Christina Aguilera, Adam Levine, Cee Lo Green og Blake Shelton.
**00.30 Johnny Naz** (6:6) (e)
**01.00 Excused**
**01.25 CSI: New York** (11:18) (e)
**02.15 House** (7:23) (e)
**03.05 A Gifted Man** (9:16) (e)
**03.55 CSI** (3:23) (e)
**04.35 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** World Golf Championship 2012 (1:4) **09.00** World Golf Championship 2012 (2:4) **14.00** Golfing World **14.50** World Golf Championship 2012 (2:4) **18.35** Inside the PGA Tour (43:45) **19.00** World Golf Championship 2012 (2:4) **00.00** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Randver **21.30** Eldað með Holta

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |


# Helgarblað
alla laugardaga




Allt sem þú þarft

## Sjónarhóll fuglsins

Anita Hafdís Björnsdóttir byrjaði að fljúga á svifvæng fyrir fimm árum, heillaðist gjörsamlega, sagði upp vinnunni og hefur síðan verið á flugi hér og þar um heiminn.

**Meðal annars efnis:**

**Á lokasprettinum**
Forsetaframbjóðendur í Bandaríkjunum leggja allt í sölurnar fyrir kosningarnar á þriðjudag.

**Götutíska á Airwaves**
Vel klæddir gestir tónlistarhátíðarinnar leitaðir uppi.






PIPAR\TBWA · SÍA · 123151



*„Ég er á bólakafi í Airwaves og hef sjaldan skemmt mér jafn vel. Í kvöld ætla ég að sjá Apparat Organ Quartet og Half Moon Run. Á laugardaginn spila ég með Sykri í Macland-portinu hjá Sirkus og á Faktorý um kvöldið.“*

Halldór Eldjárn úr hljómsveitinni Sykri.

# Láta reyna á „meikið“ eftir 20 ára hlé

„Okkur fannst tímabært að draga fram þetta nafn í tilefni af Airwaves-hátíðinni og láta reyna á „meikið,“ segir Stefán Hilmarsson kíminn.

Hljómsveitin Beaten Bishops spilar á Spot á laugardagskvöld. Íslendingar þekkja hana betur undir nafninu Sálin en enska heitið var notað þegar sveitin ætlaði að slá í gegn á erlendri grundu í byrjun tíunda áratugarins.

„Árið 1991 fórum við út til Danmerkur að ég held og spiluðum í félagi við aðrar sveitir. Síðasta opinbera giggið var í Ósló eða Stokkhólmi 1992. Biskuparnir lögðu upp laupana þá,“ segir Stefán og brosir í dag að þessum „meik“-draumum. Aðspurður segir hann þennan tíma hafa verið virkilega skemmtilegan. „En við máttum eiginlega ekki vera að því að sinna þessu því það var svo mikið að gera hérna heima.“

Á upphafsárum Airwaves stóð Sálinni til boða að troða upp á hátíðinni en hafði ekki tök á því þá. Síðan hafa þeir félagar beðið þolinmóðir eftir öðru tækifæri en ekkert verið hringt. Þeir ákváðu því að taka málin í eigin hendur og verða rúmlega „off-venue“ í Kópavogi í von um að erlendir útsendarar plötufyrirtækja komi auga á þá.

Á sínum tíma tengdu sumir útlendingar nafnið Beaten Bishops við sjálfsfróun. Stefán kannast við þessa umræðu. „Ég man ekki hver átti þessa nafnahugmynd en ætli það hafi ekki verið ég. Svo var okkur bent góðfúslega á að „bishop“ væri slanguryrði yfir getnaðarlim og „beat the bishop“ væri einhvers konar sjálfsfróun. Þetta var svona eftir á að hyggja ekki alveg besta nafnið,“ segir hann og hlær.

Beaten Bishops gaf út eina plötu á sínum ferli, Where Is My Destiny?, og verða lög af henni í bland við önnur Sálarlög spiluð á Spot. - fb



**„MEIKIÐ“ MISTÓKST** Hljómsveitin Beaten Bishops fyrir um tuttugu árum.






CHIARA: ÉG HEF EKKI UNDAN AÐ SVARA SÍMTÖLUM OG SKILABOÐUM

# Eurovision-drottning í slagtogi með Íslendingum

„Ég hef verið að syngja mikið með Heru Björk um alla Evrópu og ég tók eftir því hvað hún átti í góðu sambandi við Valla, umboðsmanninn sinn. Ég manaði mig loksins upp í að spyrja hvort hann hefði áhuga á að taka mig að sér líka,“ segir maltneska Eurovision-drottningin Chiara Siracusa.

Chiara hefur skrifað undir samning við íslenska útgáfufyrirtækið Hands Up Music, sem er í eigu Valgeirs Magnússonar, eða Valla Sport, og Örlygs Smára Jakobssonar. Saman gáfu þau út sitt fyrsta lag, Forget Forgetting Me, á þriðjudaginn. „Ég hef varla undan að svara símtölum og skilaboðum þar sem fólk er að lýsa yfir ánægju með lagið,“ segir Chiara, en það var frumflutt í sjónvarpsþætti á Möltu á sunnudaginn. Íslendingar ættu að þekkja lagið betur undir heitinu Allt fyrir ástina og í flutningi Páls Óskars Hjálmtýssonar, en það er samið af Örlygi Smára, Niclas Kings og Danielu Vecchia. Chiara segist ekki hafa þekkt lagið áður en þeir Valgeir og Örlygur Smári bentu henni á það. Hún hefur heldur aldrei hitt Pál Óskar, þótt þau deili ást á Eurovision-söngvakeppninni og hafi bæði tekið þátt. „Ég byrjaði ekkert að fylgjast með keppninni af alvöru fyrr en ég tók sjálf þátt árið 1998. Síðan þá hef ég verið mikill aðdáandi og er algjörlega föst í Eurovision-heiminum núna,“ segir Chiara, en hún hefur tekið þátt í keppninni í þrígang fyrir hönd Möltu. Hún segir sigurlagið frá árinu 1987, Hold Me Now með Johnny Logan, hennar uppáhaldslag í keppninni frá upphafi og af íslensku lögunum sé það lag Heru Bjarkar, Je ne sais quoi. „Það lítur kannski illa út því þau eru bæði góðir vinir mínir, en þetta eru í alvöru uppáhaldslögin mín,“ segir hún og hlær.

Aðspurð segir hún Eurovision-ferli sínum vonandi ekki lokið. „Ég er viss um að keppnin á eftir að toga mig til sín aftur í framtíðinni. Mér líður eins og ég eigi enn eitthvað ógert þar,“ segir Chiara og þegar blaðamaður bendir henni á að hún eigi augljóslega enn eftir að fara með sigur af hólmi hlær hún dátt og svarar; „Nákvæmlega.“ Hún segir þó Íslandsheimsókn vera á dagskrá fyrst því hana dreymi um að koma hingað, kynnast landi og þjóð og vonandi taka lagið. tinnaros@frettabladid.is



**ALLT FYRIR ÁSTINA** Chiara hefur gefið út lagið Forget Forgetting Me, sem Íslendingar þekkja betur sem Allt fyrir ástina með Páli Óskari. MYND/EINKAEIGN

### ÞRISVAR Í EUROVISION

Chiara hefur tekið þátt í Eurovision í þrígang fyrir hönd Möltu. Samtals hefur hún fengið 388 stig í keppninni og er því í þriðja sæti yfir stigahæstu keppendur fyrr og síðar, á eftir þeim Dima Bilan frá Rússlandi og Carolu frá Svíþjóð.

**1998** söng hún ballöðuna The One That I Love og endaði í þriðja sæti. Ísland var ekki með þetta árið sökum slaks gengis árið á undan.

**2005** náði hún öðru sætinu með lagið Angel sem hún samdi sjálf. Selma Björnsdóttir fór sem fulltrúi okkar með lagið If I Had Your Love en komst ekki upp úr undankeppninni.

**2009** komst Chiara upp úr undankeppninni með lagið What If We og endaði í 22. sæti í lokakeppninni. Við Íslendingar enduðum í öðru sæti með laginu Is It True í flutningi Jóhönnu Guðrúnar.

# 250 þúsund seld í Frakklandi

Glæpasagan Myrká eftir Arnald Indriðason hefur notið mikilla vinsælda í Frakklandi frá því hún kom út í vasabroti síðastliðið vor og hefur selst í 250 þúsund eintökum á fáeinum mánuðum.

Bókin heitir á frönsku La rivière noire. Hún flaug beint inn á vinsældalistann við útgáfu og var í sautján vikur samfleytt í einu af tíu efstu sætunum. Áður hafði innbundna útgáfan trónað á toppi metsölulista yfir glæpasögur þar í landi.

Von er á Betty eftir Arnald í vasabroti í Frakklandi í næsta mánuði og í febrúar verður bókin Furðustrandir gefin þar út innbundin. Það verður tíunda bókin sem kemur út eftir hann í Frakklandi.

Vinsældir bóka Arnaldar á erlendri grund fara stigvaxandi en nú hafa á áttundu milljón bóka hans selst á heimsvísu. Arnaldur var valinn einn af tíu bestu núlifandi glæpasagnahöfundum í Evrópu af Guardian á síðasta ári og var þar meira að segja efstur á blaði.

Ný bók eftir Arnald, Reykjavíkurnætur, er nýkominn út en hún fjallar um fyrsta mál lögreglumannsins Erlendar Sveinssonar. - fb



**VINSÆLL** Arnaldur Indriðason nýtur mikilla vinsælda í Frakklandi.




# Útgáfuteiti aldarinnar!

**Stuð vors lands, saga dægurtónlistar á Íslandi eftir Dr. Gunna er komin út!**

Af því tilefni ætlum við að fagna útgáfunni í Bókabúð Máls & menningar, Laugavegi 18, föstudaginn 2. nóvember kl. 18:00.

**Ljúfsárar veitingar! 7 landsþekktir leynigestir! Stuðrantur á tilboði!**

„Með þessu stórvirki hefur Gunnar Hjálmarsson ekki einasta reist sjálfum sér glæstan og gullfallega hannaðan bautastein, heldur jafnframt unnið frónskri taktlist ómælt gagn og gaman.“
*Jakob Frímann Magnússon, tónlistarmaður og formaður FTT og STEF.*

„Sá virðingarvottur sem íslensk poppsaga á skilið. Til hamingju Ísland!“
*Óli Palli, Rás 2.*

Iceland Airwaves '12 VÍKING

Við segjum sögur | Bækur/Tónlist/Myndbönd | www.sogurutgafa.is

sögur ÚTGÁFA

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Stebbi og Högni með plötu

Útgáfufyrirtæki Stebba Bongó úr GusGus, Radio Bongo, hefur sent frá sér skífuna Tempest. Um er að ræða samstarfsverkefni **Högna Egilssonar** og Stebba Bongó, sem heitir réttu nafni Stephan Stephensen. Högni gekk einmitt til liðs við GusGus fyrir síðustu plötu sveitarinnar, Arabian Horse, og eftir það ákváðu þeir Stebbi að starfa saman að þessu áhugaverða hliðarverkefni.



### Andrea Jóns leikur Jöru

Tónlistarkonan Jara frumsýndi nýtt myndband í Hörpu í gærkvöldi. Því var leikstýrt af Loga Hilmarssyni og er við lagið Hope sem kom út fyrir nokkru. Myndbandið er fjögurra mínútna langt og fjallar um ævi Jöru. Hún fékk tólf ára stelpu til að leika sig unga og svo útvarpskonuna **Andreu Jónsdóttur** til að leika eldri útgáfuna af sér. Myndlistarmaðurinn Kolbeinn Hugi Höskuldsson leikur pabba hennar. - fb



## Mest lesið vísir

1. Stúlkur frá Asíu streyma til Grænlands
2. Báðu móður fíkils að leyna samkomulagi
3. Steingervingar á Svalbarða voru áður óþekkt sjórisaeðla
4. Ofsaveður á morgun þegar verst lætur
5. Bæjarfulltrúa hótað af lækni
6. New York illa löskuð eftir Sandy





